

NÁTTÚRUFAR Á SELTJARNARNESI

Kristbjörn Egilsson
Sveinn Jakobsson
Ævar Petersen
Jóhann Óli Hilmarsson

Náttúrufræðistofnun Íslands

Skýrsla unnin fyrir Seltjarnarnesbæ
Reykjavík 1991

ÁGRIP

Náttúrufar á Seltjarnarnesi

Landslag á Seltjarnarnesi er með tvennum hætti, annars vegar holt þar sem berggrunnurinn er grágrýtishraun, hins vegar eiði sem mynduð eru úr lausum jarðlögum. Berggrunnurinn er byggður upp af hraunum frá næstsíðasta hlýskeiði ísaldar og er hluti af svokölluðu Reykjavíkurgrágrýti. Jarðhitaborholur gefa vitneskju um eldri jarðsögu svæðisins. Undir hraununum eru sjávarsetlög, strandmyndanir og jökulberg, en neðar eru hraunlög og brotaberg er rekja má til eldstöðvakerfis sem kennt er við Kjalarnes. Mestur hluti Seltjarnarness er nú hulin lausum jarðmyndunum og víða má sjá lausan jökulruðning, t.d. á Valhúsahæð. Strand- og fjörumyndanir eru víða áberandi, en fjörumórinn á Kotagrandi og í Bakkavík er til vitnis um landsig á nútíma. Sérstakt jarðhitasvæði er kennt við Seltjarnarnes, en talið er að þrjú heitavatnskerfi séu undir nesi. Landbrot á Seltjarnarnesi er víða töluvert og öðru hverju hafa orðið töluverðar skemmdir vegna sjávargangs og flóða. Í Bäsendaflóðinu 1799 gekk sjór yfir nesið á rúmlega 500 metra breiðu belti. Rannsóknir benda eindregið til þess að landsig sé verulegt á Seltjarnarnesi, undanfarin árþúsund hefur það sennilega verið á bilinu 0,5-2,5 mm á ári. Þetta svarar til að Seltjarnarnes hafi sigið um 0,6-2,7 m síðan á landnámstíð.

Gróður var kannaður á óbyggðum svæðum í landi bæjarins, sem eru nú aðeins um 1 km² að flatarmáli. Stærstu gróðurlendin eru tún og graslendi, en einnig finnast mólendi, votlendi, melar, flög og strandgróður. Ljóst er að ýmis gróðurlendi sem áður einkenndu svæðið eru nær alveg horfin. Má þar nefna votlendi með mýrum og tjörnum. Innan bæjarmarkanna hafa verið skráðar 140 tegundir háplantna sem er um 32% íslensku flórunnar. Ýmsar tegundir, sem áður voru algengar á nesi, eru nú sjaldgæfar, vegna þess að sífellt stærri hluti af kjörlendi þeirra hefur farið undir byggð. Giljaflækja er eina tegundin á svæðinu sem telja má fágæta á landsvísu.

Miklar upplýsingar liggja fyrir um fuglalíf á Seltjarnarnesi frá síðustu fjörum áratugum. Mun minna er vitað um annað dýralíf. Samantekt sú sem hér birtist byggir að miklu leyti á starfi áhugamanna um fuglaskoðun, sem hafa heimsótt Seltjarnarnes um árabil. Seltjarnarnes er auðugt af dýralífi, einkum opnu svæðin á Framnesinu, fjörur, tjarnir og graslendi iða af lífi. Fuglalífið er sérlega fjölskrúðugt, t.d. í Gróttu, á Bakkatjörn og í Bakkavík, svo og út til sjávarins. Mikið fuglalíf er oft takmarkað við vissa árstíma, en á Seltjarnarnesi á þetta við á öllum tímum árs, á veturna, um fartið fugla vor og haust sem og á sumrin. Um 23 tegundir fugla verpa reglulega á nesi, en um 30 tegundir sjást jafnan yfir háveturinn. Til ársloka 1987 var vitað um 103 fuglategund (og eina deilitegund) sem hafði sést á Seltjarnarnesi. Helstu breytingum á fuglalífi síðustu áratugi er lýst og hverjar séu líklegar ástæður þeirra. Öðru dýralífi, einkum spendýrum, er lýst eftir því sem kostur er.

Umgengni er yfirleitt góð, bæði í fjörum og á grónu landi. Ástand þess villta gróðurs sem er eftir, er yfirleitt gott. Þó er hluti Valhúsahæðar mikið skemmdur eftir akstur vélhjóla. Auk þess er hætt á að síðustu leifar mólendisins á Valhúsahæð og opna svæðið sunnan Skólabrautar verði eyðilagðar. Það yrði til þess að tegundum sem vaxa villtar í bæjarlandinu fækkaði til muna og umhverfið yrði fátæklegra en áður. Mikilvægt er er halda dæmum um þau gróðurlendi sem eftir eru, þannig að fjölbreytni villts gróðurs verði ekki minni í framtíðinni en nú er.

Gróttan er eina friðlýsta svæðið á Seltjarnarnesi, en Valhúsahæð, Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes hafa verið á náttúruminjaskrá síðan 1981. Óbyggðu svæðin hafa mikið útivistargildi og njóta sífellt meiri vinsælda af íbúum nassins. Framnesið er eina heilsteypa, opna svæðið, sem eftir er á Seltjarnarnesi. Lagt er til, að stofnaður verði fólkvangur yst á nesi sem tengir byggðina og friðlýsta svæðið í Gróttu betur saman.

	Bls.
EFNISYFIRLIT	
ÁGRIP	1
EFNISYFIRLIT	2
MYNDASKRÁ	3
TÖFLUSKRÁ	3
1 INNGANGUR	4
2 SVÆÐISLÝSING	5
3 JARÐSAGA SELTJARNARNESS (Sveinn Jakobsson)	7
3.1 Inngangur	7
3.2 Berggrunnur	7
3.3 Borholusnið	7
3.4 Jarðlög á yfirborði	11
3.5 Lausar jarðmyndanir	13
3.6 Jarðhiti	14
3.7 Landbrot	14
3.8 Sjávarstöðubreytingar	16
3.9 Frekari rannsóknir	19
4 GRÓÐURFAR Á SELTJARNARNESI (Kristbjörn Egilsson)	21
4.1 Gróðurfar einstakra svæða	21
4.1.1 Suðurnes	21
4.1.2 Bakkatjörn	23
4.1.3 Nes	25
4.1.4 Ráðagerði - Snoppa	26
4.1.5 Gróttu	27
4.1.6 Valhúsahæð	27
4.1.7 Reiturinn sunnan við Valhúsahæð og vestan Valhúsaskóla	29
4.2 Flóra	30
4.3 Ástand gróðurs og umgengni	30
5 DÝRALÍF Á SELTJARNARNESI (Ævar Petersen og Jóhann Óli Hilmarsson)	32
5.1 Inngangur	32
5.2 Gagnasöfnun	32
5.2.1 Fuglar	32
5.2.2 Önnur dýr	33
5.3 Fuglar	33
5.3.1 Varpfuglar	34
5.3.1.1 Varpfuglar árið 1986	34
5.3.1.2 Þróun varpfuglalífs síðustu áratugi	34
5.3.2 Fartími	38
5.3.3 Vetur	42
5.3.4 Útbreiðsla nokkurra tegunda	47
5.4 Spendýr	47
5.4.1 Selir	47
5.4.2 Hvalir	55
5.4.3 Rottur og mýs	55
5.4.4 Refir og minkar	57
5.5 Ástand dýralífs og frekari athuganir	57
6 NÁTTÚRUVERND (Kristbjörn Egilsson og Ævar Petersen)	58

6.1 Friðlýstir staðir og náttúruminjar	58
6.2 Náttúruminjar á Seltjarnarnesi	58
6.3 Tillögur um framtíðarskipan náttúruverndar	60
6.4 Að lokum	62

7 RITASKRÁ 64

1. VÍDAUKI Flóra Seltjarnarness	69
2. VÍDAUKI Varpfuglar Seltjarnarness	72
3. VÍDAUKI Fuglar Seltjarnarness aðrir en varptegundir	83

MYNDASKRÁ

1. Nokkur örnefni á Seltjarnarnesi	6
2. Sprunguþyrpingar og megineldstöðvar í nágrenni Seltjarnarness	8
3. Jarðlagasnið af Seltjarnarnesi	10
4. Jarðfræðikort af Seltjarnarnesi	12
5. Jarðhitasvæðin á Seltjarnarnesi, Reykjavík og Álftanesi og staðsetning borhola	15
6. Básendaflóðið 9. janúar 1799	17
7. Sjávarstöðubreytingar í Reykjavíkurböfn á tímabilinu 1957-1982	18
8. Hugsanleg lega gömlu (elstu) Seltjarnar fyrir landnám	20
9. Gróðurkort af Seltjarnarnesi	22
10. Skipting rannsóknasvæðis	24
11. Varpdreifing og helstu setstaðir kríu 1986	35
12. Fjörugerðir á Seltjarnarnesi	40
13. Viðkomustaðir vaðfugla á Seltjarnarnesi	41
14. Setstaðir dílaskarfa	48
15. Dreifing æðarfugls í tveimur talningum haustið 1975	49
16. Botndýr í Skerjafirði, fjöldi og dreifing tegunda og einstaklinga	50
17. Botndýr í Skerjafirði, ætluð lífþyngd ífánu og áfánu	51
18. Uppeldisstöðvar æðarunga, og setstaðir hettumáfs- og ritu á Seltjarnarnesi.	52
19. Útbreiðsla sela 1986-87.	54
20. Svæði á náttúruminjasrá	59

TÖFLUSKRÁ

1. Jarðhitaholur á Seltjarnarnesi	9
2. Varpfuglar á Seltjarnarnesi	36
3. Algengustu vaðfuglar og fæðukjörsvæði þeirra	39
4. Fuglar sem hafa sést í talningum að vetrarlagi á Seltjarnarnesi á tímabilinu 1957 - 1986	42
5. Breytingar á fuglastofnum á Seltjarnarnesi um hávetur á tímabilinu 1957-1986	44
6. Nokkrar talningar á selum við Seltjarnarnes á árunum 1975, 1986 og 1987	53
7. Músa- og rottugangur á Seltjarnarnesi 1981-1986	56

1 INNGANGUR

Árið 1986 fór bæjarstjórn Seltjarnarness þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að kannað yrði náttúrufar í landi bæjarins. Tilgangurinn var að fá yfirlit um náttúrufar í bæjarlandinu, ástand þess og mikilvægi, sem síðan mætti nota við framtíðarskipulag. Vinnan byggðist einkum í því að safna saman þeim heimildum sem þegar lágu fyrir, lítils háttar vettvangsferðum og úrvinnslu safnaðra gagna.

Helstu þættir sem skýrslan fjallar um eru jarðsaga, gróðurfar, dýralíf og náttúruvernd. Sagt er frá núverandi stöðu náttúruverndarmála og lagðar fram tillögur um framtíðarskipan þeirra mála.

2 SVÆDISLÝSING

Seltjarnarnesbær stendur á vestasta og ysta hluta hins forna Seltjarnarneshrepps, sem náði frá Gróttu austur að Hólmi (1. mynd). Núverandi bæjarmörk við Reykjavíkurborg eru um Eiðisvík að norðan um Eiðisdældir og Lambastaðamýri að Sækambi eystri við Faxaskjól í Skerjafirði að sunnanverðu (Guðrún Einarsdóttir 1979, Landmælingar Íslands 1988). Í lögsagnarumdæminu eru auk þess Hólmar (Skildinganesbólmar), Lambastaðasker og Löngusker á Skerjafirði, Kerlingarsker og Keppur við Suðurnes, svo og Eiðissker og Selsker á Kollafirði. Akurey, Engey og Viðey voru innan umdæmisins til ársins 1976, er þær féllu Reykvíkingum í hlut við makaskipti á skika á Eiðisgranda.


Flatarmál bæjarins miðað við stórstraumsfjöru er um 2,9 ferkílómetrar. Frá mörkum við Reykjavík að Gróttu eru u.þ.b. 2,4 km. Mesta breidd nessins er um 1 km, en mjóst er það um 500 m.

Nesið er allt láglent. Valhúshæð (31 m y.s.) stendur hæst, en meirihluti landsins er neðan við 15 m hæðarlínu. Inn í ströndina skerast grunnar víkur, vik og varir. Að sunnan má nefna Sandvík og Bakkavík. Milli Suðurness og Gróttu er Seltjörn, sem eins og nafnið ber með sér var áður tjörn, en er nú vík fyrir opnu hafi. Að norðanverðu eru Vatnavík, Vesturvík, Austurvík og Eiðisvík. Fjörur á sunnan- og vestanverðu neginu eru yfirleitt lágar sandfjörur, en stórgrýttara er að norðanverðu. Víðast meðfram ströndinni er búið að hlaða upp gördum til varnar fyrir sjávangangi. Þrjár tjarnir, Bakkatjörn, Búðatjörn og Tjörn í Dal, prýða nesið, en bæjarlækur fyrirfinnst enginn. Bakkatjörn var áður leiruvogur inn úr Bakkavík, en ósnum var lokað um 1960. Við það breyttist hún í ísalta tjörn.

Byggð hefur aukist stórlega á Seltjarnarnesi síðustu áratugi og fólki fjölgað að sama skapi. Segja má, að hver lófastór blettur innan línu frá Ráðagerði um Nýjabæ, Nes og hinn forna Tjarnarstíg til sjávar í Bakkavík sé nú byggður, utan smá skika við Bollagarða, Valhúsaskóla, í Lambastaðamýri og á kolli Valhúshæðar. Mannvirki hafa því sífellt sett meiri svip á umhverfið undanfarna áratugi.

1. MYND

NOKKUR ÖRNEFNI Á SELTJARNARNESI



3 JARÐSAGA SELTJARNARNESS

Sveinn Jakobsson

3.1 Inngangur

Jarðmyndanir á Seltjarnarnesi hafa ekki áður verið teknar til sérstakrar umfjöllunar, þótt fjölmargar heimildir séu til um ýmsa þætti jarðsögu nesses, sjá t.d. Þorleif Einarsson (1974). Eftirfarandi yfirlit er að allmiklu leyti samantekt úr heimildarritum, einkum skýrslum unnum af starfsmönnum ýmissa ríkisstofnana. En nýjar athuganir hafa einnig verið gerðar og nýtt jarðfræðikort af Seltjarnarnesi fylgir með greininni.

Með Seltjarnarnesi er hér átt við núverandi bæjarland, en þetta nafn átti áður fyrr við um allt nesið vestan Elliðavogs. Miðað við meðalhæð sjávar er bæjarlandið 2,1 ferkílómetri, sé hins vegar miðað við stórstraumsfjöru er það um 2,9 ferkílómetrar. Þétt byggð og ýmis önnur mannvirki þekja þar um 1,1 ferkílómetra.

Landslag á Seltjarnarnesi er tvenns konar. Annars vegar eru holtin, þar sem fastur berggrunnur er víðast hvar basalhraun (grágrýti), en einnig hörðnuð setlög. Berggrunnurinn nær 31 m hæð á Valhúsaheð. Holtin eru að verulegu leyti hulin lausum setlögum og jarðvegi. Mestur hluti byggðar er á þessum svæðum: Holt (Valhúsaheð), Suðurnes og Gróttu, sjá örnefnakort að framan í þessu riti.

Hins vegar eru eiðin, milli Eiðisvíkur og Skerjafjarðar, og Bakkavíkur og Seltjarnar. Þar er fastur berggrunnur um eða neðan meðalsjávarborðs. Eiðin er mynduð úr lausum jarðlögum, einkum fjöru- og strandmyndunum, og ná um 6 m hæð yfir meðalsjávarborð. Uppfyllingar og upphleðslur af manna völdum eru víða verulegar. Þykkur jarðvegur, mýrlendi og tjarnir hafa víða myndast á eiðunum.


3.2 Berggrunnur

Seltjarnarnes er skammt utan við hið virka gosbelti sem liggur um Reykjanesskaga. Aðeins 16 km eru í loftlínu frá Valhúsaheð að eldgígnum Búrfelli suðaustur af Hafnarfirði. Engar gosmyndanir frá nútíma er þó að finna á nésinu vestan Elliðavogs (sjá jarðfræðikort Tómasar Tryggvasonar og Jóns Jónssonar 1958), og ekki er líklegt að gjósi í nágrenni þess. Gosbeltið á Reykjanesskaga skiptist niður í eldstöðvakerfi, en þau einkennast af bergsprungum sem margar hverjar hafa gosið hrauni (2. mynd). Það sést glöggst að Seltjarnarnes er utan áhrifasvæðis eldstöðvakerfanna. Í miðju hvers eldstöðvakerfis þróast vanalega megineldstöð með mikilli jarðhitavirkni. Kunnugt er um fornar megineldstöðvar í nágrenni Seltjarnarness, eru þær kenndar við Kjalarnes og Stardal, en hugsanlegt er að sú þriðja hafi verið á sundunum og er kennd við Viðey (2. mynd).

Berglög þau sem sjást á yfirborði á Seltjarnarnesi eru einkum basalhraun er runnið hafa á næstsiðasta eða síðasta hlýskeyði ísaldar. En vel er kunnugt um hin eldri berglög svæðisins, því að í borholum á Seltjarnarnesi má lesa hina fornu jarðsögu, og er vert að rekja fyrst þá sögu í megindráttum.

3.3 Borholusnið

Vegna jarðhitavinnslu voru boraðar sex djúpar holur á Seltjarnarnesi á árunum 1967-1985 (Jens Tómasson o.fl. 1977, Árný E. Sveinbjörnsdóttir o.fl. 1984a, Árný E. Sveinbjörnsdóttir o.fl. 1984b og Hrefna Kristmannsdóttir 1986). Þessar holur liggja sem næst í línu milli Bygggarðs og Bakka (5. mynd). Dýpsta holan er 2701 metri (1. tafla) og er staðsett við Nýjabæ. Jarðlög þau sem koma fram í borholum eru einsleit (3. mynd), þetta eru að mestu hraun og brotaberg úr basalti, en á 800-1000 m dýpi koma fram nokkur dóléritinnskot.




2. mynd Sprunguþyrpingar og megineldstöðvar í nágrenni Seltjarnarness, sbr. jarðfræðikort af suðvesturlandi (Kristján Sæmundsson og Sigmundur Einarsson 1980). Fjórar virkar sprunguþyrpingar (eldstöðvakerfi) sjást, kenndar við Grindavík, Krísuvík, Bláfjöll og Hengil. Miðja hverrar þyrpingar er auðkennd sérstaklega. Óvíst er hvort Kjalarnes- og Viðeyjarmegineldstöðvarnar eru í raun aðskildar.

1. tafla

Jarðhitaholur Seltjarnarnesi (Hrefna Kristmannsdóttir 1986).
Staðsetning holanna er sýnd 5. mynd.

Borholur	Dýpi m	Hmarksafk st, ltrar sek.	Vatnshiti gr. C
Sn-1	1282		
Sn-2	855		
Sn-3	1715	15	101-103
Sn-4	2025	35	111-116
Sn-5	2207	30	90-100
Sn-6	2701	30	115-117



3. mynd Jarðlagasnið af Seltjarnarnesi (Jens Tómasson o.fl. 1977).
Dólerítinnskotum á 800-1000 m dýpi er sleppt. Staðsetning borhola
er sýnd á 5. mynd.

Neðstu jarðlögin (BP2 og BÓ) eru hraun og brotaberg sem myndast hafa á eða við yfirborð fyrir á að gíska 2,5 milljón árum síðan. Líklega verða jarðlögin BP2 til BM rakin til eldstöðvakerfis sem kennt er við Kjalarnes og var virkt fyrir um 2,8 - 1,8 milljón árum síðan (Ingvar B. Friðleifsson 1985). Sjálf megineldstöðin, miðja eldstöðvakerfisins, hefur verið á Kjalarnessvæðinu og þar suður af, og þar hefur hlaðist upp eldfjall, sem bera má saman við Hengilssvæðið (2. mynd). Þegar gosvirknin hafði náð hámarki sínu hefur myndast þar háhitasvæði og stór sigketill. Eldstöðvakerfið hefur líklega teygst sig til suðvesturs um Seltjarnarnes, en þau jarðlög sem þar mynduðust á yfirborði sem hraun, hafa síðan sigið niður eða verið rofin burt. Kjalarneseldstöðvakerfið hefur að öllum líkindum upprunalega verið í Reykjanes-Langjökulsgosbeltinu en hefur síðan færst til vestnorðvesturs af völdum landreks.

Tvö innskotakerfi með keiluberggöngum og basaltinnskotum hafa verið talin tengd rótum Kjalarneseldstöðvarinnar (Ingvar B. Friðleifsson 1985), annað á Þverfells-Kjalarnessvæðinu, en hitt á Viðeyjar-Laugarnessvæðinu. Vel er þó hugsanlegt (Haukur Jóhannesson 1985), að sérstök megineldstöð, Viðeyjareldstöðin, hafi verið virk nokkru seinna (fyrir um 2,4-1,5 mill. árum) þar sem Viðey og Laugarnes eru nú. Jarðlög þau, sem merkt eru BS og BM í jarðlagasniðinu (3. mynd) kunna að eiga uppruna sinn í Viðeyjarmegineldstöðinni. Þess má geta hér, að á Seltjarnarnesi er segulsvið yfir meðallagi (Þorbjörn Sigurgeirsson 1970), og samkvæmt Leiðsögubók fyrir sjómenn við Ísland (1932) eru segultruflanir verulegar milli Seltjarnarness og Kjalarness. Ekki er þó talið að þessi segulöregla sé tengd Kjalarnes- megineldstöðinni (Leó Kristjánsson, munnl. uppl.).

Þegar þessar megineldstöðvar urðu óvirkar fyrir um 1,5-1,8 milljón árum síðan virðist hafa orðið langt goshlé á Innnesjasvæðinu, líklega í allt að 1 milljón ára. Rof var mikið, aðallega af völdum jökla, samfara landsigi. Talið er að fyrir um 0,5 milljón árum hafi landslag í stórum dráttum verið svipað og nú. Á þessu tímabili mynduðust allþykk setlög á Innnesjasvæðinu. Meginhluti þeirra kallast einu nafni Elliðavogssetið, en góð opna í þessi lög er í Háubökkum við Elliðavog (Þorleifur Einarsson 1985). Neðsti hluti Elliðavogssetsins er sjávarset með skeljaleifum, síðan taka við strandmyndanir, árset og jökulberg. Ofarlega í lögum við Háubakka er surtarbrandslag, sem að mestu er þó lítt ummyndaðar móleifar. Elliðavogssetið er talið myndað að mestu á næstsíðasta hlýskeyði, þ.e. fyrir um 130-180 þúsund árum síðan. Undir Seltjarnarnesi eru þessi setlög 38-50 m á þykkt, en nánari sundurgreining á þeim er ekki möguleg.

3.4 Jarðlög á yfirborði

Á stöku stað eru basalthraunlög í Elliðavogssetinu (3. mynd), einkum ofan til, en ofan á setið leggst síðan stafl basalhrauna. Þessi hraun hafa runnið á hlýskeyðum ísaldar. Hraunin eru oftast af dyngjugerð, þau eru frekar þunn og víða beltuð, og bergið er yfirleitt ljósgrátt að lit. Þessi hraun kallast einu nafni Reykjavíkurgrágrýtið, og mynda berggrunn Seltjarnarness. Þykkt hraunstaflans er æði misjafn, en hefur mælst mestur 40 m. Neðsti hluti staflans er brotaberg og bendir það til þess að fyrstu hraunin á Seltjarnarnesi hafi runnið í sjó fram.

Útbreiðsla grágrýtishraunanna á Seltjarnarnesi er sýnd á 4. mynd. Á yfirborði sjást hraunin einungis í fjörum og uppi á Valhúsahæð. Grágrýti hefur komið fram í nær öllum húsgrunnum og borholum á holtunum og lítill vafi er á því að berggrunnur holtanna er grágrýtishraun þótt þau séu að mestu hulin lausum myndunum. Góðar opnur eru í grágrýtishraunin í Hrafnabjörgum á norðurströndinni, og austur af Sandskarði á suðurströndinni. Á þessum stöðum sést að hraunstraumarnir hafa runnið undan halla út frá Valhúsahæð.

Upptök grágrýtishraunanna hafa lengi verið talin í Borgarhólum í Mosfellssveit

4. MYND JARÐFRÆÐIKORT AF SELTJARNARNESI

SKÝRINGAR:

 GRÁGRÝTISHRAUN

 SETLÖG

 FJÖRUMÓR


 LAUS SETLÖG

 ÞYKKUR JARÐVEGUR

 ÞÉTT BYGGÐ, ÝMIS MANNVIRKI

 STEINGERVINGAR

 JÖKULRÁKIR



(sbr. t.d. Þorleif Einarsson 1985), en við nánari athugun virðist það mjög ólíklegt. Árni Hjartarson (1980) hefur bent á að Reykjavíkurgrágrýtið skiptist í að minnsta kosti fimm hrauneiningar en greinir ekki hraunin vestan Elliðavogs í sundur. Af bergsýnum má hinsvegar ráða, að hraunin vestan Elliðavogs eru breytileg að berggerð, þannig að afar ólíklegt er, að um eina hraunmyndun sé að ræða. Einnig má benda á, að hraunin á Seltjarnarnesi eru í 28-30 km fjarlægð frá Borgarhólum, sé miðað við líklega rennislínu. Af samanburði við nútíma gosmyndanir af svipaðri berggerð má ráða, að Borgarhóladyngjan hefði orðið að vera af svipaðri stærð og Skjaldbreiður til að beltuð hraun mynduðust svo fjarri gosstöðvunum, en því fer fjarri að Borgarhólar hafi nokkurn tíma náð þeirri stærð.

Að athuguðu máli má telja líklegt að hraunin í Reykjavík og á Seltjarnarnesi hafi aðeins runnið skamman spöl og séu mynduð á svæðinu. Vel er hugsanlegt að fornar gosstöðvar séu á Valhúsaheð, Engey, Skólavörðuholti og Öskjuhlíð svo nokkur dæmi séu nefnd, en nauðsynlegt er að athuga þetta gaumgæfilega. Reynist þessi tilgáta rétt hafa aðstæður verið svipaðar hvað snertir þéttleika gosstöðva og berggerð, og á vestanverðum Reykjanesskaga á nútíma. Einnig er hægt að bera hugsanlega gosstöðvaþyrpingu á Reykjanessvæðinu saman við eldstöðvakerfið í Grímsnesi. Þar hefur gosið á nútíma, eftir langt goshlé nokkuð fjarri megingosbeltinu, á svæði þar sem megineldstöð var virk fyrir á að giska 1 milljón árum síðan (Kristján Sæmundsson, munnl. uppl.). Nokkuð er óljóst um aldur grágrýtishraunanna í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, en þau eru almennt talin hafa myndast við lok næst síðasta hlýskeiðis (Þorleifur Einarsson 1985), en líklegt er að hraun hafi einnig runnið á síðasta hlýskeiði.

Ofan á hlýskeiðshraununum má víða sjá setlög sem eru all mismunandi ásýndar. Þessi setlög eru þykkust við Fossvog (4-5 m) og eru sambland af strand- og jökulmyndunum (Áslaug Geirsdóttir 1979). Talsvert er af steingerðum skeljum í sjávarsetinu. Fossvogslögin hvíla á jökulrákuðu basalti og margir jarðfræðingar telja þau vera frá síðasta hlýskeiði, það er um 70-100 þúsund ára gömul. Setlög af svipuðum toga má sjá á þremur stöðum á Seltjarnarnesi, við Svartabakka á Suðurnesi, norð-austur af Suðurnesvörðu, og í Kotagrandi við Seltjörn (4. mynd), en einnig á nokkrum stöðum í Reykjavík. Sjávarskeljar hafa fundist á tveimur fyrstnefndu stöðunum. Setlagið við Suðurnesvörðu líkist mjög jökulbergi (Jón Jónsson 1960).

Setlögin á Suðurnesi skiptast í þrennt (Ásgrímur Guðmundsson 1975). Elst er vel harðnað set með dreifðum skeljum og skeljaförum, síðan leggst ofan á það linara set, allgróft, sem víða er krökt af skeljum, en efst er lagskiptur malarkambur, einnig með skeljum og skeljabrotum. Vel er hugsanlegt að tvö neðstu lögin séu af sama aldri og Fossvogslögin, en malarkamburinn gæti verið frá síðjökultíma eða nútíma. Alls hafa þarna verið greindar 19 tegundir skeldýra, allt tegundir sem lifa við strendur landsins í dag. Við Austurvík sést þunnt, óreglulegt setlag á milli grágrýtishrauna, en óvíst er um aldur þess. Í húsgrunni við Norðurströnd vestan við bensínstöðina fundust fyrir nokkrum árum lin setlög sem hvíla á jökulnúnu grágrýti. Mikið er af skeljum í þessum lögum og er líklegast að þau séu frá því snemma á nútíma.

Á Seltjarnarnesi má víða sjá jökulrákir, einkum á grágrýtishraununum. Á 4. mynd eru sýnd stefna jökulráka á sex stöðum. Líklegt má telja að jökull síðasta jökulskeiðs hafi valdið þessum rákum, en meðalhreyfingarstefna hefur verið um 46 gr. fyrir vestan norður.

3.5 Lausar jarðmyndanir

Eins og fram kemur á jarðfræðikortinu (4. mynd), er mestur hluti Seltjarnarness hulinnt lausum jarðmyndunum. Víða má sjá leifar af lausum jökulruðningi, til dæmis á Valhúsaheð. Þessi ruðningur er væntanlega frá lokum síðasta jökulskeiðs. Aðrar lausar jarðmyndanir eru frá nútíma, þ.e. yngri en 10-12

púsund ára. Strand- og fjörumyndanir eru mest áberandi í Bakkagranda og Kotagranda, og sennilega er töluverður hluti Eiðisins milli Eiðisvíkur og Skerjafjarðar úr samskonar efni (6. mynd). Meðalþykkt jarðvegs er sennilega á bilinu 1-1,5 metri, hann er víða sandborinn og mörk hans gagnvart strandmyndunum og jökulurð eru víða óglögg. Á jarðfræðikortinu (4. mynd) er sýnt hvar jarðvegurinn er þykkastur.

Fjörumór sem aðeins kemur fram við fjöru, hefur fundist á Kotagrandi í Seltjörni og í Bakkavík (4. mynd). Þessi fjörumór hefur myndast ofan við flóðmörk og er til vitnis um hækkun sjávarborðs, eins og síðar verður getið. Fjörumórin í Seltjörni hefur verið rannsakaður allitarlega (Sigurður Þórarinnsson 1956, Jón Jónsson 1956 og Þorleifur Einarsson 1956). Móinn er að finna sjávarmegin við Kotagrandi sunnantil, á 500 metra kafla, breidd er um 10-50 metrar. Allmjög hefur gengið á móinn vegna sjávangangs og mótafs en hann er nú allt að 2 metrar á þykkt. Aldursgreining (Guðmundur Kjartansson, Sigurður Þórarinnsson og Þorleifur Einarsson 1964) gefur til kynna að mórin hafi tekið að myndast fyrir um 9000 árum, og hann var enn að myndast fyrir 3000 árum síðan samkvæmt öskulagatali (Þorleifur Einarsson 1956). Mórin í Bakkavík er mun þynnri, oft um 10-30 cm á þykkt, en þekur mun stærra svæði en mórin í Seltjörni. Líklegt má teljast að hér sé um að ræða hluta af sama mósvæðinu, sem myndast hefur í hinni fornu Seltjörni.


3.6 Jarðhiti

Sérstakt jarðhitasvæði er kennt við Seltjarnarnes og er eitt fjögurra jarðhitasvæða á höfuðborgarsvæðinu (Jens Tómasson o.fl. 1977). Auk Seltjarnarnessvæðisins eru Laugarnessvæðið, Elliðaársvæðið og Álftanessvæðið. Lega jarðhitasvæðanna er sýnd á 5. mynd, þar sem gefinn er til kynna reiknaður vöxtur hitans í gr. C á km. Hér þarf að gæta þess að þessir reikningar eru byggðir á mælingum í efstu 200 m borholanna, þar sem aukning hitans niður á við er lang mest. Hér er um að ræða dæmigerð lághitasvæði, þar sem hiti vatnsins er lægri en 150 gr. C á eins kílómetra dýpi. Að uppruna er jarðhitavatnið úrkoma sem seitar niður á 2-4 km dýpi, hitnar þar og streymir síðan til yfirborðs um bergsprungur. Ekki er talinn vera neinn samgangur á milli jarðhitasvæðanna. Samsætumælingar benda til þess að jarðhitavatn Seltjarnarness sé ættað af landssvæðinu vestur af Langjökli, en hafi síðan runnið samsíða eldgosbeltinu til suðvesturs. Umfangsmiklar eðlisviðnámsmælingar hafa verið gerðar á suðvesturlandi (Lúðvík Georgsson 1985) og styðja þær samsætumælingarnar um rennislísiðir heita vatnsins.

Jarðhitaborholur eru nú orðnar sex á Seltjarnarnesi, og hafa fjórar þeirra verið nýttar að undanfögnu, holur Sn 3,4,5 og 6. Í 1. töflu eru sýnd hámarksafköst hverrar borholu og vatnshiti. Rannsóknir benda til þess að í berggrunninum sé þrjú heitavatnskerfi (Hrefna Kristmannsdóttir 1986). Efsta kerfið nær niður á 600 m dýpi í suðurhluta svæðisins, en niður á um 400 m í norðurhlutanum, vatnshiti er þar 60-70 gr. C. Annað kerfi er í norðurhlutanum á 400-1500 m dýpi, þar er vatnshiti 80-100 gr. C. Þriðja heitavatnskerfið er á 1500-2700 m dýpi og gefur af sér 130 gr. C heitt vatn. Vatnið er tiltölulega klóríðríkt, og hefur klóríðstyrkur vatnsins farið vaxandi síðan nýting vatnsins hófst 1970. Talið er fullvíst að dælingar úr holunum hafi í för með sér að sjór streymir inn í berggrunninn og blandist þar jarðhitavatninu.

3.7 Landbrot

Landbrot er töluvert á Seltjarnarnesi. Alvarlegast er það á ströndinni milli Lambastaðagrandi og Sandskarðs, og milli Ráðagerðisvarar og Mýrarhúsatanga. Í skýrslu Fjarhitunar (1983) er úttekt á landbroti á Seltjarnarnesi og víðar á Reykjanesskaga. Þar er nákvæm lýsing á allri strandlengjunni, og settar eru fram tillögur um úrbætur.



5. mynd Jarðhitasvæðin á Seltjarnarnesi, Reykjavík og Álftanesi og staðsetning borhola (Hrefna Kristmannsdóttir 1986). Kortið sýnir vöxt hitans (hitastigul) í efstu 200 metrum jarðskorpunnar, (Jens Tómasson o.fl. 1977), reiknað í gr. C á km.

Samkvæmt fornum og nýjum heimildum hafa öðru hverju orðið töluverðar skemmdir á Seltjarnarnesi vegna sjávargangs og flóða. Miklar skemmdir urðu t.d. 29. október 1936 vegna brims og sjávarflóða, en þá er sagt að sjór hafi gengið yfir Seltjarnarnes og skemmt hús og hey (Veðráttan 1936). Hinn 6. febrúar 1970 urðu skemmdir vegna roks og sjávargangs og kjallaraíbúð fylltist af sjó (Veðráttan 1970). Hinn 1. janúar 1984 urðu einnig skemmdir vegna sjávargangs, einkum í Lambastaðahverfi þar sem sjór flæddi inn í hús, og á varnargarðinum milli Suðurness og Gróttu (óbirt skýrsla Bæjartæknifræðings Seltjarnarness).

Svokallað Básendaflóð hinn 9. janúar 1799 hefur hinsvegar þá sérstöðu, að það er eitt mesta stormflóð sem sögur fara af á suðvesturhorni landsins. Hér hefur farið saman stórstraumsflóð, veðurhæð, lágur loftþrýstingur og áhlaðandi. Á Seltjarnarnesi er talið, að sjór hafi gengið um þremur metrum (5 álum) hærra en í venjulegu stórstraumsflóði (Sigurður B. Sívertsen 1971). Fyrir innan Lambastaði gekk sjór þvert yfir nesið og var Seltjarnarnes þannig aðskilið frá meginlandinu a.m.k. meðan háflóð var. Flóðið er talið hafa verið rúmlega 500 metra (300 faðma) breitt og var ófært mönnum og hestum.


Meðalstórstraumsflóð er 2,2 m ofan við núlllínu hæðarkerfisins, þannig að Básendaflóðið hefur náð rúmlega 5 m hæð samkvæmt þessum heimildum. Á 6. mynd er sýnt hvernig flóðið hefur gengið yfir eiðið (skyggt svæði). Töluverður hluti eiðsins var í um 3 m hæð, og lítill hluti aðeins fyrir neðan þá hæð. Við byggingaframkvæmdir undanfarna tvo áratugi hefur verið fyllt upp Reykjavíkurmegin, þannig að yfirborð er þar nú ekki neins staðar lægra en u.þ.b. 4,5 m. Ekki hefur verið fyllt upp Seltjarnarnesmegin þótt varnargarðar hafi verið gerðir á nokkrum stöðum.

Hér má geta þess að bóndabýli á Seltjarnarnesi virðast áður fyrr öll hafa verið vel ofan við 5 m hæðarlínuna, nema e.t.v. Eiði, sem mun hafa staðið í um 3,5 m hæð norðan á nesinu (6. mynd).

3.8 Sjávarstöðubreytingar


Töluvert hefur verið ritað um sjávarstöðubreytingar hér á landi, og er sú saga kunn í aðalatriðum síðustu 12-14 þúsund árin. Rannsóknaniðurstöður frá Seltjörn eru meðal helstu gagna um sjávarstöðubreytingar á suðvesturlandi (Sigurður Þórarinnsson 1956, Þorleifur Einarsson 1956 og Jón Jónsson 1956). Þar sem mór myndast ekki í sjó er fjörumórinn til vitnis um hækkað sjávarborð síðan hann var í myndun. Kísilþörungagreiningar sýna að fjörumórinn í Seltjörn hefur myndast í ósöltu eða lítt söltu vatni, og virðist sjávarborð hafa hækkað um a.m.k. rúma 4 metra síðan mórinn tók að myndast fyrir um 9000 árum síðan. Ennfremur má álykta að sjávarborð hafi hækkað a.m.k. 2 metra síðan efsta lag mósins myndaðist fyrir um það bil 3000 árum. Hvortveggja eru lágmarkstölur. Niðurstaða þessara athugana er sú, að sjávarborð hafi hækkað á Seltjarnarnesi a.m.k. að jafnaði rúmlega 1/2 mm á ári undanfarin nokkur þúsund ár. Mæld hækkun sjávarborðs getur stafað bæði af auknu vatnsmagni sjávar (eustatískum breytingum), og landsigi. Líklegast er talið, að á því tímabili sem hér um ræðir sé aðallega um landsig að ræða.

Sjómælingar Íslands hafa mælt meðalsjávarborð í Reykjavíkurhöfn síðan 1957 (7. mynd). Þessar mælingar gefa til kynna, að meðalsjávarborð hafi að jafnaði hækkað um 3,5 mm á ári á þessu tímabili. Meðalhækkun sjávarborðs hefur víða um heim á undanförunum áratugum mælst um eða yfir 1 mm á ári (Bruun 1985), og er talið að hér sé um raunverulega hækkun sjávarborðs að ræða vegna bráðnunar jökla (eustatískar breytingar). Það er því hugsanlegt að raunverulegt landsig á Seltjarnarnesi á fyrrnefndu tímabili sé allt að 2,5 mm á ári. Vert er að benda á, að skekkjumörk við útreikninga og mælingar af þessu tagi eru töluverð. Hinsvegar verður ekki komist hjá að álykta að verulegt landsig hefur verið á Seltjarnarnesi undanfarin árþúsund, sennilega á bilinu 0,5-2,5 mm á ári að



6. mynd Bäsendaflóðið 9. janúar 1799. Skyggða svæðið sýnir flóðasvæðið, en áætlað er að flóðið hafi náð 5 metrum upp fyrir meðalsjávarborð. Einnig er sýnd lega Eiðistjarnar og Lambastaðatjarnar (dökk skyggð svæði), en nú hefur verið fyllt upp í þessar tjarnir.

7. MYND



7. mynd Sjávarstöðubreytingar í Reykjavíkurhöfn á tímabilinu 1957-1982, samkvæmt mælingum Sjömælinga Íslands (Bruun 1985).


jafnaði. Þetta svarar til þess að Seltjarnarnes hafi sígið um 0,6-2,7 m síðan sögur hófust hér á landi. Þetta er svipað landsig og hefur mælst í Hornafirði, en þar er talið að land hafi að jafnaði sígið 3-4 mm á ári síðan á 14. öld (Jón Jónsson 1985).

Seltjörn hefur fyrst verið lokað fyrir sjó, og flestir þeir sem um Seltjörn hafa fjallað hafa gert ráð fyrir að tjörnin hafi enn verið lokað fyrir sjó á landnámstíð, en raunar er óvarlegt að fullyrða um það. Á Innnesjum eru grunsamlega mörg tjarnarnöfn notuð um stöðuvötn þar sem gætir sjávarfalla, eða grunnar vikur sem eru vel opnar til sjávar. Það virðist hugsanlegt að til forna hafi tjarnarnafnið einnig verið notað um lón þar sem tengsl voru til sjávar á flóði, eða þar sem sjávarfalla gætti. Líkur eru fyrir því að Seltjörn hafi verið opin til hafsins er Reykjavíkurmáldagi var ritaður 1379 (Trausti Einarsson 1946).

Á 8. mynd er gerð tilraun til að sýna legu gömlu (elstu) Seltjarnar. Þess var getið hér að ofan að mórinn í Seltjörn og í Bakkavík væri sennilega sama myndunin. Gamla Seltjörn hefur því ekki aðeins náð út að Seltjarnarrífi heldur einnig langt út í Bakkavík. Ágangur sjávar hefur smám saman orðið þess valdandi, að aftakakamparnir hafa færst innar, og núverandi Bakkatjörn er því það sem eftir er af hinni gömlu Seltjörn. Hér er líklega komin skýringin á því hversvegna ýmsar gamlar heimildir kalla Bakkatjörn Seltjörn.

3.9 Frekari rannsóknir

Eins og fram kemur í þessari úttekt þá er jarðsaga Seltjarnarness og höfuðborgarsvæðisins um margt forvitnileg. Tímabært virðist að Seltjarnarnesbær, Reykjavíkurborg, og e.t.v. fleiri sveitarfélög sameinist um ítarlega rannsóknaráætlun á jarðsögu Innnesja. Vinna þarf til hlítar úr fyrirbyggjandi gögnun, en einnig þarf að rannsaka betur ýmsa þætti jarðsögunnar. Viðbótarrannsóknir ættu í fyrsta lagi að beinast að ítarlegri könnun á Elliðavogseti, Fossvogslögum og lausum jarðmyndunum, einkum með tilliti til steingervinga- og aldursákvarðana, í öðru lagi að könnun á Reykjavíkurgrágrýtinu, einkum uppruna hraunanna, og í þriðja lagi að frekari könnun á landsigi og áhrifum þess.



8. mynd Hugsanleg lega gömlu (elstu) Seltjarnar fyrir landnám, en gert er ráð fyrir að fjörumórinn bæði í Seltjörn og Bakkavík hafi myndast í gömlu Seltjörn. Aftakakampar gætu hafa legið um Seltjarnarrif, og þvert yfir Bakkavík. Útlínur nessins miðast við meðalstórstraumsfjöru. Lega Eiðistjarnar og Lambastaðatjarnar er einnig sýnd. Verulegur hluti berggrunns eiðisins er neðan meðalsjávarhæðar.

4 GRÓÐURFAR Á SELTJARNARNESI

Kristbjörn Egilsson

Svæðið sem hér er fjallað um eru síðustu óbyggðu spildurnar í landi bæjarins og nalgast það að vera 1 km² að flatarmáli.

Landið er allt láglent og úthafsloftslag ríkjandi, þ.e. rök vindasöm sumur og tiltölulega hlýir umhveypingasamir og snjóléttir vetur. Gróðurfur mótast mjög af þessum umhverfisþáttum. Auk þess hefur búseta haft mikil áhrif á gróðurfarið. Fyrstu aldirnar vegna landbúnaðar, en á þessari öld vegna ýmissa annarra framkvæmda, aðallega þéttingar byggðar.

Vettvangsferðir vegna gróðurannsóknna voru farnar sumarið 1987, en svæðið hafði ekki verið rannsakað áður svo kunnugt sé. Gengið var um svæðið svo sem kostur var og plöntutegundir skráðar ásamt lýsingum á gróðurlendum. Niðurstöðurnar eru birtar í þessari skýrslu sem var skrifuð síðla vetrar 1988 og endurskoðuð haustið 1990.

Á 9. mynd er hægt að sjá skiptingu nessins í gróðurlendi. Þar sést að á mestum hluta þess er ýmskonar graslendi og tún. Melar og mólendi eru á hluta Valhúsahæðar. Votlendi er við Bakkatjörn og í Dældum. Önnur gróðurlendi eru það lítil að flatarmáli að þau koma ekki fram á kortinu. Má þar nefna strandgróður og flög.

Til þæginda var rannsóknasvæðinu skipt í 7 hluta (10. mynd). Byrjað er á Suðurnesi (1), síðan farið á svæðið umhverfis Bakkatjörn (2), þá á túnin sem umlykja Nesstofu (3), á svæðið vestan og norðan við Ráðagerði (4), í Gróttu (5), á Valhúsahæð (6) og loks svæðið sunnan við Valhúsahæð (7). Fjallað er um ástand gróðurs og umgengni. Kafli er um flóru svæðisins og birtur er flórulesti, sem er skrá yfir þær tegundir sem skráðar hafa verið á nesinu eða safnað og eru varðveittar í plöntusafni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

4.1 Gróðurfur einstakra svæða

4.1.1 Suðurnes

Mestur hluti Suðurness er golfvöllur og á stórar spildur, sem voru áður undir fiskitrönur, var ekið mold fyrir skömmu og sáð í grasfræi. Auk þess tóku kartöflugarðar, hestagirðing og tún sitt pláss, en hafa nú verið lögð undir golfvöll. Segja má að einungis fjaran og fjörukamburinn séu nokkurnvegin náttúruleg hvað gróðurfur varðar (1. svæði á 10. mynd).


Gengið var á Suðurnes frá Bakkagrandi skammt frá Ósi. Þarna verða fyrst fyrir sléttir melgresisflákar með túnvingli, fjöruarfablettum og túnfíflalákum. Viða eru húsapuntsbreiður, njólar á stangli, en tágamura og baldursbrá í jöðrum. Vallarsveifgras er auk þess nokkuð áberandi ásamt kattartungu og lokasjóði. Bjúgstör finnast á stöku stað.

Nokkru sunnar er hestagirðing. Þar voru þrjú sælleg hross á beit (sumarið 1987), en gróður aftur á móti illa troðinn og bitinn. Þetta svæði kallast Dældir (eða Dalur). Þar er snotur tjörn umkringd lófæti, sem auk þess nær að vaxa langt út í tjörnina. Á milli má sjá skriðlíngresi og mýrasauðlaukur er víða áberandi. Lengra frá tjörninni er þýft graslendi með túnvingli, brennisóley, lokasjóði, tágamuru, kúmeni, túnfíflum og klóelftingu. Sumsstaðar má sjá mjaðurt, fjalldalafífil og krossmöðru. Á smá blettum er rakara og þar vaxa votlendistegundir, t.d. mýrastör, klófifa og hrafnafífa.

Austan og vestan við Dældir hækka landið. Þar voru áður fiskitrönur, sem nú hafa verið fjarlægðar, en mold ekið yfir og sléttuð úr. Þessar moldir eru nú vaxnar sáðgresi. Sunnan við Dældir voru hins vegar kartöflugarðar og umhverfis

9. MYND

GRÓÐURKORT AF SELTJARNARNESI



þá dafnaði húsapunktur vel.

Vestan við veginn sem liggur að golfvellið voru hús (horfin 1990) og afgirtur túnblettur (æfingasvæði lögreglu) og virðist hann njóta friðunar. Á nyrðri hluta túnsins eru túnvingull og blávingull ríkjandi, en ýmsar blómplöntur prýða auk þess völlinn. Má þar nefna hrafnaklukku, gulmöðru, hvítmöðru, krossmöðru, blóðberg, maríustakk og brennisóley. Aðrar áberandi tegundir eru klóelfting, týtulíngresi, vallhæra og hvítmári. Syðri hluti túnsins var betur sprottinn og leit svo út sem hann hefði fengið áburð. Þarna ríkir hálidagras með áðurnefndum grösum, ásamt túnsúru, túnfíflum og miklu af brennisóley. Rétt vestan við girðinguna er gulvíðirunni að vaxa upp úr sverðinum og náði 15-20 sm hæð. Hann er annars sjaldséður villtur á nesinu. Graslendi nær síðan að gömlu skotbyrgi vestast á nesinu. Sunnar eru svo sléttar flatir golfvallarins aðallega vaxnar sáðgresi.

Norðanvert á Suðurnesi er lítt gróin hnúllungafjara. Ofan við hana er fjörुकambur þar sem baldursbrá, túnvingull, túnfíflar, tágamúra, klóelfting blálilja og hrímblaðka komast vel á legg. Sama er að segja um fjöruna á sunnanverðu nesinu. Hún er yfirleitt stórgrýtt og lítt gróin. Á milli steina má þó finna blálilju, sjávarfitjung, vallarsveifgras, tágamuru og baldursbrá. Ofan við fjöruna við Urðir er malarkambur, eða svæði sem hafa verið hækkuð af mannavöldum til að forðast ágang sjávar. Þar er nokkuð fjölbreyttur gróður t.d. húsapunktur, túnvingull, hjartarfi, skarífífill, skriðsóley, túnfíflar og baldursbrá. Fallegur og samilega gróinn malarkambur er við Helguvík. Búðagrandi og Búðatjörn eru austast á nesinu. Grandinn er vel gróinn, enda áburður nægur af driti fugla, einkum kríu. Þar vaxa baldursbrá, hrímblaðka, fjöruarfi, húsapunktur, vallarsveifgras, blálilja, fjörúkál, brennisóley, túnfífill og tágamúra. Botngróður í tjörninni er lítill sem enginn.

Undir Svartabakka er sendin smáhnúllungafjara. Þar er fremur gróurlítið en þó má finna fláka af hrímblaðka og nokkuð af fjörúkáli. Í minna mæli eru baldursbrá, túnsúra, túnfíflar, tágamúra, vallarsveifgras og húsapunktur.

Með jöðrum golfvallarins, áður en komið er í fjöruna, eru sumsstaðar spildur þar sem gróður er fjölbreyttari en inni á vellið sjálfum. Þarna vaxa einkum túnsúra, skarífífill, húsapunktur, túnvingull, gulmaðra, kattartunga, tágamúra, túnfíflar, vallarsveifgras, lokasjóður, snarrótarpuntur, hálmgresi, umfeðmingur, klóelfting, engjavöngur, gullvöndur og geldingahnappur.


Á Suðurnesi voru skráðar 73 tegundir háplantna auk ættkvísla túnfífla og undafífla.

4.1.2 Bakkatjörn

Svæðið sem hér verður lýst og umlykur Bakkatjörn markast af Bakkagrandi, Kotagrandi, Neströðum og Tjarnarstíg. Gengið var rangsælis umhverfis tjörnina og ferðin hafin við suðvestur enda hennar (2. svæði á 10. mynd).

Að suðvestan þar sem Bakkagrandi og Kotagrandi mætast er breiðast frá vegi að tjörn. Þar ríkir graslendi í sendnum jarðvegi. Helstu tegundir eru húsapunktur, melgresi, skriðlíngresi og tágamúra. Aðrar áberandi tegundir eru lokasjóður, mýrasauðlaukur, njóli, túnvingull, vallarsveifgras og klóelfting. Nær tjörninni er votlendislág, en þar ber mest á skriðlíngresi, tágamuru, mýrastör, hnjáliðagras og lófæti ásamt hálmgresi, gulstör, hrafnaklukku og vætuskúfi (vætusefi).

Vegurinn út að golfvelli liggur síðan þétt með suðurbakka tjarnarinnar. Í vegkantinum má finna ýmsar tegundir, t.d. baldursbrá, fjöruarfa, fjörúkál, hjartarfa og vallhumal. Sunnan við veginn er Bakkagrandi og utan við hann er falleg sandfjara. Grandinn er vel gróinn og breiðastur þar sem vegurinn bugðast næst tjörninni. Þar ríkir víða melgresi, en aðrar tegundir eru einnig



áberandi. Má þar nefna vallarsveifgras, brennisóley, krossfífil, fjöruarfa, hlaðkollu, blóðarfa, hóffífil, tágamuru, haugarfa, skarífífil, maríustakk, ætihvönn, holurt, kattartungu, klóelftingu, augnfró, skriðsóley, skriðlíngresi, snarrótarpunt, silfurhnapp og hálmgresi. Austar er grandinn mjórri og þar ríkir húsapuntur, njóli, baldursbrá, túnvingull, vallhumall og þistill. Sjálf fjaran er breið sandfjara. Þar er lítið um gróður nema efst í fjörunni, undir grandanum, en sjór nær sjaldnast þangað upp.

Norðan vegar og austan við Bakkatjörn að byggð er 20-40 m breið gróin spilda. Þar ríka snarrótarpuntur og túnvingull. Sumsstaðar eru blettir þar sem mikið vex af lokasjóði, gullvendi, engjavendi, hnúskakrækli, umfeðmingi, mýrasóley og augnfró.

Handan við spilduna er lægð (Rás) sem er beint framhald af Bakkatjörn og tengdi hana fyrrum við Seftjörn. Seftjörn er nú horfin undir hús. Þessi lægð er líklega stærsta votlendið sem eftir er á Seltjarnarnesi. Í blautustu lænunum eru lófótur, gulstör og mýrastör ríkjandi tegundir. Þarna má einnig sjá hrafnafífu, klófífu, hófsóley, skriðlíngresi, vætusef, mýrasauðlauk og knjáliðagras.

Norðan við lænuna er Hestastykki. Landinu hallar niður að lænunni sem áður var nefnd og hefur það verið ræst fram. Þarna er núna þrælbitið þýft graslendi. Áberandi tegundir eru túnsúra, skarífífill, mýrasóley, brennisóley, lokasjóður, tágamura, gulstör, maríustakkur, gleym-mér-ei, hvítmári og vallhæra. Grastegundir eru allar bitnar niður í rót. Eftirfarandi tegundir fundust: vallarsveifgras, túnvingull, hálíngresi, varpasveifgras, snarrótarpuntur, vallarfoxgras og háliðagras. Einnig má nefna vellelftingu, haugarfa, gulmöðru, vallhæru, túnfífla, njóla, baldursbrá, skriðsóley og blóðarfa. Á þessari upptalningu má sjá að tegundasamsetningin er nokkuð fjölbreytt. Á mörkum Hestastykkis og Neströðar er girðing. Við hana vex gróskumikill þistill, umfeðmingur og giljaflækja.

Vestan við Hestastykki er Tjarnartún. Í því eru fjórir skurðir, en samt sem áður er svæðið nokkuð rakt. Það sést m.a. á tegundasamsetningunni. Næst tjörninni má t.d. finna bletti með mýrastör, mýradúnurt, hófsóley, hrafnaklukku, klófífu og gulstör.

Með norðurbakka tjarnarinnar vaxa mýrastör og vætusef á blettum ásamt hálmgresi, skriðlíngresi, tágamuru, knjáliðagrasi og gulstör. Um það bil 10 metra frá tjarnarbakkanum er kantur sem markar Kotatún. Á honum vaxa skógarkerfíll, kúmen, ætihvönn, njóli, túnfíflar, túnsúra, lokasjóður, brennisóley o.fl. tegundir.

Að lokum var farið til suðurs meðfram Kotagrandi. Í hann hefur verið ekið stórgrýti til styrktar. Sjávarmegin (Seltjarnarmegin) er slétt ógróin sandfjara. Efst á grandanum þeim megin má finna blómlegar fjörujurtir svo sem fjörukál, fjöruarfa, melgresi og blálilju. Fyrir innan grandann er fingerður sandur og gróður gisinn. Þar vaxa melgresi, húsapuntur, fjöruarfi, baldursbrá, tágamura, túnvingull, vallarsveifgras, baldursbrá, blálilja, blóðarfi og fjörukál. Nær Bakkatjarnarbakkanum er gróður þéttari á 2-3 m breiðu belti. Þar ríka túnvingull, vallarsveifgras og tágamura. Í fjöruborði Bakkatjarnar vex hins vegar skriðlíngresi, lófótur, vætusef, hrafnaklukka og hálmgresi.

Í nágrenni Bakkatjarnar voru skráðar 78 tegundir háplantna auk ættkvíslar túnfífla.

4.1.3 Nes

Umhverfis Nesstofu eru stór tún sem markast af byggð að austan, Neströðum að sunnan, Knútsborgarvegi að vestan og Nýjabæ að norðan (3. svæði á 10. mynd). Þau eru flest slegin. Helstu tegundir sem í þeim vaxa eru túnvingull,

háliðagras, vallarsveifgras, hvítmári, túnsúra, brennisóley, skarífifill, túnfíflar, lokasjóður, hálíngresi, snarrótarpunktur, vallarfoxgras, klóelfting og haugarfi.

Á Nesstofuhlaðinu og við niðurnídd útihús má sjá hlaðkollu, hjartarfa, húsapunt, brennisóley, skriðsóley, varpasveifgras, njóla, blóðarfa, túnvingul, haugarfa, tágamuru, baldursbrá, mariustakk og túnsúru.

Sunnan við stofuna vex stór breiða af blóðkolli (*Sanguisorba officinalis*). Þetta er vel þekkt lækningajurt, eins og tegundarheitið *officinalis*, sem þýðir lyfjabúð, bendir til. Ættkvíslarheitið *Sanguisorba* er dregið af latnesku orðunum *sanguis* sem þýðir blóð og *sorbere* er merkir að draga eða drekka í sig (Jóhannes Lid 1974 og Ágúst H. Bjarnason 1983). Gömul íslensk nöfn benda einnig til lækningamáttar plöntunnar t.d. blóðdrekkur, blóðjurt og kveisujurt (Steindór Steindórsson 1978). Oddur Hjaltalín (1830) telur upp ýmsa kvilla sem jurtin getur læknað, einkum blóðgang og lífsýki (niðurgang). Hann segir m.a. að urtin hafi barkandi og styrkjandi kraft. Að duft af rótinni stilli lífsýki og blóðgang. Og að sé því stráð í skurði stilli það blóðrás. Því má geta sér þess til að lækna sem hér höfðu aðsetur, hafi ræktað þessa jurt á staðnum og e.t.v. einhverjar fleiri og nýtt þar til lækninga. Því væri ekki úr vegi að halda blóðkollinum við á þeim stað þar sem hann vex nú.

Á Nestúnum og nágrenni voru skráðar 24 tegundir háplantna auk ættvíslar túnfífla.

4.1.4 Ráðagerði - Snoppa

Þetta svæði er norðvestasti hluti nessins. Það markast að austan og sunnan af Efratúni og Knútsborgarvegi, en að vestan og norðan af ströndinni. Mestur hluti þess er tún og kartöflugarðar. Einnig fer land undir fiskitrönur og fiskverkunarhús (4. svæði á 10. mynd).

Túnin næst Ráðagerði, þ.e. Norðurtún og Vesturtún voru óbitin og vel sprottin. Áberandi voru gul blóm brennisóleyjar og skarífífils, rauð blóm túnsúru og biðukollur túnfífla. Af grastegundum má nefna túnvingul, vallarsveifgras, hálíngresi, háliðagras og snarrótarpunt. Einnig var nokkuð af klóelftingu. Vestar er túnið hins vegar beitt hrossum. Þar er brennisóley mjög áberandi, enda sneiða hrossin hjá henni. Aðrar tegundir sem mikið ber á eru: túnvingull, hálíngresi, varpasveifgras, hvítmári, túnfíflar, skarífifill, haugarfi, vallarsveifgras, lokasjóður, vegarfi, maríustakkur, hrafnaklukka, kornsúra og túnvingull.

Vestan við túnin á Snoppu, eru fiskitrönur sem enn eru notaðar við skreiðarverkun. Undir þeim er allvel gróið. Gróðurinn er lágvaxinn og troðinn, en talsvert kröftugur eins og vill verða á slíkum stöðum. Þarna vaxa húsapunktur, brennisóley, túnfíflar, haugarfi, hjartarfi, vallarsveifgras, baldursbrá, varpasveifgras og njóli.

Kartöflugarðar eru í Litlulaut og Stórulaut sunnan við túnin. Umhverfis þá er graslendi með húsapunti, túnvingli, vallarsveifgrasi, brennisóley, krossmöðru o.fl. tegundum. Meðfram Knútsborgarvegi, beggja megin, eru fallegar breiður af skógarkerfli og sumsstaðar í jöðrum hans vex giljaflækja innan um annan gróður.

Sjávarkamburinn vestast á þessu svæði kallast einu nafni Bakkar, sem svo skiptast í Vesturbakka og Ráðagerðisbakka. Vesturbakki er stórgrýttur og lítt gróinn. Innan við hann er fíngerður sandur. Þar dafnar melgresi ágætlega ásamt fjörukáli, baldursbrá, njóla, túnfíflum, vallhumli, tágamuru, húsapunti, vallarsveifgrasi, kattartungu og vegarfa. Innan við Bakka, í Dal, er nú búið að aka miklu af jarðvegi (árið 1990) og þar með eyðileggja það gróðurfélag sem þar dafnaði svo ágætlega.

Niður af Bökkum sjávarmegin (Seltjarnarmegin) er falleg sandfjara. Efst í henni er mikill og vöxtulegur fjörugróður, t.d. melgresi, fjöruarfi, fjörukál, hrímblaðka, blálilja og baldursbrá. Með norðurströndinni allt að Bygggarði finnst samskonar fjörugróður, en fjaran er þar víða stórgrýttari.

Milli Norðurtúns og sjávar er mjó óræktuð ræma. Þar vex giljaflækja á a.m.k. þremur blettum innan um vallhumal, klóelftingu, húsapunt og túnsúru. Auk þess vex hún á smá blettum við Knútsborgarveg, í Litlulaut og við Nestraðir. Þessi jurt hefur aðeins fundist á þremur öðrum stöðum á landinu (Stefán Stefánsson 1948, Hörður Kristinsson 1986 og Kristbjörn Egilsson 1989) sjá kafla 4.3 flóra.

Á svæðið við Bygggarða hefur verið ekið nokkru af jarðvegi, sem nú er næstum allur gróinn. Þar má sjá mjög fallegar breiður af skógarkerfli og húsapuntur, skriðsóley, baldursbrá, ætihvönn og túnfíflar eru gróskuleg. Algeng eru háliðagras, vallarsveifgras og túnvingull, en auk þess vaxa þarna blóðkollur, gleym-mér-ei, hóffifill og þrenningarfjola.

Austan við Bygggarð er Vatnavík. Þar er nú slétt túnvingulsflöt í stað náttúrulegs gróðurs. Stutt þar frá er aðfluttur malarhöll vaxinn þistli, baldursbrá, skriðsóley, njóla, húsapunti, klóelftingu og þrenningarfjolu.

Á þessu svæði voru skráðar 47 tegundir háplantna auk ættkvíslar túnfífla.

4.1.5 Gróttu

Gróttu er lítil eyja fremst á nesinu sem tengist landi með Gróttugranda (5. svæði á 10. mynd). Gengt er í eyjuna á fjöru eftir þessum granda. Vegna landsígs hefur strandlengjan umhverfis eyjuna að mestu verið hlaðin upp. Eyjan er því eins og grunn skál og er hún feikivel gróin og gróskuleg. Tegundir eru hins vegar tiltölulega fáar og gróðurlendi fábreytt. Eyjan var áður nær öll ræktað tún með grastegundum, sem nú eru óðum að víkja fyrir tvíkímblöðungum. Með ströndinni er fjörugróður.

Þar sem gengið er á eyjuna frá landi, að austanverðu, eru varnargarðarnir lágstir. Neðst er hnúllungafjara, en ofan við hana er belti með þroskamiklum fjöruþlöntum, t.d. blálilju, hrímblöðku, fjöruarfa, fjörukáli, baldursbrá og túnvingli. Ofan við þetta belti vaxa melgresi, húsapuntur og ætihvönn. Þar sem ströndin hefur verið hlaðin upp hafa fjöruþlönturnar á nokkrum stöðum náð að festa rætur í hleðslunni.

Innan við varnargarðinn er graslendi. Þar ber mest á húsapunti, hálíngresi og víða eru umfeðmingsflækjur áberandi með sínum bláu blómum. Aðrar algengar tegundir eru túnsúra, túnfíflar, skarífifill, túnvingull, kattartunga, maríustakkur og vallarsveifgras. Háliðagras finnst á stöku stað, en það er sáðgresi sem líklega var ríkjandi í túninu meðan það var enn í rækt. Í lögð nyrst á eyinni, líklega í svokallaðri Norðurlaut, vaxa sjávarfítjungur og kattartunga. Bendir það til að sjór nái inn í lautina endrum og eins. Spánarkerfill vex við austurgöfl íbúðarhússins.

Í Gróttu voru skráðar 32 tegundir háplantna auk ættkvíslar túnfífla.

4.1.6 Valhúsahæð

Valhúsahæð er hæsti staðurinn á nesinu, þó hann sé aðeins í 31 m hæð yfir sjó. Skólabraut markar nú jaðar hæðarinnar að austan, sunnan og vestan, en götuendar að norðan. Byggðin þrengir sífellt meir að hæðinni (6. svæði á 10. mynd). Stærstu gróðurlendin eru graslendi og lítt gróinn melur. Jafnframt má finna mólendistorfur og votlendisbletti. Gróður og jarðvegur eru víða illa farin vegna vélhjólaksturs, einkum á háhæðinni.

Gangan hófst við kirkjuna sem er í norðausturhorni hæðarinnar. Þaðan var

haldið til suðurs og vesturs með Skólabraut, síðan farið á Klappir, háhæðin skoðuð og endað við kirkjuna.

Sunnan við kirkjuna og nokkuð suður eftir hæðinni með Skólabraut er hálfgróinn melur, þar sem holurt, túnvingull og blóðberg eru áberandi. Á milli eru sumsstaðar grónari flákar með meiri jarðvegi, sem minna á að hér var áður betur gróið, líklegast mólendi. Þarna vaxa núna vallelfting, krossmaðra, gulmaðra, túnfíflar, blávingull, vallhæra, axhæra og vallarsveifgras. Á móts við hús nr. 15 og 17 er húsapuntsbreiða. Í skjóli hans vaxa krossmaðra, hvítmaðra, gulmaðra, klóelfting, vallhumall, kattartunga, gleym-mér-ei og umfeðmingur. Á melnum sunnan við þessa breiðu eru fallegir flekkir af ljónslappa.

Nálægt húsi nr. 19 breytist gróðurfarið. Þar tekur við fallegt mólendi, sem virðist að mestu vera óspillt af umgangi manna og aðkomnum gróðri. Hér má því finna ýmsar plöntutegundir í náttúrulegu umhverfi sem annars eru sjaldséðar á nesinu. Má þar nefna gráviði, þursaskegg, blóðberg, gulmöðru, hvítmöðru, blávingul, túnvingul, klóelftingu, mosajafna, krossmöðru, krækilyng, vallhæru, axhæru, móasef, brjóstagrás, gullmuru, lógresi, friggjargras og mýrfjólu. Ýmsar tegundir mosa er þarna að finna og fléttur virðast dafna nokkuð vel, svo sem ormagrös, maríugrös, kræða, engjaskófir, fjallagrös og nokkrar tegundir náskyldar þeim.

Á nokkrum stöðum má sjá hvernig hæðin er notuð til að losna við uppgröft, jarðveg og rusl úr gördum. Í þessu sambandi má nefna aðkeyrðan moldarbing vaxinn húsapunti og túnfíflum gegnt húsi nr. 31. Á móts við hús nr. 37-39 hefur auglýsing verið hreyft við jörðu eða efni flutt á staðinn. Þarna ríkjá klóelfting og grös ásamt slæðingi af þrenningarfjólu, ætihvönn, hálidagrasi, húsapunti, njóla, vætudúnurt, krossfífl og garðabrúðu. Sumar ofantaldra tegunda auk nokkurra garðplantna, t.d. regnfangs, prestafífls, ljósutvítannar og kattarauga stinga nokkuð í stúf við villtan gróðurinn í næsta nágrenni.

Við Gerði (á móts við hús nr. 47) eru húsarústir. Þær eru nokkuð troðnar. Þarna er vallelfting ríkjandi ásamt krossmöðru, túnvingli, túnsúru, túnfíflum, maríustakki, hálidagrasi, vallhumli og brennisóley.

Viða á þessum slóðum eru lítil leir- eða moldarflög. Þau eru oftast rakari en landið umhverfis og í þeim er því önnur tegundasamsetning. Þar vaxa flagahnoðri, skriðlíngrasi, blómsef, mýrasauðlaur, hárleggjastör, klóelfting, kornsúra, lyfjagrás, hnúskakrækil, skeggsandi, fjallapunktur og mýrasef.

Á móts við hús nr. 57 er mýrablettur. Þar dafna klófífa, belgjastör, sérbylisstör, mýrasef, mýrastör, kornsúra, týtulíngrasi, lyfjagrás, blávingull, snarrótarpunktur og brjóstagrás.

Vestast á Valhúsahæð er fallegt klapparholt (Klappir). Á milli klappanna er víða gróið en sumsstaðar eru flög. Gróna landið er yfirleitt graslendi með túnsúru, krækilyngi, maríustakki, kornsúru, gulmöðru og kattartungu. Sumsstaðar sprettur ætihvönn. Þar sem grunnur jarðvegur hefur náð að myndast ofan á klöppinni er mólendi með grasviði, þursaskeggi, kornsúru, vallhæru, blávingli, túnvingli, blóðbergi, stinnastör, mosajafna, lógresi, lyfjagrasi, gullmuru, ljónslappa, bláberjalýngi og hvítmöðru. Í rökum lögðum vaxa hins vegar hrossanál, bjúgstör, belgjastör, brjóstagrás, mýrastör, klófífa og hrafnaklukka.

Austan við Klappir er slétt graslendi. Áberandi eru túnvingull, vallhæra, axhæra, hvítmaðra og gulmaðra. Hér er landið einsleitt og liggja beinar rásir eftir því frá austri til vesturs. Bendir það til að landið hafi verið plægt eða herfað fyrir löngu. Sunnar er graslendið þýfðara og tegundir fleiri. Þarna vaxa hálmgrasi, túnvingull, vallarsveifgras, túnsúra, njóli, maríustakkur, skarífífill, vegarfi, baldursbrá, holurt, gleym-mér-ei og

háliðagras. Á þessum slóðum eru nokkrar fallegar breiður af umfeðmingi og þistill.

Enn sunnar, þegar nálgast Læknisgötu er lítt gróinn melur. Hann er notaður sem æfingasvæði fyrir vélhjól og er því allur uppspólaður og sundurtættur. Gróður er því gisinn, en á "eyjum" milli hjólfaranna má finna á stangli holurt, blóðberg, kattartungu, móasef, geldingahnapp, túnvingul, blávingul, ljónslappa, ólafssúru, hvítmöðru og axhæru.

Umhverfis útsýnisskífuna er mólendi með krækilyngi, grasviði, hvítmöðru, gulmöðru, ljónslappa, vallefthingu, túnvingli og krossmöðru.

Eftir að þetta var skrifað hefur verið lagður stór grasvöllur efst á hæðina og skammt þar frá eru aðrar framkvæmdir í gangi. Suðvestan í hæðinni er hafin bygging húsa. Svæði þar sem villtur gróður getur dafnað hefur því minnkað til muna. Þó má segja að lítið sem ekkert hafi enn verið hróflað við mólendinu. Það er því enn hægt að varðveita það ef vilji er fyrir hendi.

Á Valhúsahæð voru skráðar 94 tegundir háplantna auk ættkvísla túnfífla og undafífla.

4.1.7 Reiturinn sunnan við Valhúsahæð og vestan Valhúsaskóla
Reiturinn er beint framhald Valhúsahæðar til suðurs, en Skólabraut skilur á milli. Hallar reitnum lítillega að sjó (7. svæði á 10. mynd). Efst er fallett grýtt holt, sámilega gróið. Neðar er graslendi sumsstaðar nokkuð blautt, enda var þarna áður mýri sem var ræst fram. Vestast á þessum reit voru íbúðarhús í smíðum.

Svo sem áður sagði er holtið allvel gróið. Þar má finna fjöldamargar mólendis-, vallendis- og graslendistegundir á tiltölulega litlu svæði. Segja má að þarna kenni ýmissa grasa. Má þar nefna vallhumal, blóðberg, gulmöðru, kornsúru, vallhæru, axhæru, blávingul, túnvingul, geldingahnapp, vegarfa, hnúskakrækil, hvítmára, snarrótarpunt, túnfífla, grasviði, hrafnaklukku, kattartungu, maríuvönd, fjalldalafífil, hvítmöðru, mosajafna, jakobsfífil, gullmuru, músareyra, skeggsanda, brjóstagras, þursaskegg, ljónslappa, lambagras, holurt, vallefthingu og krækilyng.

Viða eru lítil flög með nokkuð annarri tegundasamsetningu en gróna landið umhverfis. Má þar nefna hnúskakrækil, skeggsanda, músareyra, skriðlíngresi, axhæru, klóelftingu, blávingul, flagahnoðra, augnfró, naflagras, skurfu, mýrasauðlauk og blómsef.

Á þessum slóðum og einnig nokkru neðar hefur verið plantað einhverju af erlendum trjá- og blómplöntum með fremur lélegum árangri. Hirði ég ekki að telja þær upp.

Þegar neðar dregur í brekkuna tekur við graslendi og syðst hefur spilda verið ræst fram. Þar má sumsstaðar, einkum austast, finna leifar af votlendi og þeim jurtum sem ríktu á staðnum áður en hann var ræstur fram. Má þar nefna gulstör, mýrastör, hálmgresi, hófsóley, mýradúnurt og klófífu. Einnig eru á milli tegundir sem ekki eru eins rakakærar, t.d. brennisóley, skarífífill, týtulingresi, snarrótarpuntur, túnsúra og klóelfting. Sumarið 1990 var búið að aka jarðvegi yfir hluta svæðisins og slétta úr honum. Skurðirnir eru vel grónir og þar vaxa m.a. mjaðurt og stjörnuarf. Vestar tekur síðan við hefðbundið graslendi með háliðagras, vallarfoxgrasi, vinglum, sveifgrösum og língrösum, njóla og mjaðurt. Þarna er víða það mikill raki í jörðu að hrossanál, engjarós og hrafnafífa ná sér upp á smá blettum.

Á götuhorninu á mótum Bakkavarar og Suðurstrandar eru húsapuntsbreiður, melgresi og þistill.

Neðan vegar (Suðurstrandar) er Sandvík. Það hefur nú að mestu verið fyllt upp með jarðvegi og rusli. Hér eru því bæði fjaran og sjávarbakkinn eyðilögð og rúin náttúrulegum gróðri. Sama er að segja vestur með allri strandlengjunni að Bakkagrandi.

Á svæðinu voru skráðar 93 tegundir háplantna auk ættkvísla túnfífla og undafífla.

4.2 Flóra

Háplöntur voru skráðar á gönguleiðum um nesið. Einnig var leitað í eldri heimildir (Ingólfur Davíðsson 1939 og Hörður Kristinsson handrit). Þær reyndust fáar og lítt nothæfar fyrir þennan lista. Ástæðan er sú að örnefnið Seltjarnarnes var yfirleitt notað um stærra svæði en núverandi bæjarland, þannig að sjaldnast er ljóst í þessum heimildum hvort plantan er skráð innan eða utan núverandi bæjarmarka.

Í 1. viðauka aftast í þessari skýrslu er listi yfir þær tegundir sem skráðar voru í landi Seltjarnarnesbæjar sumarið 1987. Þar er að finna 140 tegundir auk ættkvísla túnfífla og undafífla. Samkvæmt Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986) er talið að 438 tegundir vaxi á landinu öllu. Innan bæjarmarka Seltjarnarness finnast því um 32 % íslensku flórunnar. Hlutfallið virðist fremur lágt, en þegar lítið er til þess að landsvæðið er lítið, landslag einhæft, gróðurlendi fá og byggð tiltölulega þétt, þá er það furðu hátt.

Hafa ber í huga að listi sem þessi er sjaldnast tæmandi. Tegundir geta farið framhjá skoðanda á göngu um svæðið, fyrir utan það að gönguleiðir eru aldrei svo þéttar að svæðið verði allt fínkemt, einkum þegar tími er naumur. Einnig geta tegundir sem áður fundust á svæðinu verið horfnar vegna breytinga á landsháttum sérstaklega þar sem byggð er að vaxa.

Oftast er erfitt að segja til um með nokkurri vissu hversu algengar tegundir eru á tilteknu svæði, nema því sé skipt í reiti og tegundir skráðar kerfisbundið innan þeirra. Slík skráning er bæði tímafrek og dýr og þess vegna sjaldan kostur að vinna á þann hátt. Þó er ljóst að tegundir eru misalgengar. Margar finnast víða, flestar eru nokkuð algengar og tiltölulega fáar eru sjaldgæfar, hvort sem miðað er við svæðið eða landið í heild. Á Seltjarnarnesi eru ýmsar mólendistegundir sjaldgæfar, þó þær séu annars algengar á landsvísu. Þetta stafar af því hversu mólendið er sjaldgæft innan bæjarmarkanna.

Giljaflækja er eina tegundin á svæðinu sem telja má fágæta á landsvísu. Hún er aðeins fundin á þrem öðrum stöðum á landinu, þ.e. í Mýrdal, Gilsbakka í Borgarfirði og á Reykjanesi (Stefán Stefánsson 1948, Hörður Kristinsson 1986 og Kristbjörn Egilsson 1988).

4.3 Ástand gróðurs og umgengni

Í heild má segja að ástand gróðurs sé harla gott. Hér verður þó bent á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga og bæta má úr.

Hrossabeit var a.m.k. í þremur hólfum (árið 1987). Gengur hún nærri gróðrinum og þar er mikið traðk. Í þessu sambandi má nefna svæðið umhverfis tjörnina í Dældum, sem æskilegt er að friða fyrir beit.

Ljóst er að ýmis gróðurlendi sem áður einkenndu svæðið eru nær alveg horfin. Má þar nefna votlendi með mýrum og tjörnum. Auk þess er hætta á að síðustu leifar mólendisins á Valhúsað og opna svæðinu sunnan Skólabrautar verði einnig eyðilagðar. Það yrði til þess að tegundum sem vaxa villtar í

bæjarlandinu fækkaði til muna og umhverfið yrði fátæklegra en áður.

Umgengni er yfirleitt góð. Rusl er allajafna lítið bæði í fjörum og á grónu landi.

Að Valhúsa-hæð steðjar mestur vandi. Hluti hæðarinnar er nú þegar mikið skemmdur af vélhjólaakstri. Einnig nota sumir svæðið sem losunarstað fyrir garðarusl. Slikt mun breyta gróðurfarinu á hæðinni smá saman. Nýjar plöntutegundir skjóta rótum, oft innfluttar stórgerðar tegundir. Þær ná yfirhöndinni og kaffæra villtan gróður.

Bent er á að óbyggðu svæðin sem eftir eru á nesinu hafa mikið útivistargildi. Á ferðum mínum um svæðið sumarið 1987 varð mér ljóst hversu margir notuðu svæðið til gönguferða, skokks og náttúruskoðunar, sama á hvaða tíma dagsins var. Miklar líkur eru á að svæðið verði enn vinsælla síðar meir.

Óbyggðu svæðin sem ekki eru á náttúruminjaskrá eru ekki sérstök á landsvísu hvað gróðurfar varðar. Hins vegar setja þau mjög sterkan svip á nesið og ímynd þess og íbúarnir virðast kunna að meta það eins og áður var vikið að. Má í þessu sambandi nefna túnin umhverfis Nesstofu og Ráðagerði og ekki síður hinar stóru breiður skógarkerfilsins, sem skartar hvítum bómum langt fram eftir sumri. Skilyrðislaust ber að vernda blóðkollinn við Nesstofu og blettina þar sem giljaflækjan vex.

Að lokum er vert að benda á að nú þegar augu þéttbýlisbúa eru að opnast fyrir þeim verðmætum sem felast í fjölbreyttri og óspilltri náttúru sem næst heimilum manna, þá verður gildi þessara opnu svæða enn meira. Auk þess sem grunnskólar geta notað þessi svæði til náttúrufræðikennslu. Dæmi um sem flest gróðurlendi á hverju svæði, bæði þeim smáu og þeim stóru koma því til með að nýtast íbúum nessesins vel í framtíðinni.

5 DÝRALÍF Á SELTJARNARNESI

Ævar Petersen og Jóhann Óli Hilmarsson

5.1 Inngangur

Í þessari samantekt er sagt frá dýralífi innan bæjarmarka Seltjarnarness, einkum fuglum, tíðni þeirra á mismunandi árstímum, varpdreifingu, helstu kjörsvæðum o.fl. Smádýralífi í sjó er lítillega lýst m.t.t. fugla, enda eru ýmis smádyr undirstaðan að tilvist flestra fugla. Ennfremur er getið spendýra sem þar hefur orðið vart.

Ástæða er til þess, að vekja athygli lesenda á því mikilvæga starfi sem fuglaskoðarar og aðrir áhugamenn um náttúruna hafa innt af hendi við könnun á dýralífi Seltjarnarness. Áhugastarf fuglaskoðara er raunar grundvöllur þessarar samantektar. Verkið hefði orðið langtum kostnaðarsamara, ef þurft hefði að safna sérstaklega upplýsingum um alla þætti dýralífsins á mismunandi tímum árs. Samanburður við fyrra ástand lífríkisins hefði auk þess orðið harla ómerkilegur.

5.2 Gagnasöfnun

5.2.1 Fuglar

Árin 1955 og 1957 birtust í Náttúrufræðingnum tvær greinar eftir unga skólapilta, þá Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson, núverandi prófessora í líffræði við Háskóla Íslands. Þær fjölluðu á greinargóðan hátt um fuglalíf á Seltjarnarnesi. Þessar ritgerðir gera það að verkum, að unnt er að bera saman fuglalíf nú á tímum við árin upp úr 1950, áður en verulega þéttbýlt varð á nesinu og áhrifa frá búsetu manna fór að gæta til muna. Með þessum greinum var lagður betri grunnur til að lýsa breytingum á fuglalífi svæðis en til er fyrir flest önnur svæði hér á landi.

Í fyrri greininni (Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson 1955) skýra höfundar frá niðurstöðum athugana er þeir gerðu á árunum 1952-54 (auk fáeinna eldri athugana). Þeir fóru stundum daglega um svæðið, strjálást vikulega. Í síðari greininni (Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson 1957) fjalla þeir um athuganir frá 1955 fram í ágúst 1957 og ýmis eldri gögn. Einnig birtu þeir niðurstöður ítarlegrar könnunar á birtum og óbirtum heimildum. Þeir skoðuðu fuglasöfn hérlandis og skrár um fugla í dýrafræðisafninu í Kaupmannahöfn, en þar er stærsta safn fugla frá Íslandi erlendis. Loks leituðu þeir til manna sem þóttu líklegir til að búa yfir vitneskju um fuglalíf svæðisins.

Síðan þessar greinar birtust hefur lítið verið ritað um fugla á Seltjarnarnesi. Þó er rétt að nefna menntaskólaritgerð eftir Jóhann Ó. Hilmarsson og Skarphéðin G. Þórisson (1974).

Lítið svigrúm var til vettvangsferða í sérstökum tengslum við þetta verkefni. Upplýsingar um fuglalíf síðan 1957 eru því byggðar á óbirtum gögnum höfunda og margvíslegum upplýsingum sem eru í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar er að finna ýmsar skýrslur, stakar athuganir, hreiðurspjöld, dagbækur fuglaskoðara, gott bókasafn o.fl. sem að gagni kom við samantektina. Einnig var leitað til manna sem vitað var að hefðu gögn í förum sínum. Sjálfsagt hefði mátt leita fanga víðar, því fjölmargir búa yfir stökum athugunum um fugla, enda er svæðið vinsælt til náttúruskoðunar.

Upplýsingar um fuglalíf ná til ársins 1986 með nokkrum seinni viðbótum. Athuganir eru flestar af Framnesinu, einkum af því sunnanverðu, þ.e.

Bakkatjörn og nágrenni, Bakkavík og Dal í Suðurnesi, svo og Seltjörn sunnanverðri, enda er fuglalíf mest á þessum slóðum.

Frá árinu 1952 hafa vetrarfuglatalningar verið skipulagðar á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þær fara oftast fram milli jóla og nýjárs, en allir fuglar eru taldir á svæði af fyrirfram ákveðinni stærð og þeir greindir til tegundar (Ævar Petersen 1983, Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1989). Talningaskýrslurnar, sem eru varðveittar á Náttúrufræðistofnun, gefa þýðingarmikla mynd af fuglalífi landsins um háveturinn.

Á tímabilinu 1952-86 var talið 32 sinnum á Seltjarnarnesi, en talning féll niður árin 1955, 1958 og 1968. Agnar Ingólfsson hefur talið svæðið oftast (í 15 skipti). Flest árin náði talningarsvæðið "Seltjarnarnes" út fyrir mörk bæjarins. Oftast hefur verið talið frá Örfirisey, með ströndinni umhverfis nesið og inn Skerjafjörð að enda A-V flugbrautar á Reykjavíkurlugvelli við Suðurgötu. Lesendur eru beðnir að hafa það í huga, að fuglar sem sáust í umdæmi Seltjarnarnesbæjar eru yfirleitt ekki aðgreindir sérstaklega frá fuglum utan þess. Stöku tegundir, aðallega andategundir, sáust fyrst og fremst utan bæjarmarka Seltjarnarness, en þessi annmarki á gögnunum breytir fremur litlu um heildarniðurstöður.

Vorið og sumarið 1986 athugaði annar okkar (JÓH) lauslega fjölda og dreifingu varpfugla. Kríuvörp voru kortlögð og stærð þeirra metin. Reynt var að áætla fjölda annarra fugla eftir því sem kostur var.

Litlar skipulegar athuganir hafa annars farið fram á varpfuglum í seinni tíð. Aðeins úr Gróttu er eitthvað vitað um fjölda varpfugla, en Guðjón Jónatansson (af hálfu Rótaryklúbbs Seltjarnarness) hefur gætt friðlandsins í Gróttu frá því eyjan var friðuð árið 1974. Hann hefur góðfúslega veitt okkur mikilvægar upplýsingar um fuglalífið þar. Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson (1955) geta um varpparafjölda á nesinu hjá flestum tegundum. Tölur þeirra byggðust einkum á fundnum hreiðrum.

5.2.2 Önnur dýr

Þau brotakenndu gögn sem til eru um spendýr voru könnuð. Upplýsingar um músa- og rottueyðingu fengust hjá meindýraeyði. Selir voru taldir nokkrum sinnum á legustöðum þeirra umhverfis nesið 1986 og 1987. Leitað var upplýsinga um hvalreka í tölvuskra Náttúrufræðistofnunar. Þau gögn koma víða að, beint frá athugendum, úr annálum, ævisögum, dagblöðum og öðrum heimildum.

Upplýsingar um smádýralíf í sjó og ferskvatni voru einungis fengnar úr fyrirliggjandi skýrslum og ritgerðum.

5.3 Fuglar

Fram til ársins 1957 höfðu sést 83 fuglategundir á Seltjarnarnesi, en til 1987 höfðu sést eigi færri en 103 fuglategundir, auk einnar deilitegundar (undirtegundar). Skráðum fuglategundum hefur því fjölgað um 24% á þremur áratugum.

Staða tegundanna í fuglalífi Seltjarnarness er mjög breytileg: (a) Sumar (22) eru aðeins flækingar, sem hafa sést í eitt eða fá skipti. (b) Margar tegundir (66) eru íslenskir varpfuglar, á nesinu eða annars staðar á landinu. (c) Ein tegund varp fyrrum hér á landi en er nú horfin (hnúðsvanur). (d) Enn aðrar (8) verpa ekki hér á landi en nota Ísland sem viðkomustað á ákveðnum tímum árs, þ.e. svonefndir fargestir

(umferðarfuglar). (e) Vetrargestir (5), sem dvelja á svæðinu um lengri eða skemmri tíma yfir vetrarmánuðina. (f) Að lokum hafa sést á svæðinu flækingsfuglar sem eru sömu tegundar og hérlendir varpfuglar en af öðrum deilitegundum (1, amerísk deilitegund urtandar).

Miklar upplýsingar liggja fyrir um fuglalíf Seltjarnarness. Til að stytta mál eru aðeins helstu þættir þess raktir í aðaltexta. Nánari umfjöllun um hverja tegund er að finna í tveimur viðaukum; 2. viðauki fjallar um varpfuglana, en í 3. viðauka eru skráðar allar aðrar fuglategundir, sem vitað er um af Seltjarnarnesi til ársloka 1987.

5.3.1 Varpfuglar

Þessi kafli fjallar um varpfugla sumarið 1986. Upplýsingarnar eru bornar saman við eldri gögn, einkum frá árunum 1952-57. Þróun fuglalífs síðustu áratugi er lýst í stuttu máli.

5.3.1.1 Varpfuglar árið 1986

Sumarið 1986 urpu líklega 23 tegundir fugla á Seltjarnarnesi. Af þeim voru 20 öruggir varpfuglar, en sennilega einnig gargönd, óðinshani og auðnutittlingur, þótt ekki tækist að afla öyggjandi sannana um varp þeirra.

Af varpfuglum var kría langalgengust, um 900 pör. Þörin voru dreifð um svæðið í mörgum vörpum, og sýnir 11. mynd dreifingu þeirra. Helmingur þaranna, um 450, varp í Gróttu, um 200 við norðan- og austanverða Bakkatjörn, 240-250 pör í sex smávörpum í Suðurnesi og 50-60 á Snoppu. Á myndinni eru einnig sýndir helstu setstaðir, en kriur hópast gjarnan á ákveðna staði í grennd við varpsvæði sín, ekki síst þegar líða tekur á sumar.

Átta tegundir af andfuglum (sem er samheiti fyrir álftir, gæsir og endur) verpa á nesinu. Flestar þeirra eru sárásjaldgæfar, nema æðarfugl, sem var önnur algengasta varptegundin 1986, um 100 pör, og stokkönd, 15-20 pör.

Vaðfuglategundir voru sjö 1986, en þar af voru stelkur og sandlóa algengastar. Einna mest bar þó á tjaldi vegna stærðar, litar og áberandi atferlis, en hann var í þriðja sæti hvað fjölda vaðfuglapara snerti.


Spörfuglar hafa trausta fótfestu á nesinu. Sex tegundir urpu þar 1986, og var stari algengastur, þá þúfutittlingur, en maríuerla í þriðja sæti.

Svo virðist sem þrjár fuglategundir séu ekki árvissir varpfuglar, þótt þær hafi allar orpið sumarið 1986. Þetta eru skúfönd, lóupræll og hettumáfur.

5.3.1.2 Þróun varpfuglalífs síðustu áratugi

Alls er okkur kunnugt um 25 tegundir fugla sem orpið hafa á nesinu fyrir eða síðar. Líklega hafa orpið þar 3 tegundir til viðbótar, þannig að varpfuglalisti Seltjarnarness telur væntanlega 28 tegundir. Það eru tæp 40% af öllum fuglategundum sem verpa á Íslandi.

Í 2. töflu eru dregnar saman upplýsingar um þessar tegundir, stöðu þeirra og áætlaðan fjölda varppara sumarið 1986, en upplýsingar frá árunum 1952-57 eru gefnar til samanburðar.



2. tafla. Varpfuglar á Seltjarnarnesi. Upplýsingar frá árunum 1952-57 eru úr greinum Agnars Ingólfssonar og Arnþórs Garðarssonar (1955, 1957).

Tegund	Áætl. fjöldi varppara 1986	Staða sem varpfugl:				Tegundir og fjöldi 1952-57	Athuga-semdir
		Árviss	Líklega árviss	Óreglu-legur	Hættur varpi		
1. Álf	0				+	0	Varp 1960-61
2. Grágæs	1-3		+			0	
3. Stokkðnd	15-20	+				4-5	
4. Gargönd	1-2		+			0	
5. Duggönd	1-2		+			0	
6. Skúfönd	1-2			+		0	
7. Hávella	1		+			0	
8. Æður	100	+				≈ 25	
9. Toppönd	1-2		+			17	
10. Tjaldur	6-10	+				≈ 5	
11. Sandlóa	15	+				≈ 25	
12. Heiðlóa	1-2		+			0	
13. Hrossagaukur	4-7	+				5	
14. Stelkur	17-18	+				5-6	
15. Lóupræll	1			+		3-5	
16. Óðinshani	1		+			+?	
17. Þórshani	0				+	0	Varp fyrrum, e.t.v. líka 1963
18. Hettumáfur	1-2			+		≈ 20	
19. Kria	900	+				970-980	
20. Þúfuttittlingur	15	+				+	Fjöldi óviss 1952-57
21. Músarrindill	0			+		0	Varp í Gróttu 1983-84
22. Mariuerla	10	+				+	Fjöldi óviss 1952-57
23. Steindepill	5	+				+	Fjöldi óviss 1952-57
24. Skógarþróstur	5	+				0	
25. Auðnutittlingur	2		+			0	
26. Snjótittlingur	0				+	1-2	Varp til 1952, e.t.v. eftir það
27. Stari	20	+				0	
28. Hrafn	0				+	0	Byggði hreiður 1972

Með tilvísun í 2. töflu er áhugavert að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á varpfuglafánunni á Seltjarnarnesi síðan um 1955.

Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson (1955, 1957) töldu 15 tegundir fugla verpa á nesinu á árunum 1952-57. Þær urpu allar 1986, að einni undanskilinni; snjótittlingur hætti að verpa á svæðinu á athuganatímabili þeirra Agnars og Arnþórs. Ekki er vitað til þess, að hann hafi orpið síðan, þótt svo kunni að vera. Gróttu og Suðurnes koma þá helst til greina sem varpsvæði.

Alls hafa 10 nýjar fuglategundir orpið á Seltjarnarnesi frá um 1955 og allt að átta þeirra hafa ílenst sem árvissir varpfuglar. Hér eru raktar helstu ástæður fyrir landnámi þeirra.

Grágæs hóf að verpa á nesinu í lok sjötta áratugarins, eða eftir að aligæsum hafði verið sleppt á Reykjavíkurtjörn vorið 1957 (Haukur Jörundarson, munnl. uppl.). Um svipað leyti voru ýmsar andategundir fluttar frá Mývatni og sleppt á Tjörnina til þess að auka fjölbreytni fuglalífsins þar (Finnur Guðmundsson 1962). Þrjár andategundir sem finnast á Nesinu, gargönd, duggönd og skúfönd, eiga vafalítið rætur sínar að rekja til þessara andaflutninga. Það má a.m.k. telja fullvíst með gargönd.

Fuglar geta ekki numið ný lönd, nema skilyrði til varps og fæðuöflunar séu fyrir hendi. Á nesinu ætti ekki að vera vandkvæðum bundið fyrir endur að finna varpstaði, en fæðuskilyrði fyrir þær hafa ekki alltaf verið þau sömu og nú er. Áður var Bakkatjörn vogur inn úr Bakkavík, eða þar til ósi hennar var lokað kringum 1960. Nú er þarna tjörn í stað leiru, þar sem sjávarfalla gætti áður. Við þetta má ætla, að miklar breytingar hafi orðið á smádýralífi. Ýmsar Tjarnarendur hófu líklega að venja komur sínar á Bakkatjörn, og síðar verpa, í kjölfar breyttra fæðuskilyrða. Sama gegnir um hávelli, sem annars hefur lengi verið algengur vetrargestur á sjónum umhverfis nesið.

Það er einkennilegt, að heiðlóuhreiður hafi ekki fundist fyrr en árið 1971. Vegna strjálle byggðar var kjörlendi áður mun víðar fyrir hana á Nesinu en nú.

Skógarþröstur og auðnutittlingur hafa vafalítið numið land í kjölfar aukinnar trjáræktar í húsagörðum. Sá siðarnefndi er alfarið bundinn trjágróðri við val á hreiðurstað og hóf fyrst að verpa á höfuðborgarsvæðinu upp úr 1950 (Finnur Guðmundsson, munnl. uppl.).

Auk þess að verpa í trjám, velur skógarþröstur sér oft varpstaði á húsum eða öðrum mannvirkjum, jafnvel úti í móum í grennd við byggð. Hann fór að verpa reglulega á nesinu á 7. áratugnum, en gæti hafa orpið þar endrum og eins áður.

Talið er, að stari hafi fyrst orpið á Seltjarnarnesi árið 1962, en síðan hefur varppörum fjölgað mikið. Hann er nýlegur landnemi hér á landi, en fyrstu stararnir hófu ekki að verpa á Suðvesturlandi fyrr en vorið 1960 (Skarphéðinn G. Þórisson 1981).

Músarrindill varp í Gróttu árin 1983 og 1984, fyrra árið eitt par en 1-2 pör hið síðara. Hreiður fannst reyndar ekki, en bæði árin sáust fuglar allt sumarið og síðsumars einnig ungar. Seinna árið héldu sig 4 fullorðnir fuglar allt sumarið. Talið er, að hreiðrin hafi verið í hlöðnum gördum í Gróttu. Síðan hefur músarrindill ekki orpið, en hann telst því vera óreglulegur varpfugl á Seltjarnarnesi.

Það vekur athygli, að a.m.k. sjö af þeim tíu tegundum sem byrjað hafa að verpa á Seltjarnarnesi frá því um 1955 virðast komnar fyrir atbeina manna. Samt hefur fjölbreytni fuglalífsins ekki verið augin með beinum aðgerðum. Skilyrði hafa myndast fyrir fleiri tegundir en áður í kjölfar athafna mannsins, þ.á m. auknir möguleikar til varps og bætt fæðuskilyrði. Þá eru óbein áhrif frá andaflutningum á Reykjavíkurtjörn.

Þótt ýmsar varptegundir hafi bæst í hópinn, hafa aðrar látið undan síga, sumar staðið í stað og enn öðrum fjölgað. Stokkkönd, sem er gamalgróinn varpfugl á svæðinu, virðist hafa fjölgað verulega; um 1955 voru aðeins 4-5 varppör, en 1986 voru þau ætluð 15-20. Æðarvarp hefur einnig aukist til muna, frá um 25 pörum í um 100 pör á þrjátíu árum. Tjaldi virðist ívið hafa fjölgað; kringum 1955 voru um 5 varppör, en voru 6-10 árið 1986. Sama gildir um stelk; varpstofninn hefur stækkað úr 5-6 pörum í 17-18. Þetta eru allt tegundir sem þola sambúð við manninn betur en flestar aðrar fuglategundir.

Toppönd, hrossagaukur og kría hafa haldið í horfinu á þessum þrjátíu árum. Að vissu leyti hafa kríur þó átt undir högg að sækja vegna aukinnar byggðar og umferðar. Fyrrum urpu þær á Valhúsahæð og við Bollagarða, en þó mest á Kotagrandu, Bakkagrandu og í Suðurnesi. Kríur eru hættar að verpa á fjórum fyrstu stöðunum, og í Suðurnesi hefur þeim fækkað, þótt þær

haldi enn út mikinn umgang þar. Ef nesið er tekið sem heild, hefur kríum þó lítið sem ekkert fækkað, enda hafa þær getað flutt sig um set og numið ný varpsvæði. Nú eru sums staðar íbúðarhverfi þar sem áður voru kríuvörp. Umferð gangandi fólks, stundum með lausa hunda með sér, hefur stórukist á Kota- og Bakkagranda og vafalítið hrakið kríur á brott. Dæmi eru um, að kettir hafi borið kríur inn í hús á Seltjarnarnesi.

Hettumáfi hefur gengið illa að festa sig í sessi, og er varp hans á nesinu óreglubundið. Hann er ein þeirra tegunda sem víða sætir ofsóknum manna, og þess vegna á hann oft erfitt uppdráttar sem varpfugl. Um 1955 urpu um 20 pör á nesinu, en 1986 voru þau aðeins 1-2.

Nokkrum tegundum hefur fækkað. Um 1955 urpu 3-5 pör af lóuprælum, en 30 árum síðar fannst aðeins eitt par. Ástæðan er líklega eyðilegging á varpkjörlendi hans. Lóupræll er votlendisfugl, og deiglendi hefur hopað fyrir ýmsum framkvæmdum. Þá hefur sandlóu fækkað, en þurrir sandar Bakka- og Kotagranda hafa lengi verið hennar helsta kjörsvæði. Umferð gangandi fólks, stundum með hunda, hefur stórukist yfir varptímann. Fuglarnir hafa því minni frið til varps en áður. Þó voru á nesinu um 15 varppör 1986, en um 30 árum áður voru þau um 25.

Auk þeirra varptegunda sem vitað var um 1986, er kunnugt um fjórar tegundir sem hafa orpið eða reynt varp fyrrum. Á árunum 1960-61 varp álftapar við Eiðistjörn, en nú er búið að þurrka hana upp. Þórshani, sem er mjög sjaldgæfur varpfugl á Íslandi, varp síðast á nesinu árið 1908, svo vist sé. Ef til vill varp eitt par árið 1963. Ekki er vitað um verpandi snjótittlinga á nesinu síðan 1952, þótt þeir hafi sést á líklegum varpstöðum að sumarlagi. Þá gerði hrafn sér hreiður í Gróttuvita vorið 1972, en af ókunnum ástæðum var steypt undan honum.

5.3.2 Fartími

Nú verður fjallað um þá fugla sem hafa lengri eða skemmri viðdvöl á Nesinu, oftast á leið sinni milli vetrarstöðva og varpsvæða. Þetta eru svonefndir fargestir. Þeir nota ákveðna staði til fæðunáms, hvíldar o.þ.h. Fjörur eru einkar þýðingarmiklar fyrir þá, en einnig tjarnir og sum þurrlendissvæði.

Vaðfuglar eru helstu fargestirnir á nesinu, en einnig koma ýmsar gæsa- og andategundir við sögu. Sumir þessara fugla verpa annars staðar á Íslandi eða í norðlægum heimskautalöndum. Vaðfuglar eru þeir fuglar sem setja mestan svip á fjörur, og vegna ólíkra lifnaðarháttá krefjast hinar ýmsu tegundir mismunandi gerða af fjörum.

Vaðfuglar setja sterkan svip á náttúru Seltjarnarness. Mest er af þeim á vorin, í lok apríl og maí, og svo aftur frá miðsumri fram á haust. Fuglar sem verpa á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada en hafa vetursetu á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu, hafa hér lengri eða skemmri viðdvöl. Í þessum hópi eru rauðbrystingur, tildra og sanderla, en tvær fyrstnefndu tegundirnar eru mjög algengar á nesinu á fartíma. Sanderla er sjaldgæfari, en þó árviss.

Lóupræll, sendlingur og sandlóa eru einnig algengar tegundir um fartímann. Eflaust eru þetta bæði umferðarfuglar á leið vestur eða austur um haf og fuglar af íslenskum uppruna. Tjaldur, heiðlóa og stelkur eru algengar íslenskar varptegundir sem hafa viðdvöl í fjörum og á túnnum nessins á fartíma. Sandlóa, stelkur og lóupræll sækja einnig mikið fæðu við tjarnir og til að baða sig.

Loks má geta óðinshana, en lífshættir hans eru frábrugðnir öðrum vaðfuglum

að því leyti, að hann aflar sér ætis á sundi, í tjörnum, á skurðum eða pollum, og í mýrlendi. Hann sést frá miðjum maí fram í endaðan ágúst, en í júlí og ágúst skipta fuglarnir hundruðum á Bakka- og Dalstjörnum.

Fjölbreytni og fjöldi vaðfugla fer m.a. eftir því, hvaða fjörugerðir eru til staðar. Framtíðarskipulag á Seltjarnarnesi verður því að taka mið af þörfum hinna ýmsu fuglategunda. Á 12. mynd er yfirlit yfir helstu fjörugerðir á Seltjarnarnesi. Þar eru einkum skerja- eða klapparfjörur, en sandfláka er að finna á milli, s.s. í Eiðisvík og við Seltjörn. Stærsta leiran sem enn er eftir er í Bakkavík, en leirublettir eru einnig við Suðurnes, Gróttu og Snoppu. Eins og áður segir, var leiran þar sem nú er Bakkatjörn eyðilögð þegar ósinn var stíflaður.

Helstu vaðfuglar sem sjást á Seltjarnarnesi eru taldir upp í 3. töflu. Einnig er getið þeirra kjörsvæða sem þeir leita helst á.

3. tafla. Algengustu vaðfuglar og fæðukjörsvæði þeirra.


	Leirur	Malar- og klapparfjörur	Tjarnir	Tún og móar
Tjaldur	x	x		x
Heiðlóa	x			x
Fjöruspói		x		
Sandlóa	x		x	
Tíldra		x		
Stelkur	x	x	x	
Lóupræll	x		x	
Rauðbrystingur	x			
Sendlingur		x		
Sanderla	x		x	
Óðinshani			x	x

Leirur eru mjög lífmiklar, og margar fuglategundir byggja afkomu sína á fæðu sem þeir afla sér úr þeim. Leirur eru þýðingarmiklir áningarstaðir fugla, einkum vaðfugla, en einnig eru þar mikilvæg fæðusvæði ýmissa andfugla og máfa. Leirur í Suðurnesi og við Bakkagrandu eru svo til einu leirurnar á Seltjarnarnes. Þessi gösenlönd fyrir fugla sem leirurnar eru eiga mjög undir högg að sækja í þéttbýli. Þannig hafa leirur á Innnesjum verið skertar um fjórðung af mannavöldum, en þar munar mestu um Elliðavog í Reykjavík (Arnþór Garðarsson og Ólafur K. Nielsen 1989).

Þrjú fjörusvæði skera sig úr sem fæðuöflunarsvæði fyrir vaðfugla á nesinu, grandinn út í Gróttu, fjaran við sunnanverða Seltjörn (norðan í Suðurnesi) og Bakkavík (13. mynd). Þéttleiki vaðfugla er minni í öðrum fjörum, og einkum er lítið um þá norðan á nesinu, frá Bygggarði og inn í Eiðisvík, en einnig frá Bakka og suður að bæjarmörkum á nesinu sunnanverðu. Framnesið er því mjög þýðingarmikið fyrir fjörufugla til fæðunáms.

Sama gildir um flóðsetur, en svo nefnast staðir þar sem fjörufuglar halda til um flóð og þeir ná ekki að afla sér ætis. Helstu flóðsetur eru við Bakkatjörn, tjörnina í Dal, á Búðagrandu og norðan í Suðurnesi (13. mynd).


Grágæsir eru einnig algengar á nesinu um fartímann á haustin. Venjulega er um einhverja tug fugla að ræða, stundum á annað hundruð. Þetta geta verið gæsir, sem byggja afkomu sína að verulegu leyti á brauðgjöfum fólks



Kollafjörður

13. MYND

VIÐKOMUSTADIR VADFUGLA Á
SELTJARNARNESI



við Reykjavíkurtjörn á veturna, og því ekki raunverulegir fargestir, en líka að hluta til gæsir annars staðar af landinu.

Margæs er einungis fargestur hér á landi en verpur ekki. Hún sést á hverju vori á Seltjarnarnesi, venjulega aðeins nokkrir tugir fugla sem stoppa stutt, en virðist fara fjölgandi. Dvalartími þeirra takmarkast líklega mest af mannaumferð, en margæsir eru yfirleitt nokkuð styggir fuglar. Eini fasti viðkomustaður margæsa á suðvesturhorni landsins er við Álfanes, en margæsir sem sjást á Seltjarnarnesi eru líklega úr þeirra hópi.

Duggönd og skúfönd eru fargestir sem sjást helst á vorin, í apríl-maí. Nokkrir fuglar verpa á nesinu, en aðrir halda áfram til varpstaða annars staðar í landinu. Varpfuglar sjást að sjálfsögðu fram eftir hausti, en á þeim tíma sjást það margir fuglar, að flestir þeirra hljóta vera komnir annars staðar frá.

Að lokum er hér nefndur kjói. Hann er algengur varpfugl annars staðar í landinu og sést lítilliga á nesinu vor og haust. Kjóar hafa skamma viðdvöl og sjást einkum á flugi yfir.

5.3.3 Vetur

Vetrarfuglafánan er öðruvísi samsett en fuglafánan á sumrin eða um fartímann. Á haustin hverfa margir algengir varpfuglar á brott, s.s. kría, sandlóa, þúfutittlingur og maríuerla, þótt aðrar varptegundir séu staðfuglar, t.d. stökkönd, æðarfugl, stelkur og tjaldur. Ekki er þar með sagt, að þetta séu endilega sömu einstaklingar og urpu á svæðinu um sumarið. Til þess að skera úr um það þarf nákvæmar rannsóknir, sem eru utan ramma þessarar samantektar.

Til viðbótar staðfuglum, sem verpa á svæðinu, halda ýmsar aðrar fuglategundir þar til yfir vetrarmánuðina. Hér er um að ræða tegundir sem eru varpfuglar annars staðar í landinu, t.d. hvítmáfur, dílaskarfur og silfurímáfur, eða á norðlægari slóðum, s.s. tildra og bjartmáfur. Hverfa þeir á braut aftur, þegar fer að vora.

Í 4. töflu er sýnd samsetning fuglalífsins að vetrarlagi. Gögnin eru byggð á talningum um jólaleytið um áratuga skeið. Talningar þessar eiga sér langa hefð meðal fuglaskoðara og fara fram á sama degi víða um land (Ævar Petersen 1983). Taflan sýnir ekki aðeins við hvaða tegundum má búast á svæðinu að vetrarlagi, heldur einnig hversu algengar þær eru.

4. tafla. Fuglar sem hafa sést í talningum að vetrarlagi á Seltjarnarnesi á tímabilinu 1957-1986. Talningarnar voru alls 28, en talning féll niður árin 1958 og 1968.

Tegund	Meðalfjöldi í talningu	Breytileiki eftir talningum	Tíðni (%)
Æðarfugl <i>Somateria mollissima</i>	1661	235 - 4008	28(100)
Snjótitlingur <i>Plectrophenax nivalis</i>	539	0 - 2645	27(96)
Hvítmáfur <i>Larus hyperboreus</i>	460	16 - 1381	28(100)
Stökkönd <i>Anas platyrhynchos</i>	256	50 - 625	28(100)
Svartbakur <i>Larus marinus</i>	226	0 - 710	26(93)
Tjaldur <i>Haematopus ostralegus</i>	155	0 - 408	27(96)
Sendlingur <i>Calidris maritima</i>	139	0 - 580	25(89)
Hettumáfur <i>Larus ridibundus</i>	117	0 - 1050	26(93)
Tildra <i>Arenaria interpres</i>	72	6 - 275	28(100)

Bjartmáfur <i>Larus glaucoides</i>	60	0 - 225	25(89)
Dílaskarfur <i>Phalacrocorax carbo</i>	35	0 - 114	26(93)
Hávellá <i>Glaucula hyemalis</i>	29	0 - 100	26(93)
Hrafn <i>Corvus corax</i>	25	3 - 64	28(100)
Stari <i>Sturnus vulgaris</i>	19	0 - 127	14(50)
Toppönd <i>Mergus serrator</i>	11	0 - 35	26(93)
Silfurmáfur <i>Larus argentatus</i>	8	0 - 117	24(86)
Auðnutittlingur <i>Acanthis flammea</i>	7	0 - 33	9(32)
Grágæs <i>Anser anser</i>	7	0 - 70	8(29)
Stelkur <i>Tringa totanus</i>	3	0 - 14	20(71)
Toppskarfur <i>Phalacrocorax aristotelis</i>	2	0 - 14	15(54)
Teista <i>Cephus grylle</i>	2	0 - 9	15(54)
Rita <i>Rissa tridactyla</i>	2	0 - 46	7(25)
Skógarþröstur <i>Turdus iliacus</i>	1	0 - 19	6(21)
Stormmáfur <i>Larus canus</i>	< 1	0 - 9	13(46)
Lómur <i>Gavia stellata</i>	< 1	0 - 4	12(43)
Smyrill <i>Falco columbarius</i>	< 1	0 - 1	11(39)
Fálki <i>Falco rusticolus</i>	< 1	0 - 4	9(32)
Himbrimi <i>Gavia immer</i>	< 1	0 - 3	8(29)
Grafönd <i>Anas acuta</i>	< 1	0 - 2	6(21)
Músarrindill <i>Troglodytes troglodytes</i>	< 1	0 - 2	5(18)
Álft <i>Cygnus cygnus</i>	< 1	0 - 29	4(14)
Rauðhöfðaönd <i>Anas penelope</i>	< 1	0 - 18	4(14)
Gráþröstur <i>Turdus pilaris</i>	< 1	0 - 3	2(7)
Gulönd <i>Mergus merganser</i>	< 1	0 - 2	2(7)
Fjöruspói <i>Numenius arquata</i>	< 1	0 - 2	2(7)
Langvia <i>Uria aalge</i>	< 1	0 - 1	2(7)
Þúfuttittlingur <i>Anthus pratensis</i>	< 1	0 - 1	2(7)
Rauðbrystingur <i>Calidris canutus</i>	< 1	0 - 3	1(4)
Straumönd <i>Histrionicus histrionicus</i>	< 1	0 - 1	1(4)
Vepja <i>Vanellus vanellus</i>	< 1	0 - 1	1(4)
Súla <i>Sula bassana</i>	< 1	0 - 1	1(4)
Bókfinka <i>Fringilla coelebs</i>	< 1	0 - 1	1(4)
Álka <i>Alca torda</i>	< 1	0 - 1	1(4)

Alls hafa sést yfir 40 fuglategundir á Seltjarnarnesi í talningum um jólaleytið. Um fjórðungur þeirra eru sárastaldgæfir gestir, sem hafa aðeins sést þar einu sinni eða tvisvar. Segja má, að um 30 tegundir myndi hina raunverulegu fuglafánu nesisins að vetrarlagi.

Dálkurinn "Tíðni" í 4. töflu gefur til kynna, hversu reglulega tegundirnar sjást. Eftir því sem talan er hærri, þeim mun reglubundnari eru fuglarnir. Samband er á milli fjölda einstaklinga sem sjást af hverri tegund og tíðni hennar, en aðeins að hluta. Sumar tegundir eru ætíð faliðaðar, en sjást þó nokkuð reglulega, þ.á m. hrafn, toppönd og silfurmáfur, og enn færri einstaklingar sjást vanalega af teistu og smyrli.

Sumar tegundir eru ætíð algengar. Þar er æðarfugl í sérflokk, langalgengasta fuglategundin. Hann er raunar líka næstalgengasta varptegundin á Nesinu. Þó er ljóst, að æðarfuglar koma í hópum annars staðar frá og halda sig við nesið yfir vetrarmánuðina.

Snjótittlingur er að meðaltali næstalgengasta vetrartegundin. Fuglarnir flakka um í hópum, og því geta þeir verið mjög breytilega margir frá ári til árs. Fyrir hefur komið, að snjótittlingar hafi alls ekki sést í talningu á nesinu, en önnur ár á þriðja þúsund fuglar. Snjóalög hafa þarna mikið að segja. Þegar jarðbönn eru, þyrpast snjótittlingar inn í þéttbýli, þar sem þeim er gefið. Þegar snjóinn tekur upp á ný, hverfa

fuglarnir brott.

Fjöldi flestra annarra fuglategunda breytist einnig milli ára. Mismunandi umhverfisþættir koma þar við sögu eftir því hvaða tegundir eiga í hlut. Sem dæmi má nefna, að þótt um 140 sendlingar hafi sést að meðaltali á ári, hafa engir sést sum árin. Þarna spila sjávarföll eflaust inn í myndina. Sendlingar leita sér ætis á fjöru, en á flóði hópast þeir í flóðsetur til láta þar fyrirberast um tíma. Ef flóðsetur þeirra er utan svæðismarka, getur farið svo, að engir sendlingar sjáist, fari talning fram um háflóð.

Óhjákvæmilega verða ýmsar breytingar á fuglalífi, þegar til lengri tíma er litið. Náttúran er sífelldum breytingum undirorpin, þótt maðurinn komi þar ekkert við sögu. Í 4. töflu kemur ekkert fram um breytingar sem hafa orðið yfir 30 ára tímabil. Nánari athugun á talningagögnunum leiðir ýmist fróðlegt í ljós, sem vert er að athuga nánar.

Í 5. töflu er dregið saman yfirlit um þær breytingar sem orðið hafa á helstu tegundum á nesinu að vetrarlagi. Margar tegundir eru það sjaldséðar, að ómögulegt er að greina hvort þeim hafi fækkað eða fjölgað. Þeim er því sleppt í töflunni.

5. tafla. Breytingar á fuglastofnum á Seltjarnarnesi um hávetur á tímabilinu 1957-1986. Hér eru borin saman fyrstu 15 árin (1957-1971) og þau seinni (1972-1986). Tegundum er raðað eftir því, hve algengar þær eru.

Tegund	Breytingar*
Æðarfugl <i>Somateria mollissima</i>	++
Snjótittlingur <i>Plectrophenax nivalis</i>	++
Hvitmáfur <i>Larus hyperboreus</i>	++
Stökkönd <i>Anas platyrhynchos</i>	+
Svartbakur <i>Larus marinus</i>	-
Tjaldur <i>Haematopus ostralegus</i>	-
Sendlingur <i>Calidris maritima</i>	-
Hettumáfur <i>Larus ridibundus</i>	--
Tildra <i>Arenaria interpres</i>	-
Bjartmáfur <i>Larus glaucoides</i>	++
Dilaskarfur <i>Phalacrocorax carbo</i>	-
Hávella <i>Clangula hyemalis</i>	+
Hrafn <i>Corvus corax</i>	++
Stari <i>Sturnus vulgaris</i>	++
Toppönd <i>Mergus serrator</i>	--
Auðnutittlingur <i>Acanthis flammea</i>	+
Grágæs <i>Anser anser</i>	++
Stelkur <i>Tringa totanus</i>	+
Skógarpröstur <i>Turdus iliacus</i>	++
Stormmáfur <i>Larus canus</i>	0
Lómur <i>Gavia stellata</i>	0
Smyrill <i>Falco columbarius</i>	0
Fálki <i>Falco rusticolus</i>	0
Himbrimí <i>Gavia immer</i>	-

* + = Fjölgun; ++ = Mikil fjölgun.

- = Fækkun; -- = Mikil fækkun.

0 = Engar breytingar.

Ástæður fyrir breyttum fjölda einstakra tegunda geta verið margar og mismunandi eftir tegundum. Það er rétt að leggja áherslu á það, að áhrif breytinga geta verið staðbundin og þurfa alls ekki að ná til stofnsins í heild. Breytingar á fuglastofnum eru lítt rannsakaðar hér á landi, enda um langtímaverkefni að ræða. Nokkuð má geta sér til um orsakir breytinga, og er það gert hér að því er Seltjarnarnes varðar.

Æðarfugli, snjótittlingi, hvítmáfi, bjartmáfi og hrafn hefur fjölgað mikið á seinni árum. Æðarvarp hefur aukist á nesinu síðustu áratugi, eins og flest vörp í nágrenninu (á Bessastöðum á Álftanesi, í Engey og Andríðsey við Kjalarnes). Hér er því um víðtækari breytingar en svo, að þær einskorðist við Seltjarnarnes.

Óvíst er, hvort stofn snjótittlinga í landinu hafi stækkað, en mun fleiri fuglar sækja á Seltjarnarnes nú en áður. Ástæðan er eflaust sú, að byggð hefur vaxið og matargjafir fólks til smáfuglanna hafa aukist að sama skapi.

Hvítmáfi hefur stórfjölgað á nesinu hin seinni ár. Íslenski hvítmáfsstofninn hefur stækkað mikið síðustu áratugi (sbr. Ævar Petersen 1989a), og er aukningin á nesinu í samræmi við þá fjölgun.

Bjartmáfur kemur hingað norðan úr höfum sem vetrargestur. Hann hefur verið mjög algengur við Reykjavík lengi. Aukningin á Seltjarnarnesi gæti staðið í sambandi við aukna byggð, þar eð bjartmáfar sækja mikið æti sitt þar sem skolp rennur í sjó. Aukinn fólksfjöldi, og þar með meira skolp, stendur vafalítið undir fleiri fuglum.

Margs konar úrgangur fellur til í kringum mannabyggð, og sumar fuglategundir kunna að nýta sér þessa fæðulind. Þannig er með hrafninn og má búast við því, að fleiri hrafnar geti nú hafst við á svæðinu vegna aukinnar byggðar og meiri tilfallandi úrgangs af ýmsu tagi.

Nokkrar tegundir í 4. töflu koma fram með lága tíðni en sjást samt nokkuð reglulega á nesinu núorðið. Hér er um að ræða tegundir sem hafa nýlega byrjað að sjást á svæðinu að vetrarlagi. Dæmi eru stari, auðnutittlingur, grágæs og skógarpröstur. Hér er gerð frekari grein fyrir stöðu þeirra.

Stari fór ekki að koma fram í fuglatalningum um jólin fyrr en 1970, þ.e. eftir að hann var orðinn nokkuð algengur varpfugl á höfuðborgarsvæðinu. Síðan hefur hann sést í nærri hverri talningu. Stari lagar sig afar vel mannum og hans athöfnum og nýtir sér til fæðu margvíslegt sem fellur til frá honum.

Auðnutittlingur var sárasjaldgæfur á árunum fyrir 1957 (Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson 1957), en sást stöku sinnum í jölatalningum á 7. áratugnum. Síðan 1970 hafa auðnutittlingar að jafnaði sést annað hvert ár í talningum. Þeim hefur fjölgað að vetrarlagi samfara stækkandi varpstofni á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar aukinnar trjáræktar.

Skógarpröstur sást aldrei í talningum fyrir 1971, en síðan í nærri annarri hverri talningu. Þrastastofninn á nesinu hefur eflaust stækkað í kjölfar aukinnar búsetu manna á síðustu áratugum og bættra ætismöguleika, m.a. vegna matargjafa fólks.

Grágæs er farfugl í landinu, nema lítill vetrarstofn hefur verið viðloðandi Reykjavíkurtjörn síðustu 30 ár. Eftir að stofninn stækkaði verulega, hafa Tjarnargæsir oft sést á Seltjarnarnesi, en komu ekki fram í talningu þar fyrr en árið 1971. Síðan hafa grágæsir sést í talningu annað hvert ár.

Ýmsum tegundum hefur fækkað á sama tíma, einkum hettumáfi, en einnig toppönd, svartbaki, tjaldi, sendlingi, tildru og dílaskarfi. Ástæður eru ekki ætíð augljósar, en svartbaki hefur fækkað verulega undanfarin ár. Ef til vill er sú breyting tengd betri hirðu á fiskúrgangi og sorpi. Sorphaugar Reykjavíkur og Seltjarnarnesbæjar voru á Eiðisgranda fram á 7. áratuginn og ætíð mikið af svartbaki í kringum þá, enda með öllu opnir. Fækkun á tjaldi og sendlingi getur staðið í sambandi við meiri mannaumferð um svæðið. Þá er dílaskarfur styggur fugl sem þolir illa truflun.

Vert er að minnast á eina tegund sem sleppt er í 5. töflu, en það er fjöruspói. Hann sást reglulega á 6. áratugnum (Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson 1955), en hefur aðeins sést tvisvar í talningum um jólin eftir 1957, árin 1961 og 1967. Fjöruspóum hefur fækkað til muna eftir að byggð tók að aukast á nesinu og umferð varð meiri á Framnesinu. Þetta eru styggir fuglar og hafa væntanlega hrakist af svæðinu vegna ónæðis.

5.3.4 Útbreiðsla nokkurra tegunda

Útbreiðsla fugla er ákaflega mismunandi eftir því hvaða tegundir eiga í hlut. Dreifing þeirra stjórnast af mörgum þáttum, bæði í náttúrunni sjálfri og fyrir áhrif frá manninum. Þýðingarmiklir þættir eru t.d. hvernig dreifingu fæðunnar er háttað, hvar eru hentugir hvíldarstaðir, hvernig sjávarföll breytast o.s.frv. Hér er tæpt á nokkrum dæmum.

Dilaskarfar þurfa sérstaka setstaði, þar sem þeir sitja oft tímunum saman og "messa" sem kallað er, þ.e. þeir eru að þurrka sig. Þetta eru staðir þar sem þeir telja sig vera óhulta. Á 14. mynd er sýnd dreifing slíkra setstaða kringum Seltjarnarnes.

Æðarfuglar sjást alls staðar á sjónum í kringum nesið. Á 15. mynd er sýnd dreifing æðarfugla í tveimur talningum haustið 1975. Sjávarföll hafa mikil áhrif á hvar þeir halda sig hverju sinni. Dreifingin er ennfremur breytileg eftir árstímum, hvort fuglarnir eru með unga, hvort þeir eru í fjaðrafelli, o.s.frv.

Æðarfuglar halda mikið til á Bakkavík, suður úr svonefndum Svartabakka. Athuganir hafa sýnt, að þarna er óvenju auðugt smádyralíf á botninum, eins og 16. og 17. mynd sýna, bæði mikill fjöldi tegunda og urmull af dýrum. Kollur sækja mikið með unga sína alveg upp í fjöru, eins og fram kemur á 18. mynd. Þar er að finna hentug fæðuskilyrði, sérstaklega á meðan þeir eru litlir.

Tjaldur og fleiri vaðfuglar sækja í fjörur til fæðuöflunar. Fuglar dreifa sér á mismunandi hátt eftir því, hvaða tegundir eiga í hlut, sbr. 2. töflu; sumir sækja í grjótfjörur, aðrir á leirur. Tjaldur er t.d. dæmigerður leirufugl og lifir mikið á fjörumaðki og skeldýrum sem lifa á kafi í leirunni. Því er nauðsynlegt að vernda leirusvæði eins og það sem er í Bakkavík.

Á flóði ná fjörufuglar ekki í fæðu og verða því fara eitthvert annað. Auk vaðfugla, afla máfar sér mikið fæðu í fjörum. Þeir safnast þá á ákveðna set- eða hvíldarstaði, sem gjarnan eru nefndir flóðsetur. Margir slíkir setstaðir eru á Seltjarnarnesi. Á 18. mynd eru sýndir setstaðir hettumáfa og rita. Máfar leita ennfremur á ferskt vatn til þess að baða sig, t.d. á Bakkatjörn.


Þarfir fugla eru margvíslegar og afar breytilegar eftir því hvaða tegundir eiga í hlut. Því er nauðsynlegt við gerð allra áætlana um nýtingu lands að taka tillit til hvar mismunandi fuglategundir halda sig. Hér hefur aðeins lítillega verið tæpt á þeim þáttum sem hafa áhrif á dreifingu fugla, enda allflókið mál, ef gera á þeim ítarleg skil.

5.4 Spendýr


5.4.1 Selir


Selveiði hefur trúlega aldrei verið til mikilla búbóta við Seltjarnarnes, því fáar heimildir geta sela sem hlunninda á því svæði sem kaupstaðurinn nær nú yfir. Selir virðast þó hafa verið viðloðandi í sjónum umhverfis Seltjarnarnes lengi, svo sem eftirfarandi heimildir benda til:

Máldagi Reykjavíkarkirkju frá 1379 getur selaláturs í Örfirisey, og í máldaga Engeyarkirkju frá 1500 segir: "Item selveiði við Eiðssker" (Björn Teitsson 1974: 82). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 er þess getið, að selveiði hafi verið hlunnindi frá nesi, "en er aldeilis frá" (bls. 240). Selveiði er ekki getið í umfjöllun þeirra um aðrar fornar jarðir, s.s. Bakka, Hrólfskála og Lambastaði, sem þó áttu




14. MYND
Setstaðir dilaskarfa









hlunnindi á Lönguskerjum. Hins vegar nefna þeir, að selveiði megi brúka frá Skildinganesi, en sú veiði kann að hafa farið fram í Hólmum eða á Lönguskerjum. Í kaflanum um spendýr í Gullbringusýslu segja Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson (1772), að landselur (*Phoca vitulina*) sé víða: "Hann er skotinn með byssu í sundunum við Reykjavík og Viðey" (bls. 265). Í lýsingu Gullbringusýslu frá 1792 í ferðabókinni, segir Sveinn Pálsson (1945) selveiði vera vanrækt á sýslunni, hvort sem það hafi átt við á Seltjarnarnesi eða ekki.

Faber minnst ekkert á seli í dagbók um ferðir sínar um Seltjarnarnes 1820-21. Atkinson segir aftur á móti í ferðabók 15. júní 1833: "Við rákumst á fjölda stórra sela (*Phoca Barbata*) á skerjum 2 eða 3 mílur frá Reykjavík ..." (Seaton 1989: 104). Latneska nafnið á við kampsel (sem reyndar heitir nú *Pagophilus groenlandicus*), en þetta hljóta að hafa verið útselir (*Halichoerus grypus*), eða e.t.v. landselir. Af samhengi í texta er álitid, að Atkinson eigi við skerin á Skerjafirði. Hörring (1907) getur sela tvisvar haustið 1907; 5 landselir lágu uppi í Suðurnesi 26. september og 35 voru á skerjunum í Skerjafirði 26. október.

Í yngri heimildum, eins og Fasteignabók 1942-44 og hlunnindahandbók Lárusar Á. Gíslasonar (1982), er hvergi minnst á selveiði innan marka núverandi bæjarfélags né í eyjunum sem áður tilheyrðu því (Akurey, Engey og Viðey).

Í 6. töflu er gefin nokkur hugmynd um, hversu algengir selir eru umhverfis Seltjarnarnes á seinni árum. Selir virðast eingöngu liggja uppi

6. tafla. Nokkrar talningar á selum við Seltjarnarnes á árunum 1975, 1986 og 1987.


Dags.	Landselir		Útselir	
	Löngu- og Lambastaðasker	Hólmar	Alls	
21.09.1975	6	0	6	
27.10.1975	0	8	8	
22.02.1986	11	6	17	
16.03.1986	2	4	6	1
27.03.1986	12	7	19	1
12.04.1986	7	8	15	1
17.03.1987	amk 4	0	amk 4	

Gögn: Árni Einarsson (1981 og munnl. uppl.) og JÓH. Talið var á fjöru árin 1986-87 (sbr. Erling Hauksson 1985).

á skerjunum á Skerjafirði. Þau eru nægilega fjarri mannaumferð til þess að selir haldist þar við, en selir eru vanalega nokkuð styggar skepnur.

Á 19. mynd sjást þeir staðir, þar sem selir sáust í talningum 1986 og 1987. Landselur var mun algengari en útselur, því aðeins sáust stök dýr af síðarnefndu tegundinni. Útselir voru oftast að dola í yfirborði sjávar. Þeir hafa sést með æti, t.d. sást einn éta krabba við Suðurnes 16. mars 1986. Einu sinni sást útselur liggja uppi í Lönguskerjum.

Vorið 1987 sáust 1-3 landselir oftlega á steini í Seltjörn við Suðurnes. Héldu þeir þar til í apríl og maí, en ekki er vitað hvort þeir hafi verið þar fram á sumar. Áður fyrr héldu selir sig oft á Suðurnestanga (AG).



Þar er ekki um reglulegan legustað að ræða lengur, líklega vegna umferðar við golfvöllinn í Suðurnesi. Landselir (1-2) sjást einnig tíðum við Gróttu, en Selsker, Eiðissker og Kerlingarsker virðast ekki freista sela sem legustaðir. Árið 1975 voru skerin á Skerjafirði einn aðeins þriggja helstu legustaða landsels á öllu svæðinu frá Kollafirði að Straumsvík (Árni Einarsson 1981).

Ef eitthvað, hefur selum fækkað frá því sem var fyrrum. Aldrei voru taldir fleiri en 19 í einu á tímabilinu 1975-87, en í upphafi aldarinnar sáust flestir 35 á sama tíma, eins og áður segir.

Landselur hefur greinilega ætíð verið langalgengasta selategundin á sundunum við Seltjarnarnes. Útsela er hvergi getið í rituðum heimildum með vissu, nema hjá Bjarna Sæmundssyni (1932) sem segir: "Hann ... sést ... við Suðurnes á Seltjarnarnesi" (bls. 189). Á 6. áratugnum sáust stöku útselir vestur af Suðurnesi (AG, munnl. uppl.), sem og enn.

Flækingsselir hafa einnig komið hingað. Bjarni Sæmundsson (1932) getur þess, að 14. júní 1915 hafi hringanóri (*Phusa hispida*) sést í Skerjafirði, en nákvæmlega hvar er ekki vitað.

5.4.2 Hvalir

Hvalir eru fremur fátíðir í sjónum fast við strendur Seltjarnarness. Nokkrar heimildir eru þó til um hvalreka eða lifandi hvali í sjónum undan ströndinni. Engar heimildir eru til um vöður eða aðra meiri háttar hvalreka, ef frá er talin vaða af marsvínum (*Globicephala melaena*), um 100 dýr, sem rekin voru á land á Seltjarnarnesi haustið 1818 (Annálar 19. aldar 1: 245). Þó má einnig geta marsvínavöðu, sem varð vart á Skerjafirði og rekin var inn á Fossvog árið 1932 (Bjarni Sæmundsson 1932, 1934, 1939, Árni Óla 1963).

Hér verða nefnd þau dæmi um hvalreka sem okkur er kunnugt um frá Seltjarnarnesi. Í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar (1772: 265) er talað um, að ungan "Grænlandshval" hafi rekið á Seltjarnarnesi árið 1763, en hann var 56 feta langur (sjá einnig Djáknaannála 1763 í Annálar 1400-1800: 128). Eiga þeir við aðra hvora sléttbakstegundina, líklega norðhval (*Balaena mysticetus*). Þann 20. október 1955 rak lifandi háhyrning (*Orcinus orca*) á Snoppu og var drepinn þar (Tíminn og Morgunblaðið 21.10.1955). Tvær hnísur (*Phocaena phocaena*) fundust reknar á Kotagrandi 2. maí 1973. Hinn 26. júlí 1984 strandaði hnísa í Eiðisvík en var bjargað á flot á ný (DV 27.07.1984). Loks sáust um 12 smáhveli, hnísur fremur en hnýðingar (*Lagenorhynchus albirostris*), að leik við bauju u.þ.b. kílómetra norðvestur af Suðurnesvörðu 25. ágúst 1986 (JÓH, Einar Ó. Þorleifsson).

Ljóst er, að fleiri hvali hafi borið upp í Seltjarnarnes, þótt okkur sé ekki kunnugt um fleiri ritaðar heimildir. Dreifing hvala á sundunum umhverfis nesið er sem næst ókunnug. Ýmsar hvalategundir eru e.t.v. allalgengar þar, s.s. hnísa, hnýðingur, háhyrningur o.s.frv. Mikil grásleppuveiði er allt í kringum nesið, eins og víða í grennd við þéttbýlið á suðvesturhorninu, og koma hnísur stundum í net á þessum slóðum (Ævar Petersen 1985).

5.4.3 Rottur og mýs

Upplýsingar um nagdýr eru afar takmarkaðar af Seltjarnarnesi, eins og víðast annars staðar af landinu. Á neginu hafa sést a.m.k. þrjár tegundir af músum og rottum, brúnrotta (*Rattus norvegicus*), húsamús (*Mus musculus*) og hagamús (*Apodemus sylvaticus*), en aðeins ein tegund nagdýra til viðbótar er þekkt í landinu.

Rottur urðu landlægar í Suðurnesi um og upp úr 1950. Talið var, að þær hafi útrýmt hagamúsum sem voru þar algengar áður. Þær voru jafnframt álitnar valda tjóni á eggjum og ungum (Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson 1955). Þetta hefur breyst á seinni árum.

Helstu upplýsingar um mýs og rottur á Seltjarnarnesi eru frá meindýraeyðum. Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar hefur annast eyðingu meindýra á Seltjarnarnesi hin síðari ár og veitti Ásmundur Reykdal góðfúslega eftirfarandi upplýsingar um rottu- og músæyðingu (munnl. uppl. 1987).

Rottu- og músagangur er nú talinn lítill á Seltjarnarnesi. Töluvert var um rottur á árunum 1973-75; þær voru t.a.m. algengar á sorphaugunum við austanverða Bakkatjörn (JÓH). Síðustu ár hefur verið minna um rottur en áður, samanborið við árin kringum 1975 eða 6. áratuginn. Kvörtunum vegna þessara dýra hefur og fækkað.

Samkvæmt beiðni okkar tók Ásmundur saman fjölda kvartana um rottu- og músagang það tímabil sem skýrslur ná yfir (frá 1981). Upplýsingar þessar er að finna í 7. töflu.

7. tafla. Músa- og rottugangur á Seltjarnarnesi
1981-1986.

Ár	Fjöldi kvartana*:		
	Mýs	Rottur	Alls
1981	24	70	94
1982	38	5	43
1983	28	5	33
1984	18	4	22
1985	26	4	30
1986	26	4	30

* Í þessum tölum eru líka eftirlitsferðir á vorin á nokkra staði á svæðinu, en ekki reglubundnar eitranir í holræsi.

Af 7. töflu má ráða, að músagangur hafi verið nokkuð svipaður ár frá ári á nesinu á 9. áratugnum. Hins vegar hefur greinilega tekist að ganga á rottustofninn. Síðari ár hafa ákveðin svæði skorið sig úr með rottu- og músagang. Rottur halda aðallega til umhverfis fiskverkunarhús á Snoppu og við golfvöllinn í Suðurnesi, en vart hefur orðið við einstaka rottur við Miðbraut.

Á hverju vori, fyrir varptíma, er farið í Gróttu, Suðurnes og nágrenni fiskverkunarhúsa á Snoppu og eitrað til að fyrirbyggja rottugang. Sams konar aðgerðir eru einnig framkvæmdar í holræsisbrunnum a.m.k. einu sinni á sumri.

Ein ástæða fyrir góðum árangri í baráttunni við rottur má líklega þakka því, að Seltjarnarnes hefur eigið holræsaferfi. Þannig eru minni líkur á rottugangi frá Reykjavík. Kringum 1975 voru ætisskilyrði auk þess mun betri fyrir rottur á nesinu en nú er. Síðan þá hefur verið gerð gangskör í því að bæta umgengni, s.s. laga til í kringum gripahús, hænsnakofa og fiskverkunarhús, svo rottur eigi erfiðara uppdráttar.

Því miður eru veiddar rottur og mýs í fæstum tilfellum greindar til tegundar. Þó má ætla, að langflestar "rottur" séu brúnrottur, enda eru svartrottur (*Rattus rattus*) sárastaldgæfar á Íslandi, og aðrar tegundir koma ekki til greina. Hvað mýs varðar, virðast hagamýs vera í meirihluta, sem marka má af því, að mýsa hefur einkum orðið vart á grennd við óbyggð svæði, t.d. umhverfis Valhúsað, Nesstofu og Bygggarð. Hinn 15. júní 1986 sáust 2 hagamýs í Gróttu. Mörg eintök, sem safnað var á Seltjarnarnesi um og fyrir 1960, eru til af þessari tegund í safni Náttúrufraeðistofnunar.

5.4.4 Refir og minkar

Refir (*Alopex lagopus*) hafa sennilega verið sjaldgæfir á Seltjarnarnesi eftir að byggð tók að þéttast í Reykjavík. Fyrir þann tíma má búast við, að þeir hafi átt þar óðul, eins og víða annars staðar við sjávarsíðuna, þar sem fæðu er að hafa. Einu upplýsingar um töfur sem fundust í heimildum eru þessar: Hinn 15. júní 1833 sá Atkinson hvíta töfu, sennilega á Valhúsað (Seaton 1989). Og í Tímanum 22. nóvember 1919 segir: "Tófa var skotin nýlega á Seltjarnarnesi og mun vera mjög langt síðan, að slíkt hefir borið við" (bls. 352).

Minkar (*Mustela vison*) voru fyrst fluttir til landsins árið 1931. Þeir sluppu snemma úr haldi, en fyrstu grenin úti í náttúrunni fundust við Elliðaár í Reykjavík vorið 1937 (Karl Skírnisson og Ævar Petersen 1980). Minkur hefur aldrei verið landlægur á Seltjarnarnesi, og ekki er vitað til, að greni hafi fundist þar. Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson (1955) geta þess, að minkur hafi ekki verið landlægur á nésinu á 6. áratugnum. Tvisvar fannst þó dauður minkur, og einn var skotinn. Hólmjárn J. Hólmjárn (1949) getur þess, að árið 1946 hafi skrifstofa loðdýraræktarinnar greitt verðlaun fyrir 2 dýr unnin í hreppnum, 1947 fyrir 16 dýr, þ.a. 4 hvolpa, og 1948 fyrir 1 dýr. Þá náði hreppurinn einnig yfir Kópavog, og sennilega hafa flest þessara dýra verið veidd utan núverandi marka Seltjarnarnesbæjar.

Ef til vill slæðast stöku minkar enn vestur yfir bæjarmörkin. Æti ætti að vera víða fyrir þá í fjörum, en við sjávarsíðuna lifa minkar fyrst og fremst á sjávarfangi (Karl Skírnisson 1979). Upplýsingar skortir um minka á nésinu hin síðari ár. Þó hafa slóðir sést að vetrarlagi.

5.5 Ástand dýralífs og frekari athuganir

Segja má, að ástand dýralífs á Seltjarnarnesi sé ágætt. Þótt benda megi á ýmsar neikvæðar breytingar sem orðið hafa fyrir áhrifa manna, er þar enn óvenju auðugt fuglalíf, miðað við marga aðra staði á landinu. Einnig hafa tegundir bæst við sem varpfuglar síðustu áratugi, sumar a.m.k. óbeint fyrir atbeina mannsins.

Varðandi fuglalífið er nauðsynlegast, eins og mál standa núna, að gera skipulega könnun á fjölda og útbreiðslu varpfugla hið fyrsta. Niðurstöður slíkrar athugunar auðveldar allt seinni tíma mat á þeim breytingum sem kunna að eiga sér stað.

Einnig er æskilegt til lengri tíma, að einhver aðili sé ábyrgur fyrir því að fylgjast með fuglalífinu og koma með tillögur til úrbóta, ef þörf krefur.

6 NÁTTÚRUVERND

Kristbjörn Egilsson og Ævar Petersen

6.1 Friðlýstir staðir og náttúruminjar

Yfirlit yfir friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar í landinu er að finna í Náttúruminjakrá (1988), sem gefin er út af Náttúruverndarráði. Þar er í fyrsta lagi yfirlit yfir svæði og staði sem friðlýstir hafa verið samkvæmt náttúruverndarlögum eða sérlögum. Slík svæði eru flokkuð í þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti og fólkvanga. Í öðru lagi er þar skrá yfir ófriðlýstar náttúruminjar, sem æskilegt er að verði ekki spillt.

Takmark með friðlýsingu er að tryggja varðveislu lífs og landslags og hindra ofnýtingu. Friðlýsingu fylgja því oft nokkrar takmarkanir á nýtingu, en um leið er réttur almennings til umferðar að öllum jafnaði tryggður. Um tilgang náttúruminjakrár segir m.a.:

"Það hefur lengi verið álit manna að gera þurfi heildaryfirlit yfir þau svæði eða staði sem ekki hafa verið friðlýst enn, en hafa eitthvað það til að bera sem þjóðinni er mikils virði að eiga og vart eða ekki verður bætt, sé því raskað. Slíkri skrá er m.a. ætlað að marka stefnu í friðlýsingarmálum, og undirbúa jarðvegin fyrir viðræður rétthafa um þau efni. Það er og mikilvægt fyrir þá sem leggja á ráðin og taka ákvarðanir um ný mannvirki og hvers konar breytingar á landi, að vita hvar síst má raska náttúrunni. Um leið er skránni ætlað að vera leiðarvísir varðandi skipulag og notkun lands.

Hér er meðal annars átt við þau svæði, sem fólki þykja vistleg til dvalar í frístundum, tilkomumikil og fögur, t.d. vegna óvenjulegrar fjölbreytni í landslagi og litarfari. Ekki er síður um að ræða þá staði, sem geyma vitnisburð um myndun og mótn landsins og sjaldgæf tilbrigði um náttúrufar þess. Með því að tengja saman hugmyndir um landþörf til útílls og náttúruskoðunar, vísindaiðkana og fræðslu um líf og land, gera menn sér betur grein fyrir einni af auðlindum landsins, sem gegnir miklu hlutverki í þjóðlífinu og þarfnast verndar og umhyggju, ekki síður en þær sem standa undir tekjuöflun" (Náttúruminjakrá 1988, bls. 7).


Varast ber að telja náttúruminjakrá tæmandi. Óskráðir staðir geta haft mikið náttúruverndargildi, þótt ýmsar ástæður m.a. skortur á rannsóknnum kunna að valda því, að gildi þeirra er ekki enn fullþekkt og þær þess vegna ekki verið færðar á skrá. Því ber að hafa í huga ákvæði 29. gr. náttúruverndarlaga, en þar segir m.a.: "Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á, að landið breyti um svip, að merkum náttúruminum verði spillt eða að hættu á mengun lofta eða lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast" (lög nr. 47/1971).

6.2 Náttúruminjar á Seltjarnarnesi

Á Seltjarnarnesi (20. mynd) er nú einn staður lýstur friðland en tveir til viðbótar eru á náttúruminjakrá.

Gróttta var lýst friðland árið 1974, en friðlýsingin var endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 13/1984. Stærð Grótttu er 5 ha., og er henni lýst í Stjórnartíðindum sem varplandi með miklu fuglalífi og lífríku fjörum, bæði hvað varðar þörungum og smádýralíf.

Mismunandi reglur gilda um friðlönd. Þær ströngustu kveða á um algjöra lokun, t.d. Surtseyjar og Eldeyjar. Stundum er um að ræða tímabundna lokun yfir varptíma, t.d. Grótttu. Oftast eru þetta þó stór svæði, þar sem umferð er



leyfð allt árið skv. ákveðnum reglum, t.d. Hornstrandir. Í friðlöndum er öll mannvirkjagerð og jarðrask háð leyfi Náttúruverndarráðs.

Kolli Valhúsahæðar ofan Skólabrautar og Stranda er lýst sem útivistar- og útsýnisstað í þéttbýli. Þar er eini bletturinn á nesinu sem eftir er með mólendisgróðri. Valhúsahæð hefur verið á náttúruminjaskrá frá árinu 1981.

Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes, fjörur kringum nesið frá Bakka að Bygggarði, Suðurnes allt, Kotagrandi, Bakkagrandi og Bakkatjörn, er á náttúruminjaskrá. Þessu svæði er lýst þannig, að þar séu fjölbreyttar fjörur og strandgróður, sjávartjarnir, ríkulegt fuglalíf, jarðlög með skeljaeifum frá síðasta hlýskeyði ísaldar og ísaldarlokum, auk þess að vera vinsælt útivistarsvæði. Á náttúruminjaskrá frá árinu 1981.

Eftir að menn fóru að átta sig á mikilvægi þessara svæða, virðist svo sem flestir hafi verið tiltölulega sammála um, að þau nytu sín best í náttúrulegu horfi. Þetta kemur m.a. fram í ritum um náttúrufar á þessum slóðum, t.d. náttúruminjaskrá Náttúruverndarfélags Suðvesturlands (Anon 1973), votlendisriti Landverndar (Anon 1974), riti Náttúruverndarráðs um náttúruvernd á höfuðborgarsvæðinu (Árni Einarsson 1981) og náttúrufarskönnun á Innnesjum (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1985).

Einnig virðist bæjarstjórn hafa verið jákvæð gagnvart náttúruvernd á nesinu. Má þar nefna að í fundargerð eftir fund fulltrúa Náttúruverndarráðs og bæjarstjórnar 21. janúar 1975 komu fram hugmyndir um fólkvang á Suðurnesi, við Bakkatjörn og á sjávarbökkum að vestan- og norðanverðu á nesinu. Ennfremur segir: "Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir við hugmyndina um friðlýstar fjörur og er fremur hlynnt slíkri ráðstöfun. Gert er ráð fyrir að sjávarbakkar verði almennt óbyggðir" (bls. 1). Þessar tillögur eru enn í fullu gildi, og í fundargerðinni segir ennfremur: "Niðurstaða fundarins er sú, að hugmyndir Náttúruverndarráðs og bæjarstjórnar um náttúruvernd á Seltjarnarnesi fara saman í öllum aðalatriðum. Helstu vandamálin, sem ræða þarf betur, er nánari tilhögun mannvirkjagerðar í nágrenni Bakkatjarnar, tilhögun og gerð sjóvarnargarða.... Heimamenn lýstu sig reiðubúna til að eiga áfram samstarf við Náttúruverndarráð og er stefnt að áframhaldandi viðræðum jafnskjótt og skipulagstillögur bæjarins liggja fyrir" (bls. 3).

6.3 Tillögur um framtíðarskipan náttúruverndar

Eftir þá úttekt sem nú hefur verið unnin á náttúrufari nesisins og lesa má um í þessari skýrslu, hafa nánari upplýsingar bæst við um sérstöðu og gildi þeirra svæða sem enn eru óbyggð á Seltjarnarnesi. Þessar upplýsingar gera mögulegt að koma með tillögur um hvernig best megi varðveita þá villtu náttúru sem eftir er á nesinu, þannig að náttúrufar þessa svæðis geti þróast á eðlilegan hátt, lífríkinu til framdráttar og íbúum til ómældrar fræðslu og ánægju.

Fjölbreytni lífríkis og aðrir umhverfisþættir, s.s. staðhættir og landslag, gera Framnesið þýðingarmikið til útivistar. Þýðing þess felst ekki síst í því, að það er steinsnar frá þéttbýlinu á Seltjarnarnesi, og stutt er til annarra hluta stærsta þéttbýliskjarna landsins. Þá hentar Seltjarnarnes vel til kennslu og hvers konar fræðslu um náttúrufræði. Landslag er aðgengilegt og útsýni víðáttumikið. Innan svæðisins eru merk söguleg og jarðfræðileg fyrirbæri. Fjörumórinn við Seltjörn og á Bakkagrandi er ekki aðeins merkilegur jarðsögulega, heldur hýsir hann einnig óvenjulegt smádyralíf.

Í framhaldi af þessu leggjum við til, að stofnað verði til fólkvangs á

Framnesinu. Helstu forsendur fyrir tillögum okkar eru eftirfarandi:

1. Að landslag, landmótun og ytra form svæðisins haldi sér, þannig að heildarsvipur og tenging við byggð svæði verði eðlileg.
2. Að í landi bæjarins verði til dæmi um þau gróðurlendi sem enn eru óskemmd, þannig að þar verði um ókomin ár hægt að skoða allar þær villtu plöntutegundir sem á nésinu vaxa í sínu umhverfi.
3. Að hið fjölbreytta fuglalíf fái áfram að dafna eftir eigin lögmálum. Slíkt verður ekki nema varpstaðir, fæðuöflunarstaðir, setstaðir og hvíldarstaðir fugla verði varðveittir.
4. Að jarðfræðiminjar sem merkar eru fái að haldast sem mest óskertar.
5. Að íbúar bæjarins hafi tækifæri til þess að komast út í tiltölulega óspillta náttúru skammt frá heimilum sínum, sér til heilsubótar, skemmtunar og fróðleiks.
6. Að nemendur og kennarar geti nú sem fyrr sótt þekkingu og fræðslu á vit villtrar náttúru á nésinu. Nú nota t.d. grunnskólarnir, Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands fjörunar til að afla gagna til kennslu á smádýralífi og þörungum auk fuglalífsins.

Mjög hefur þrengt að opnum svæðum síðustu áratugi við það að byggð og önnur umsvif mannsins hafa verið að þenjast út. Sem betur fer eru þýðingarmestu svæðin enn að mestu óskert. Lagt er til, að svo verði áfram. Seltjarnarnesbær ætti að vera stoltur af því að hafa svæði sem utanvert nesið við bæjardyrnar og leggja sitt að mörkum til að viðhalda til frambúðar hinn fjölbreyttu náttúru þess. Til að ná því marki, verður að vernda viðkvæmustu staðina, þ.e. tjarnirnar og nágrenni þeirra, Suðurnes og Seltjörn. Sjálfsagt er að vernda fjörur, en þeim virðist ekki vera eins mikil hætta búin eins og málum er nú háttað og fyrirnefndum svæðum.

Þannig yrðu tengd saman svæðin sem nú eru á náttúrumínjaskrá og eru enn ófriðlýst við Gróttufriðland og spildur vestan og norðvestan við Nesstofu. Til að aðkoman að svæðinu verði opin og óþvinguð er nauðsynlegt að Snoppa og vestasti hluti Ráðagerðistúns verði án mannvirkja. Einnig er lagt til, að ekki verði byggt milli Nesstofu og Bakkatjarnar.

Seltjörn er tengd Suðurnesi og gröndunum ásamt Bakkatjörn. Það svæði getur síðan tengst Nesstofu og umhverfi. Lagt er til að Nesstofa verði ekki afgirt með byggð, heldur haldist frá henni opin og óskert sjónlína yfir allt svæðið, milli suður- og norðurstranda, án truflunar frá mannvirkjum. Með því móti helst þetta skemmtilega svæði með merku fuglalífi, fallegu gróðurfari, merkri jarðsögu og sögustöðum opið. Byggð milli Nesstofu og Bakkatjarnar myndi þar að auki raska mikilvægum setstöðum og varplöndum fugla á svæðinu.

Tjörn í Dal, Búðatjörn og Bakkatjörn og umhverfi þeirra eru forgangssvæði, enda mjög viðkvæmar fyrir hvers kyns röskun og umferð. Umhverfi Búðatjarnar var töluvert raskað þegar golfvöllurinn var lagður, en ekki svo, að stórskafi sé. Vert er að hafa í huga, að tvær tjarnir á Seltjarnarnesi, Eiðistjörn og Lambastaðatjörn, hafa þegar horfið vegna verklegra framkvæmda.

Til þess að þetta geti gengið eftir, þurfa opinberir aðilar að eignast þau svæði sem enn eru í einkaeign utan byggðar á nésinu. Ríkið hefur þegar keypt Nesstofu, fjósið og lóðarskika, fyrsta hluta 1976, annan 1979 og þann þriðja 1989, samtals tæplega 8000 m². Þetta svæði er nú friðað skv.

Þjóðminjalögum og er í umsjá Þjóðminjasafns.

Dýralíf er ekkert sem helst óbreytt um aldur og æfi. Lifandi náttúra er sífelldum breytingum undirorpin. Umskipti verða þó gjarnan sneggri en ella fyrir ýmsar athafnir mannsins. Ef að líkum lætur, verður umferð manna sífellt meiri á nesinu. Ef ekki er að gáð, gæti fuglalífi hnignað snögglega, og ekki orðið nema svipur hjá sjón. Upplýsingar þurfa því að vera til staðar til þess að meta hvort og hvaða breytingar eigi sér stað.

Það þarf að takmarka umgengni um varptíma í vissum hlutum fólkvangsins. Þetta á einkum við um Kotagrandi og svæðið við Bakkatjörn norðan- og austanverða. Hundar, jafnvel í taumi, hafa t.d. mjög truflandi áhrif á fugla á hreiðri. Lagt er til, að gæludýr séu útilokuð frá svæðinu yfir sumarmánuðina, frá apríl fram eftir ágúst. Ákveðnar reglur gilda nú þegar í Gróttu um varptímann.

Umferð smábáta og sjósleða fylgir oft hávaði og truflun, en mikil aukning er um þessar mundir á þesskonar íþróttum. Á stöðum sem áður voru afskekktir og með lítilli umferð er nú hávaði og hröð umferð. Þetta á t.d. við um vestanverða Bakkavík, þar sem eru víðfeðm kræklingamið og mikilvægar fæðustöðvar æðarfugls og fleiri fugla. Því er lagt til, að siglingaleið báta til og frá smábátahöfninni í Bakkavík verði afmörkuð austur og inn með nesinu. Á þennan hátt er hægt að beina bátaumferð framhjá þessu svæði. Sama er að segja um Eiðisvík, en fuglalíf er mikið þar á grunnsævinu.

Valhúsahæð er ekki lengur svipur hjá sjón hvað villtan gróður varðar. Þó er enn mögulegt að varðveita hluta upprunalegs gróðurs á hæðinni, ef vilji er fyrir hendi. Hér er einkum átt við mólendið, því ef það hverfur mun villtum tegundum sem finnast innan bæjarfélagsins fækka til muna.

Gömul hús, sem ætlunin er að varðveita, mætti nýta til að kynna náttúrufræði nassins með smá sýningum, námskeiðum, erindum eða öðru sem er til fróðleiks og kynningar. Náttúrufræðistofa Seltjarnarness gæti gengt lykilhlutverki í þessu fræðslustarfi. Ef til vill mætti tengja þessa starfsemi því, sem þegar er byrjað að koma á laggirnar í gömlu húsunum á Nesi. Þjóðminjasafn er byrjað að koma á fót lækningasögusafni í Nesstofu. Lyfsalar keyptu útihús sem fylgdu Nesi og eru að koma þar upp lyfsölusafni.

Nauðsynlegt er að taka saman stuttan bækling um svæðið og náttúru þess, Seltjarnarnesbúum og öðrum til ábendingar og fróðleiks. Lagt er til, að fuglaskoðunarskýli verði reist á Bakkagrandi í því skyni að almenningur geti notið fuglalífsins betur. Einnig að sett verði upp skilti sem benda á það helsta sem fyrir augu ber.

Við leggjum til, að komið verði á fastri skipan göngustíga. Við lýsum okkur reiðubúna til viðræðna um tillögur þaraðlútandi, þannig að náttúrufar skaðist sem minnst.

6.4 Að lokum

Mjög hefur þrengt að opnum svæðum síðustu áratugi, enda byggð og önnur umsvif manna þanist út. Sem betur fer, eru þýðingarmestu svæðin enn að mestu óskert á Seltjarnarnesi. Viða eru opinber yfirvöld að átta sig betur á gildi slíkra óbyggðra svæða rétt við bæjardyrnar, eins og sjá má í nýlegum bæklingi Norrænu ráðherranefndarinnar, Útivist í nánd við þéttbýli, sem gefinn var út 1990.

Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi eru líklega í erfiðri aðstöðu frammi fyrir ákvörðun um nýtingu Framnessins. Hagsmunir landeigenda, útivist og

umhverfisvernd stangast að sumu leyti á. Skortur á landrými til byggingaframkvæmda er fyrirsjáanlegur á Seltjarnarnesi áður en langt um líður. Flest óbyggð svæði önnur verða fullnýtt innan fárra ára. Engu máli skiptir hvort landrými sé fyrir nokkur hundruð manns færri eða fleiri. Ef Framnesinu verður fórnað undir mannvirki, yrðu núverandi íbúar Seltjarnarness töluvert fátækari. Ekki má gleymast, að ánægjustundir og sú lífsfylling sem fólgin er í útivist verður seint metin til fjár. Útivist er m.a. fólgin í fjölbreyttri náttúru, og án hennar yrði Seltjarnarnes snöggum svipminna.

7 RITASKRÁ

JARÐSAGA

- Árni Hjartarson 1980. Siðkvarteri jarðlagastaflinn í Reykjavík og nágrenni. Náttúrufr. 50: 108-117.
- Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Dagbjartur Sigursteinsson, Helga Tulinius, Hrefna Kristmannsdóttir og Sigurður Benediktsson 1984a. Seltjarnarnes, hola SN-06. Borun fyrir 13 3/8" fóðringu í 416 m. Orkustofnun. OS-84081/JHD-34 B. 19 bls.
- Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Jens Tómasson og Þorsteinn Thorsteinsson 1984b. Seltjarnarnes, hola SN-05. Framkvæmd borunar, jarðlagaskipan og örvunaraðgerðir. Orkustofnun. OS-84091/JHD-41 B. 30 bls.
- Ásgrímur Guðmundsson 1975. Setlög á Seltjarnarnesi. Háskóli Íslands. Handrit 15 bls. og kort.
- Áslaug Geirsdóttir 1979. Fossvogslögin. Óprentuð prófritgerð við Háskóla Íslands. 72 bls.
- Bruun, P. 1985. Sedimentary balances - land and sea - with special reference to the Icelandic south coast from Thorlákshöfn to Dyrhólaey. River nourishment of shores - practical analogies on artificial nourishment. Í: Sigbjarnarson, G. (ed.). Iceland Coastal and River Symposium, Proceedings. Bls. 17-32.
- Fjarhitun 1983. Landbrot og flóðahætta á Reykjanesi. Könnun ástands og hugmyndir um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir Hafnarmálastofnun Ríkisins. 196 bls.
- Guðmundur Kjartansson, Sigurður Þórarinnsson og Þorleifur Einarsson 1964. C14-aldursákvæðanir á sýnishornum varðandi íslenska kvarterjarðfræði. Náttúrufr. 34: 97-145.
- Haukur Jóhannesson 1985. Jarðfræði Innnesja. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Innnes, náttúrufar, minjar og landnýting. Reykjavík. Bls. 17-22.
- Hrefna Kristmannsdóttir 1986. Exploitation-induced infiltration of seawater into the Seltjarnarnes geothermal field, Iceland. Geothermal Resources Council, Transactions 10: 389-393.
- Ingvar B. Friðleifsson 1985. Jarðsaga Esju og nágrennis. Árbók Ferða-félags Íslands 1985. Bls. 141-172.
- Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Hrefna Kristmannsdóttir og Ingvar B. Friðleifsson 1977. Höfuðborgarsvæði. Jarðhitarannsóknir 1965-1973. Orkustofnun. OS-JHD-7703. 109 bls.
- Jón Jónsson 1956. Kísilþörungur í Seltjarnarmónum. Náttúrufr. 26: 199-205.
- Jón Jónsson 1960. Jökulberg í nágrenni Reykjavíkur. Náttúrufr. 30: 55-67.
- Jón Jónsson 1985. "Ef byggir þú vinur". Sveitarstjórnarmál 1985: 84-87.
- Kristján Sæmundsson og Sigmundur Einarsson 1980. Jarðfræðikort af Íslandi. Blað 3, Suðvesturland. 2. útgáfa. Reykjavík.
- Leiðsögubók fyrir sjómenn við Ísland 1932. Vitamálastofan. Reykjavík. 160 bls.
- Lúðvík S. Georgsson 1985. Höfuðborgarsvæði - Borgarfjörður. Niðurstöður viðnámsmælinga. Orkustofnun. OS-85111/JHD-14. 41 bls.
- Sigurður B. Sívertsen 1971. Suðurnesjaannáll. Í: Jón Thorarensen ritaði og tók saman. Rauðskinna hin nýrri III. Reykjavík. Bls. 7-46.
- Sigurður Þórarinnsson 1956. Mórinn í Seltjörn. Náttúrufr. 26: 179-193.
- Tómas Tryggvason og Jón Jónsson 1958. Jarðfræðikort af nágrenni Reykjavíkur. 1:40 000. Reykjavík.
- Trausti Einarsson 1946. Afstaða láðs og lagar á síðustu árpúsundum. Skírnir 1946: 163-201.
- Veðráttan. Mánaðaryfirlit samið á Veðurstofunni. 1923-1985.
- Þorbjörn Sigurgeirsson 1970. Aeromagnetic survey of SW Iceland. Vís.fél. Ísl., Science in Iceland 2: 13-20.

- Þorleifur Einarsson 1956. Frjögrening fjörumós úr Seltjörn. Náttúrufr. 26: 194-198.
- Þorleifur Einarsson 1974. Jarðfræði Reykjavíkur og nágrennis. Í: Reykjavík í 1100 ár. Safn til sögu Reykjavíkur. Bls. 33-52.
- Þorleifur Einarsson 1985. Jarðfræði. 5. útgáfa. Reykjavík. 233 bls.

GRÓÐURFAR

- Ágúst H. Bjarnason 1983. Íslensk flóra með litmyndum. Reykjavík. 352 bls.
- Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Reykjavík. 306 bls.
- Hörður Kristinsson. Flóra Reykjanesskaga (landnám Ingólfs Arnarsonar). Afmarkað af Botnsá í Hvalfirði, Öxarárdal, Þingvallavatni, Soginu og Ölfusá. Handrit. 38 bls.
- Ingólfur Davíðsson 1939. Gróðurannsóknir á Reykjanesskaga 1937-1939. Skýrsla um Hið íslenska náttúrufræðifélag, félagsárin 1937-1938. Bls. 39-50.
- Jóhannes Lid 1974. Norsk og Svensk flora. Oslo. 808 bls.
- Kristbjörn Egilsson 1989. Gróður á sunnanverðum Reykjanesskaga. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Náttúrufar á sunnanverðum Reykjanesskaga. Reykjavík. Bls. 23-34.
- Oddur Hjaltalín 1830. Íslensk grasafræði. Kaupmannahöfn. 379 bls.
- Stefán Stefánsson 1948. Flóra Íslands. III. útgáfa. Akureyri. 407 bls.
- Steindór Steindórsson 1978. Íslensk plöntunöfn. Reykjavík. 207 bls.
- Tutin, T.G., V.H. Heywood, N.A. Burges, D.M. Moore, D.H. Valentine, S.M. Walters og D.A. Webb 1964-1980. Flora Europaea. Cambridge. I.-V. bindi. 2246 bls.

DÝRAFRÆÐI

- Agnar Ingólfsson 1975. Lífríki fjörunnar. Í: Votlendi. Rit Landverndar 4. Reykjavík. Bls. 61-99.
- Agnar Ingólfsson 1977. Rannsóknir í Skerjafirði. II. Lífríki fjöru. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit 10. 94 bls.
- Agnar Ingólfsson 1984. Lífríki fjöru á svæðinu frá Höfnum að Kjalarnesi með tilliti til staðsetningar á verksmiðjurekstri. Skýrsla til Náttúrufræðistofnunar. 17 bls.
- Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson 1955. Fuglalíf á Seltjarnarnesi. Náttúrufr. 25: 7-13.
- Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson 1957. Fuglalíf á Seltjarnarnesi. Viðbótarathuganir. Náttúrufr. 27: 126-133.
- Alþýðublaðið 13.9.1960. Svanastrið. 41: 3.
- Annálar 1400-1800 1987. Úr Djáknaannálum 1731-1794. 6. bindi. Félagsprentsmiðjan, Reykjavík. Bls. 1-300.
- Annálar 19. aldar 1912-1922. 1. bindi 1801-1830. Akureyri. 472 bls.
- Anon 1975. Skrá um votlendi. Í: Votlendi. Rit Landverndar 4. Reykjavík. Bls. 206-238.
- Árni Einarsson 1981. Höfuðborgarsvæðið. Náttúruvernd. Fjölrit Náttúruverndarráðs 13. 36 bls.
- Árni Friðriksson 1936. Marhálmurinn. Náttúrufr. 6: 40-49.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín 1923. Jarðabók. 3. bindi. Kaupmannahöfn. 468 bls.
- Árni Óla 1968. Reykjavík eignast Eiði. Í: Svipur Reykjavíkur. Reykjavík. Bls. 167-178. [Endurútgefið í Reykjavík fyrri tíma. Sögukaflar 1986. Hafnarfjörður. 512 bls.].
- Arnþór Garðarsson 1968. Hvinendur á Íslandi og nokkur orð um ákvörðun hvinandar. Náttúrufr. 37: 76-92.
- Arnþór Garðarsson 1975. Íslenskir votlendisfuglar. Í: Votlendi. Rit Landverndar 4. Reykjavík. Bls. 100-134.
- Arnþór Garðarsson og Kristín Aðalsteinsdóttir 1977. Rannsóknir í Skerjafirði. I. Botndýralíf. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit 9. 82 bls.

- Arnbór Garðarsson og Ólafur K. Nielsen 1989. Fuglalíf á tveimur leirum við Reykjavík. Náttúrufr. 59: 59-84.
- Björn Teitsson 1974. Byggð í Seltjarnarneshreppi hinum forna. Í: Reykjavík í 1100 ár. Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík. Bls. 75-91.
- Bullock, I.D. & C.H. Gomersall 1981. The breeding populations of terns in Orkney and Shetland in 1980. Bird Study 28: 187-200.
- Dagblaðið Vísir 27.7.1984. Hnísu bjargað af strandstað á Seltjarnarnesinu. 74 og 10: 1.
- Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson 1772. Reise igiennem Island. Soröe.
- Erlingur Hauksson 1985. Fylgst með landselum í látrum. Náttúrufr. 55: 119-131.
- Erpur Snær Hansen og Ólafur Einarsson 1987. Fuglar og fuglaskoðun í Reykjavík. Náttúruverkur, í handriti.
- Faber, F. Dagbog under Reise i Island 1819-21. Varðveitt á filmu á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Fasteignabók 1942. Reykjavík 1942-1944. 109 bls.
- Finnur Guðmundsson 1954. Íslenzkir fuglar X. Svartbakur (*Larus marinus* L.). Náttúrufr. 24: 177-183.
- Finnur Guðmundsson 1956. Blinda blágæsin. Tíminn 21. okt. 40: 5.
- Finnur Guðmundsson 1962. Fuglalífið á Reykjavíkurtjörn. Náttúrugripasafnið. Fjölrítuð skýrsla. 9 bls.
- Fjelds, J. 1975. En taksering af hættem ge *Larus ridibundus* og havterne *Sterna paradisaea* i Mývatn-omrødet, N.Ö. Island. Dansk orn. foren. Tidsskr. 69: 65-72.
- Fundargerð um náttúruvernd á Seltjarnarnesi 1975. Fundur fulltrúa bæjarstjórnar og Náttúruverndarráðs 21. janúar 1975, fundarritari Árni Reynisson. 3 bls.
- Gunnlaugur Pétursson 1987. Flækingsfuglar á Íslandi: Máfar. Náttúrufr. 57: 57-79.
- Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1980. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1979. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrít. 35 bls.
- Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1982. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1980. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrít. 51 bls.
- Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1983. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1981. Bliki 1: 17-39.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1984. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1982. Bliki 3: 15-44.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1985. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1983. Bliki 4: 13-39.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1986. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1984. Bliki 5: 19-48.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1988. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1985. Bliki 6: 33-68.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1989. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1986. Bliki 7: 23-48.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1989. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1987. Bliki 8: 15-46.
- Hörring, R. Reise i Island 1905-1908. Dagbækur úr Íslandsferðum. Handrit varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Hafliði Jónsson 1980. Tjörnin og fuglalífið. Skýrsla til Umhverfismálaráðs Reykjavíkurborgar, handrit.
- Jóhann Ó. Hilmarsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1974. Breytingar á fuglalífi Seltjarnarness (frá því að Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson gerðu athuganir sínar þar [1952-57]). Menntaskólinn í Reykjavík. Handrit. 18 bls.
- Karl Gunnarsson og Konráð Þórisson 1976. Áhrif skólpmengunar á fjöruþörunga í nágrenni Reykjavíkur [við Bakkavík]. Hafrannsóknarstofnun. Fjölrít. 19 bls.
- Karl Gunnarsson og Konráð Þórisson 1976. The effect of sewage on the distribution and cover of littoral algae near Reykjavík. Preliminary results. Acta Bot. Isl. 4: 58-66.

- Karl Skírnisson og Ævar Petersen 1980. Minkur. Í: Villt spendýr. Rit Landverndar 7. Reykjavík. Bls. 80-94.
- Karl Skírnisson 1979. Fæðuval minks í Grindavík. Náttúrufr. 49: 194-203.
- Kennaraháskóli Íslands 1982. Bakkatjörn. Verkefni í líffræðivali á 3. ári. Umsjón Stefán Bergmann. Skýrslur, ásamt töflum og myndum. Handrit.
- Kjartan G. Magnússon 1986. Bókfinka kemur upp ungum á Íslandi. Bliki 5: 1-2.
- Kristbjörn Egilsson, Ævar Petersen, Bergþór Jóhannsson og Haukur Jóhannesson 1985. Verndarsvæði á Innnesjum. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Innnes. Náttúrufar, minjar og landnýting. Reykjavík. Bls. 73-83.
- Lárus Ág. Gíslason 1982. Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi. Reykjavík. 334 bls.
- Morgunblaðið 21.10.1955. [Háhyrningur á Seltjarnarnesi]. 42: 16.
- Morgunblaðið 21.5.1960. Álftr verpir við Eiðistjörn. 47: 20.
- Morgunblaðið 15.9.1960. Hernaðarástand á Tjörninni. 47: 3.
- Morgunblaðið 11.5.1961. [Álftr verpur við Eiðistjörn]. 48: 24.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1973-1979. Fuglatalningaskýrslur árunna 1972-1978. Suðvesturland. Fjölrit.
- Nettleship, D.N. 1976. Census techniques for seabirds of arctic and eastern Canada. Can. Wildl. Serv. Occ. Paper nr. 25. 33 bls.
- Nýja Dagblaðið 22.2.1934. Merkilegt fuglalíf. 2: 4.
- Ólafur Lárusson 1936. Hversu Seltjarnarnes byggðist. Í: Landnám Ingólfs, Safn til sögu þess II.1. Reykjavík. Bls. 21-58.
- Ólafur K. Nielsen 1978. Fuglalífið á Reykjavíkurtjörn. Háskóli Íslands. Prófrítgerð. 50 bls. + 30 bls. með töflum og myndum.
- Ólafur K. Nielsen 1985. Hnúðsvanir á Íslandi. Bliki 4: 2-7.
- Ólafur K. Nielsen og Jóhann Ó. Hilmarsson 1988. Stofnstærð, varphættir og atferli fugla á Tjörninni 1988. Fjölrituð skýrsla. 56 bls.
- Ólafur K. Nielsen 1989. Fuglarannsóknir við Tjörnina 1989. Fjölrituð skýrsla. 32 bls.
- Seaton, A.V. 1989. Journal of an Expedition to the Feroe and Westman Islands and Iceland 1833 by George Clayton Atkinson. Newcastle upon Tyne. XIV + 187 bls.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1978. Landnám starans á Íslandi og útbreiðsla. Háskóli Íslands. Prófrítgerð. 31 bls.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1981. Landnám, útbreiðsla og stofnstærð stara á Íslandi. Náttúrufr. 51: 145-163.
- Skúli Magnússon 1935-36. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu [1785]. Í: Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess I. Reykjavík. Bls. 1-196.
- Stefán Bergmann 1979. Útlíf í þéttbýli. Í: Útlíf. Rit Landverndar 6. Reykjavík. Bls. 121-132.
- Stjórnartíðindi B, nr. 219/1974. Auglýsing um friðland í Gróttu.
- Stjórnartíðindi B, nr. 13/1984. Auglýsing um friðland við Gróttu.
- Sveinn Pálsson 1955. Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir 1791-97. Reykjavík. 813 bls.
- Tíminn 22.11.1919. [Tófa var skotin ...]. 3: 352.
- Tíminn 21.10.1955. Hvalur unninn á Seltjarnarnesfjöru í gær. 39: 1.
- Tíminn 19.7.1960. Lögðu loft undir væng [álftravarp við Eiðistjörn]. 44: 16.
- Tíminn 13.9.1960. Álftrastrið á Tjörninni. 44: 3.
- Tíminn 15.9.1960. [Álftrastrið á Tjörninni]. 44: 1.
- Vísir 12.9.1961. Átök á Tjörninni [Um álftravarp við Eiðistjörn]. 51: 1 & 5.
- Þjóðviljinn 13.9.1960. Ófriður á Tjörninni [Um álftravarp við Eiðistjörn]. 25(204): 5.
- Ævar Petersen 1982. Sjöfuglar. Í: Fuglar. Rit Landverndar 8. Reykjavík. Bls. 15-60.
- Ævar Petersen 1983. Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur. Bliki 2: 28-42.

- Ævar Petersen 1985. Dýralíf Innnesja. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Innnes. Náttúrufar, minjar og landnýting. Reykjavík. Bls. 37-52.
- Ævar Petersen 1989a. Náttúrufar í Breiðafjarðareyjum. Árbók Ferðafélags Íslands 1985: 17-52.
- Ævar Petersen 1989b. Vepjuvarp í Eyjafirði 1986. Bliki 7: 65-66.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: skipulag og árangur 1987. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 11. 42 bls.

ÝMIS RIT

- Guðrún Einarsdóttir 1979. Örnefni á Seltjarnarnesi [kort] 1:4000. Reykjavík. 1 blað.
- Guðrún Einarsdóttir 1979. Örnefni á Seltjarnarnesi. Prófrítgerð við við Háskóla Íslands. 74 bls.
- Landmælingar Íslands 1988. Viðey 1613 III NV. Staðfræðikort 1:25.000. Reykjavík. 1 blað.
- Lög um náttúruvernd. Nr. 47/1971.
- Náttúruverndarfélag Suðvesturlands 1973. Drög að náttúruminjaskrá fyrir Suðvesturland. Fjölrit. 21 bls.
- Náttúruverndarráð 1978. Friðlýstir staðir á Íslandi og náttúruminjaskrá. 2. útgáfa. Reykjavík. 17 bls.
- Náttúruverndarráð 1984. Náttúruminjaskrá. 4. útgáfa. Reykjavík. 32 bls.
- Náttúruverndarráð 1988. Náttúruminjaskrá (Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar). Ritstj. Bryndís G. Róbertsdóttir. 5. útgáfa. Reykjavík. 60 bls. + kort.
- Norræna ráðherranefndin 1990. Útivist í nánd við þéttbýli. Bæklingur 16 bls. Stjórnartíðindi B, nr. 219/1974. Auglýsing um friðland í Gróttu.
- Stjórnartíðindi B, nr. 13/1984. Auglýsing um friðland við Gróttu.
- Þorsteinn Jóseppson og Steindór Steindórsson 1983. Landið þitt Ísland. 4.bindi. Reykjavík. 280 bls.

1. VIDAUKI

Flóra Seltjarnarness

Í flórulistanum er tegundunum raðað í stafrófsröð og eru íslensku heitin á undan þeim latnesku. Íslensku nöfnin eru úr Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986). Um latneskar nafngiftir er að mestu farið eftir ritinu Flora Europaea (Tutin o.fl. 1964-1980). Sjá nánar í 4. kafla.

Akurarfi *Stellaria graminea* L.
Akursjóður *Thlaspi arvense* L.
Akurtvítönn *Lamium purpureum* L.
Augnfró *Euphrasia frigida* Pugsf.
Axhnoðapuntur *Dactylis glomerata* L.
Axhæra *Luzula spicata* (L.) Cand.

Baldursbrá *Matricaria maritima* L.
Belgjastör *Carex panicea* L.
Birki *Betula pubescens* Ehrh.
Bjúgstör *Carex maritima* Gunn.
Bláberjalyng *Vaccinium uliginosum* L.
Blálilja *Mertensia maritima* (L.) S.Gray
Blásveifgras *Poa glauca* Vahl
Blávingull *Festuca vivipara* (L.) Sm.
Blóðarfi *Polygonum aviculare* L.
Blóðberg *Thymus praecox* Opiz
Blóðkollur *Sanguisorba officinalis* L.
Blómsef *Juncus triglumis* L.
Brennisóley *Ranunculus acris* L.
Brjóstagras *Thalictrum alpinum* L.
Burnirót *Rhodiola rosea* L.

Engjarós *Potentilla palustris* (L.) Scop.
Engjavöndur *Gentianella detonsa* (Rottb.) G.Don fil.

Fjallapuntur *Deschampsia alpina* (L.) Roemer & Schultes
Fjalldalafífill *Geum rivale* L.
Fjalldrapi *Betula nana* L. Plantað í Valhúsahæð.
Fjöruarfi *Honckeyia peploides* (L.) Ehrh.
Fjörukál *Cakile arctica* Pobed.
Flagahnoðri *Sedum villosum* L.
Friggjargras *Platanthera hyperborea* (L.) Lindl.

Garðabrúða *Valeriana officinalis* L. Líklega komin úr garði (Valhúsahæð)
Geldingahnappur *Armeria maritima* (Mill.) Willd.
Giljaflækja *Vicia sepium* L.
Gleym-mér-ei *Myosotis arvensis* (L.) Hill
Grasviðir *Salix herbacea* L.
Gráviðir *Salix callicarpaea* Trautv.
Grávorblóm *Draba incana* L.
Græðisúra *Plantago major* L.
Gullmura *Potentilla crantzii* (Crantz) Fritsch
Gullvöndur *Gentianella aurea* (L.) H.Sm.
Gulmaðra *Galium verum* L.
Gulstör *Carex lyngbyei* Hornem.
Gulviðir *Salix phylicifolia* L.

Haugarfi *Stellaria media* (L.) Vill.
Háliðagras *Alopecurus pratensis* L.

Hálingresi *Agrostis capillaris* L.
 Hálmgresi *Calamagrostis stricta* (Timm) Koeler
 Hárleggjastör *Carex capillaris* L.
 Hjartarfi *Capsella bursa-pastoris* (L.) Medicus
 Hlaðkolla *Chamomilla suaveolens* (Pursh) Rydb.
 Hlíðamariustakkur *Alchemilla vulgaris* ssp. *vestita* (Buser) Löve & Löve.
 Hnúskakrækil *Sagina nodosa* (L.) Fenzl
 Holurt *Silene uniflora* A.Roth
 Höffifill *Tussilago farfara* L.
 Hófsóley *Caltha palustris* L.
 Hrafnafífa *Eriophorum scheuchzeri* Hoppe
 Hrafnaklukka *Cardamine nymanii* Gand.
 Hrímblaðka *Atriplex longipes* Drej.
 Hrossanál *Juncus arcticus* Willd.
 Hundasúra *Rumex acetosella* L.
 Húsapuntur *Elymus repens* (L.) Gould
 Hvítmaðra *Galium normanii* O.Dahl
 Hvítmári *Trifolium repens* L.

Ílmreyr *Anthoxanthum odoratum* L.

Jakobsfífill *Erigeron borealis* (Vierh.) Simm.

Kattartunga *Plantago maritima* L.
 Klóelfting *Equisetum arvense* L.
 Klófífa *Eriophorum angustifolium* Honck.
 Knjáliðagras *Alopecurus geniculatus* L.
 Kornasteinbrjótur *Saxifraga granulata* L.
 Kornsúra *Bistorta vivipara* (L.) S.Gray
 Krossfífill *Senecio vulgaris* L.
 Krossmaðra *Galium boreale* L.
 Krækilyng *Empetrum nigrum* L.
 Kúmen *Carum carvi* L.

Lambagras *Silene acaulis* (L.) Jacq.
 Lindasef *Juncus ranarius* Song. & Perr.
 Ljónslappi *Alchemilla alpina* L.
 Loðvíðir *Salix lanata* L.
 Lokasjóður *Rhinanthus minor* L.
 Lófótur *Hippuris vulgaris* L.
 Lógresi *Trisetum spicatum* (L.) Richter
 Lyfjagras *Pinguicula vulgaris* L.
 Lækjadepla *Veronica serpyllifolia* L.
 Lækjagrýta *Montia fontana* L.

Mariustakkur *Alchemilla vulgaris* L.
 Mariuvöndur *Gentianella campestris* (L.) Boern.
 Melgresi *Leymus arenarius* (L.) Hochst.
 Mjaðurt *Filipendula ulmaria* (L.) Maxim.
 Mosajafni *Selaginella selaginoides* (L.) Link
 Mosasteinbrjótur *Saxifraga hypnoides* L. Líklega kominn úr garði (Valhúsað) (Valhúsað)
 Móasef *Juncus trifidus* L.
 Músareyra *Cerastium alpinum* L.
 Mýradúnurt *Epilobium palustre* L.
 Mýrasauðlaukur *Triglochin palustris* L.
 Mýrasef *Juncus alpinus* Vill.
 Mýrasóley *Parnassia palustris* L.
 Mýrastör *Carex nigra* (L.) Reichard
 Mýrfjola *Viola palustris* L.

Naflagras *Koenigia islandica* L.
Njóli *Rumex longifolius* Cand.

Ólafssúra *Oxyria digyna* (L.) Hill

Rauðkollur *Knautia arvensis* (L.) Coult.
Rauðsmári *Trifolium pratense* L.

Sérbylisstör *Carex dioica* L.
Silfurhnappur *Achillea ptarmica* L.
Sjávarfitjungur *Puccinellia maritima* (Huds.) Parl.
Skammkrækill *Sagina procumbens* L.
Skarífífill *Leontodon autumnalis* L.
Skeggsandi *Arenaria norvegica* Gunn.
Skógarkerfill *Anthriscus sylvestris* (L.) Hoffm.
Skriðlíngresi *Agrostis stolonifera* L.
Skriðsóley *Ranunculus repens* L.
Skurfa *Spergula arvensis* L.
Snarrótarpuntur *Deschampsia caespitosa* (L.) Beauv.
Spánarkerfill *Myrrhis odorata* (L.) Scop.
Stjörnuarfí *Stellaria crassifolia* Ehrh.
Sýkigras *Tofieldia pusilla* (Michx.) Pers.

Tágamura *Potentilla anserina* L.
Tungljurt *Botrychium lunaria* (L.) Sw.
Túnfíflar *Taraxacum* spp.
Túnsúra *Rumex acetosa* L.
Túnvingull *Festuca richardsonii* Hook.
Týsfjóla *Viola canina* L.
Týtulíngresi *Agrostis vinealis* Schreb.

Umfeðmingsgras *Vicia cracca* L.
Undafíflar *Hieracium* spp.

Vallarfoxgras *Phleum pratense* L.
Vallarsveifgras *Poa pratensis* L.
Vallelfting *Equisetum pratense* Ehrh.
Vallhumall *Achillea millefolium* L.
Vallhæra *Luzula multiflora* (Retz.) Lej.
Varpasveifgras *Poa annua* L.
Vegarfi *Cerastium fontanum* Baumg.
Vorbrúða *Callitriche palustris* L.
Vætudúnurt *Epilobium watsonii* Barebey
Vætuskúfur *Eleocharis uniglumis* (Link) Schultes

Þistill *Cirsium arvense* (L.) Scop.
Þrenningarfjóla *Viola tricolor* L.
Þursaskegg *Kobresia myosuroides* (Vill.) Fiori
Þúfusteínbrjótur *Saxifraga caespitosa* L. Líklega kominn úr garði (Valhúsahæð)

Ætíhvönn *Angelica archangelica* L.

2. VIDAUKI

Varpfuglar Seltjarnarness

Sumir athugendur eru aðeins skráðir með upphafsstöfum. Þeir eru: Agnar Ingólfsson (AI), Arnþór Garðarsson (AG), Árni Einarsson (ÁE), Einar Ó. Þorleifsson (EÓÞ), Erling Ólafsson (EÓ), Finnur Guðmundsson (FG), Guðjón Jónatansson (GJ), Guðmundur A. Guðmundsson (GAG), Gunnlaugur Pétursson (GP), Gunnlaugur Þráinsson (GÞ), Hannes Þ. Hafsteinsson (HÞH), Hrafn Jóhannsson (HJ), Ingólfur Guðnason (IG), Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH), Jón B. Sigurðsson (JBS), Kjartan G. Magnússon (KGM), Kristinn H. Skarphéðinsson (KHS), Ólafur K. Nielsen (ÓKN), Páll G. Björnsson (PGB), Skarphéðinn Þórisson (SGÞ) og Ævar Petersen (ÆP).

Tilvitnanir, sem koma oft fyrir, eru einnig skammstafaðar: AI og AG (Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson 1955, 1957), JÓH og SGÞ (Jóhann Óli Hilmarsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1974) og ársskýrslur um flækingsfugla, GP og KHS (Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson) 1980, 1982, 1983 og GP og EÓ (Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson) 1984, 1985, 1986, 1988, 1989a, 1989b.

Áhersla er einkum lögð á athuganir frá því eftir 1957, enda ná ritgerðir AI og AG til þess tíma, og til ársloka 1986 með einstaka seinni viðbótum. Ýmsar eldri upplýsingar sem ekki er að finna hjá þeim eru þó teknar með, og einnig ef aðeins er um að ræða stakar athuganir fyrir sjaldséðar tegundir.

1. Álftr *Cygnus cygnus*. Álfthapar, ættað af Reykjavíkurtjörn og talið afkomendur aðfluttra fugla, varp við Eiðistjörn á árunum 1960 og 1961. Þaríð kom upp ungum, fjórum hvort ár, sem það fór síðan með á Tjörnina, en fjölskyldan hélt þar til yfir vetrarmánuðina (Alþýðublaðið 13.9.1960, Morgunblaðið 21.5.1960, 15.9.1960 og 12.5.1961, Tíminn 12.9. og 13.9.1961, Visir 12.9.1961, Þjóðviljinn 13.9.1960).

Álftrir sjást lítið á Nesinu á veturna, þótt við og við sjáist stakir eða fáir fuglar. Álftrir sjást oft í fuglatalningum um jólin, einkum á þeim hluta talningasvæðisins sem er utan bæjarmarka Seltjarnarnesbæjar, inn með Skerjafirði. Á Nesinu eru álftrir algengastar á vorin, í mars-apríl. Líklega er um að ræða farfugla sem eru að hverfa til varpstöðvanna að nýju.

2. Grágæs *Anser anser*. Á árunum 1950 - 1960 voru grágæsir fluttar á Reykjavíkurtjörn (Finnur Guðmundsson 1962, Hafliði Jónsson 1980). Upp frá því fjölgaði þeim hægt en stöðugt. Nú eru yfir 300 gæsir viðloðandi Tjörnina allan veturinn (Ólafur K. Nielsen 1989), en grágæs er annars alger farfugl hérlendis. Á vorin dreifast þessar gæsir um nágrenni Reykjavíkur til að verpa, og vafalítið eru gæsir sem sjást á Seltjarnarnesi úr þeirra hópi.

Utan varptíma leita Tjarnargæsir tíðum ætis á túnnum og í móum í Reykjavík og nágrenni. Þær sjást þá oft á Seltjarnarnesi, venjulega tugir fugla, en stundum á annað hundrað, eða mun fleiri en þær sem verpa þar og ungar þeirra. Grágæsir sjást mikið í ágúst-september, venjulega einhverjir tugir fugla. Þetta eru líklega að hluta grágæsir annars staðar af landinu, og því fargestir á svæðinu, en væntanlega eiga Tjarnargæsir þar einnig hlut að máli. Ekki ber eins á umferð grágæsa um vorfartímann.

Grágæsarhreiddur fannst fyrst á Seltjarnarnesi árið 1959, í Suðurnesi.

Annar fuglinn var merktur, ættaður af Reykjavíkurtjörn, hinn að öllum líkindum einnig (Haukur Jörundarson, AG). Uppúr 1960 urpu gæsir í Lambastaðamýri (ÓKN, ÆP), og árið 1973 fannst hreiður á Búðagranda (JÓH) og aftur 1975 (KHS). Eitt til tvö pör verpa nær árlega í Gróttu og hafa líklega gert frá 1974 (GJ). Fimm fullorðnar gæsir með 14 unga sáust á Eiðisvík 21.7.1978 (KHS), en þær gætu allt eins hafa orpið í Akurey.

3. Stökkönd *Anas platyrhynchos*. Algengur varpfugl víða á athugunarsvæðinu. Hún verpur einkum í graslendi, mýrum og móum, og er hreiðrið tíðast falið í sinubrúsk eða háu grasi. Hún á það til að hreiðra sig í nábyli við manninn, s.s. í húsagörðum, heysátum, undir skúrveggjum og í fiskhjöllum. AG og AI (1955) töldu vera 4-5 varppör um 1955, en varpstofninn er nú varlega áætlaður 15-20 pör. Stökkönd er ein þeirra fuglategunda sem eiga einna auðveldast með að laga sig að aukinni byggð.

Stökkandarkollur leiða út unga sína frá mánaðamótum maí/júní og fram í júlí. Þær halda sig aðallega í hávöxnu grasi og á tjörnum með ungana, t.d. í hávaxinni stór og lófæti í Dal og við austanverða Bakkatjörn.

Stökkönd er staðfugl á Seltjarnarnesi og algeng allan veturinn. Í fuglatalningum um jólaleytið á tímabilinu 1959-1986 sáust að meðaltali 258 stökkendur á talningasvæðinu Seltjarnarnes. Flestar hafa sést 625 (28.12.1986).

4. Gargönd *Anas strepera*. Margt bendir til þess, að gargönd sé faliðaður, en jafnvel árviss, varpfugl á athugunarsvæðinu hin síðari ár. Það hefur þó ekki verið staðfest svo öyggjandi sé, eins og eftirfarandi athuganir bera með sér.

Gargandarpar sást á Bakkatjörn 29.5.1963 (AG), og eru það fyrstu gargendurnar sem vitað er um á Nesinu. Næst sáust gargendur (eitt par) 18.5.1965, kolla sama ár í Dal og tvær á Bakkatjörn 14.9.1966 (ÆP). Síðan er lítið um heimildir til ársins 1977, en þá var par í Dal í Suðurnesi 20.5. (JÓH). Dals- og Bakkatjörn hafa síðan verið aðalvígi tegundarinnar; af 50 skráðum athugunum á árunum 1977-85 sáust þær 29 sinnum í Dal, 19 sinnum á Bakkatjörn og tvisvar á Seltjörn út af Dal.

Árið 1978 voru eingöngu greindir steggir, einn til tveir frá 20.4.-21.8. Árið eftir sást par í Dal 21.5. er dvaldist út maí, aðeins steggur sást 10.6., en 12.-13.6. sást aftur par. Í júlí og fyrstu viku ágúst sáust engar gargendur, en 9.-10.8. voru 2 ókyngreindar og 3 kvenfuglar (eða ungfuglar, en erfitt er að greina þá í sundur á þessum árstíma) í Dal. Líklega varp kollan í júní og fuglarnir sem sáust í ágúst verið ungar hennar. Þetta var í fyrsta sinn, sem athuganir bentu til gargandavarfs á Seltjarnarnesi.

Á árunum 1980-85 sáust 1-2 pör í maí, og stundum í apríl (par og 3 kvenfuglar í Dal 11.4.1985, (GAG). Kollurnar hurfu um mánaðamót maí/júní (sem bendir til þess, að þær hafi verið að unga út), þótt steggir sæust eitthvað fram eftir júnímánuði. Sex gargendur (kyn og aldur óviss) sáust á Bakkatjörn 28.8.1980 (KHS). Hinn 16.5.1981 sáust 2 steggir berjast um kollu á Bakkatjörn (EÓÞ).

Samkvæmt ofangreindu yfirliti er líklegt, að 1-2 pör hafi orpið árlega frá því um miðjan 8. áratuginn. Athuganir frá því fyrir 1975-76 eru það strjálar, að ekkert öruggt er á þeim að byggja um varp. Að líkindum hafa fæðuskilyrði breyst samfara minnkandi seltu í Bakka- og Dalstjörn og aukið líkur á landnámi garganda. Rykmý er til dæmis grundvallarfæða fyrir andarunga sem alast upp á ferskvatni (sbr. Ólaf K. Nielsen og Jóhann Óla Hilmarsson 1988).

Árin 1956 og 1957 var eggjum níu andategunda frá Mývatni klakið út á Akureyri. Ungarnir voru síðan fluttir á Reykjavíkurtjörn til þess að auka fjölbreytni fuglalífs þar. Tegundunum vegnaði misjafnlega, en nokkrar þeirra náðu þó fótfestu (Finnur Guðmundsson 1962). Nú verpa þar, auk stokkanda (sem er gamalgróinn varpfugl), rauðhöfðaönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður (Ólafur K. Nielsen 1978, Jóhann Óli Hilmarsson 1981). Lítil stofn garganda verpur á Álftanesi og víðar á Innnesjum (óbirtar uppl.). Þær eiga sjálfsagt uppruna sinn á Tjörninni, en útbreiðsla tegundarinnar er annars mjög takmörkuð hérlandis og nær eingöngu bundin við Þingeyjarsýslur (Arnhör Garðarsson 1975).

Á haustin að loknum fjaðrafelli sækja flestar gargendur á Innnesjum á Reykjavíkurtjörn. Gargönd er að mestu farfugl og sést ekki á Nesinu á tímabilinu október-mars.

5. Duggönd *Aythya marila*. Nýlegur varpfugl á Seltjarnarnesi. Duggendur voru mjög sjaldséðar fyrir 1957 (AI og AG 1957). Auk örfárra athugana frá 5. og 6. áratug þessarar aldar sem þeir geta, er aðeins vitað um eina eldri athugun. Atkinson sá duggönd á Seltjarnarnesi 15.6.1833, sennilega á Eiðistjörn (Seaton 1989).

Lítið fregnaðist af duggöndum þar til vorið 1963, að þær sáu á Bakkatjörn frá því í apríl fram í júní (AG, ÆP). Síðan hafa þær verið árvissar á svæðinu, og frá 1971 hafa þær verið algengar á Bakkatjörn og víðar.

Tvær megin ástæður eru sennilegastar fyrir landnámi dugganda; (1) að þarna hafi verið um fugla frá Tjörninni í Reykjavík að ræða og (2) að ósi Bakkatjarnar var lokað um 1960.

Fyrstu heimildir um varp dugganda eru frá 1974, en 7.7. voru 1-2 kollur með 7 unga á Bakkatjörn (JÓH). Óvíst var um varp á árunum 1975-77, en 1978 kom duggönd upp 7 ungum á Bakkatjörn (JÓH, KHS). Ekki sáu ungar 1979, en síðan hafa 1-2 kollur verið með unga á Bakkatjörn árlega.

Duggönd er farfugl, sem verður lítið sem ekkert vart á Nesinu frá september og fram í apríl, þegar farfuglarnir snúa aftur til landsins. Ein duggönd sást þó 9.11.1982 (HÞH).

6. Skúfönd *Aythya fuligula*. Skúfönd er einnig nýlegur varpfugl á Seltjarnarnesi. Tegundin var mjög sjaldséð fyrir 1957 (AI og AG 1957). Ef örfáar athuganir frá 5. og 6. áratugnum eru frátaldar, er lítið vitað um þessa tegund þar til vorið 1965, er skúfendur sáu á Bakkatjörn í maí og júní (ÆP). Síðan hafa skúfendur verið árvissar á svæðinu, í fyrstu fremur sjaldgæfar, en frá 1971 hafa þær verið algengar á Bakkatjörn og víðar.

Skúfönd fór að verpa mun seinna á Seltjarnarnesi en duggönd, þótt þeim hafi byrjað að fjölga um svipað leyti. Hún er jafnframt óreglulegri varpfugl. Á tímabilinu 16.7.-3.8.1982 sást kolla með 2 unga á Bakkatjörn (EÓ). Sumarið 1985 voru 2 kollur með 2 og 5 unga á Bakkatjörn (GAG).

Sömu tvær ástæður og fyrir landnámi duggandar og gargandar eru einnig sennilegastar fyrir landnámi skúfandar. Reyndar hefur skúföndum fjölgað og þær aukið útbreiðslu sína í landinu síðustu áratugi, þ.a.m. á Suðvesturlandi, svo fleiri umhverfispættir geta komið þarna til.

Eins og duggönd, er skúfönd að nær öllu leyti farfugl hér á landi. Hún sést ekki á Nesinu á tímabilinu nóvember-mars.

7. Hávella *Clangula hyemalis*. Fjórða andategundin sem byrjaði að verpa nýlega á Nesinu er hávella. Aðdragandi þess er allur annar en hinna tegundanna þriggja sem á undan er getið, þar eð hávella hefur verið algengur vetrargestur á svæðinu um aldir, t.d. sá Faber (dagbók) hópa í nóvember og desember 1820.

Þegar ísa tekur að leysa af Bakkatjörn, oftast síðla mars eða snemma í apríl, safnast þangað álitlegur hópur af hávellum. Hann er breytilegur að stærð, enda er töluvert flakk á fuglunum milli tjarnar og sjávar. Oftast eru þarna nokkrir tugir fugla, stundum allt að 70 (flestar 26.4.1985, 109, JÓH). Þær eru algengastar síðla apríl og í maí, en um mánaðamót maí/júní hefur þeim fækkað verulega. Þó eru oftast 1-5 fuglar viðloðandi allt sumarið, og sjást þeir á tjörninni fram í nóvember, þegar hana leggur. Á árunum 1957-1986 sáust að meðaltali 29 hávellur á talningasvæðinu "Seltjarnarnes" um jólaleytið, flestar 100 (27.12.1959). Hér var eingöngu um að ræða fugla sem sáust frá ströndu, en hundruðir fugla sjást stundum alldjúpt út af Seltjarnarnesi (JÓH).

Í júní 1979 sást hávellukolla í móunum við Bakkatjörn norðaustanverða, líklega í leit að varpstað (JÓH). Hinn 22.7. sást svo þar með 3 fiðraða dúnunga á Bakkatjörn, en síðar með 2 unga fram yfir miðjan ágúst (JÓH). Um mánaðamót ágúst/september voru 4-5 fuglar á Bakkatjörn, líklega parið með ungana sem hafa komist á legg (JÓH). Næst varð vart hávelli með 7 unga á Bakkatjörn í síðustu viku júlí 1981 (EÓP), en þar hafði sést í júní (GP). Hún virðist þó hafa misst ungana, því um miðjan ágúst var aðeins stök kolla á Bakkatjörn (JÓH). Árið 1986 var kolla með nýklakinn unga á Bakkatjörn 30.6.-1.7. Hún missti líklega ungann, því hún sást ekki aftur (JÓH). Árið 1987 var kolla með 7 unga á Dalstjörn í Suðurnesi, en ungarnir drápu næstu daga á eftir.

Svo sem ofangreindar athuganir benda til, virðist landnám hávellunnar ganga nokkuð bröðót. Hávella verður að teljast óreglulegur varpfugl, enn sem komið er, hvað sem síðar verður.

8. Æður *Somateria mollissima*. Æðarfugl er næstalgengasti varpfugl á Seltjarnarnesi. Saga æðarvarps þar er lítt kunn, en líkast til hefur það aldrei verið mikið. Árni Magnússon og Páll Vídalín (1923) geta ekki dúntekju sem hlunninda árið 1703, né heldur Sigurður Stefánsson (1917) árið 1914. Samkvæmt fasteignamati 1942 taldist dúntekja til hlunninda á Nesi I, en ekki í Gróttu né á öðrum bæjum á Nesinu (Fasteignabók 1942-44).

Samkvæmt AG og AI (1955) urpu um 20 pör við Búðatjörn og í grennd á 6. áratugnum. Þar voru einnig menjar um hlaðin hreiðurstæði (AG, munnl. uppl. 1987). Hólminn í Búðatjörn var hlaðinn af mönnum (AI og AG 1955), að öllum líkindum fyrir æðarvarp. Sennilega hefur varpið í Gróttu aldrei verið stórt, mest um 50 hreiður á tímum Alberts vitavarðar Þorvarðarsonar. Á 9. áratugnum jókst það, árið 1983 voru 27 hreiður, 36 árið 1984 og 49 árið 1985 (GJ).

Hinn 5.7.1980 var 101 kolla með 196 unga á Bakkatjörn (KHS). Dagana 15.-19.6.1986 voru kollur með unga taldar við Gróttugranda, á Bakkatjörn og þau hreiður í Gróttu sem ekki hafði verið leitt úr. Kollurnar voru 115, þ.a. 88 kollur á vatni með 192 unga. Ekki er víst að þetta hafi allt verið fuglar af Seltjarnarnesi. Varlega ætlað verpa í mesta lagi 100 kollur á Seltjarnarnesi.

Eins og fyrrum eru aðalvarpstaðir nú í Suðurnesi og Gróttu. Í Búðatjarnarhólma voru 4-5 hreiður 1982 og 1986. Lítið sem ekkert varp er nú á gröndunum, en árið 1971 urpu fáeinir kollur á Kotagrandu.

Varptími æðarfugls er frá fyrri hluta maí fram í júní, en hámark hans er í síðari hluta maí. Fyrstu ungarnir sjást um mánaðamót maí/júní. Æðarfugl verpur í alls konar kjörlendi nærri sjó. Hreiðrin eru yfirleitt óhulin, ólíkt öðrum andahreiðrum. Fjölskyldur leita ætis í hópum í lífríkum fjörum umhverfis Gróttu og Snoppu, á Seltjarnarrífi, Suðurnestanga og Bakkatjörn (sbr. 8. mynd). Það fer talsvert eftir sjávarföllum, hvar þær leita fanga hverju sinni.

Æðarfugl er staðfugl og sést í stórum hópum allan veturinn. Frá 1957 til 1986 sáu að meðaltali 1605 fuglar í talningu um jólaleytið. Flestir hafa sést 4008 fuglar í talningu. Greinileg aukning varð á fjölda æðarfugla á þessu svæði upp úr 1970, miðað við áratuginn þar á undan.

9. Toppönd *Mergus serrator*. Toppönd er sennilega gamalgróinn og árviss varpfugl. Faber (dagbók) getur toppanda að vetrarlagi í nóvember og desember 1820, og Atkinson fann hreiður með eggjum í hólma í tjörn nokkurri 15.6.1833 (Seaton 1989). Hörring (dagbók) sá kollu með unga á Bakkatjörn 1905, og ungamaður sáuð þar 1953 og 1954 (AI og AG 1955). Árið 1962 sátu toppönd með unga (AG), og árið 1964 fannst toppandarhreiður (ÆP). Síðan hefur orðið vart við ungamaður öðru hverju á Bakkatjörn og víðar, stundum árlega, en einnig hafa liðið nokkur ár á milli. Toppöndur verpa líklega í Gróttu, en þó hefur aldrei fundist hreiður (GJ).

Toppöndur eru reglulegar á svæðinu á veturna, og tíðum sjást þör í biðilsleikjum á Seltjörn, Bakkatjörn og víðar. Í talningum um jólaleytið frá 1957 til 1986 sáu að meðaltali 11 toppöndur, flestar 42 (26.12.1966). Toppöndum virðist hafa fækkað smám saman frá því um 1960, hvað sem því veldur.

10. Tjaldur *Haematopus ostralegus*. Verpur í Suðurnesi, Gróttu og stöku þör e.t.v. víðar. Hann er mjög áberandi á varptíma, svo auðvelt er að telja tjaldspör sem hafa helgað sér óðul. Hann verpur í sandi og mól, en einnig í graslendi, t.d. á flötum golfvallarins í Suðurnesi.

Árið 1986 voru 4 tjaldspör í Suðurnesi. Venjulega hafa þar verið 3-4 þör og um 2 í Gróttu, en þar hafa þau stundum verið fleiri (2. tafla). Því eru áætluð 6-10 varppör á Seltjarnarnesi. Fjöldi tjaldspara virðist hafa aukist lítið eitt s.l. 30 ár. Að visu verpa þeir ekki lengur á gröndunum, eins og fyrir 1957, en varpið er nú þéttara í Suðurnesi. AI og AG (1955) geta ekki um varp í Gróttu.

Tjaldur er algengur fugl utan varptíma. Í talningum um jólaleytið sjást vanalega 1-200 fuglar, mest 408 í einni talningu (27.12.1964). Um fartímann, í apríl og september, eru yfirleitt fleiri tjaldar á Nesinu en aðra árstíma, allt að 200 fuglar á vorin en 300 á haustin. Að hluta eru þetta fargestir sem hafa skamma viðdvöl.

11. Sandlóa *Charadrius hiaticula*. Sandlóan gerir sér hreiður í sandi eða mól í gróðurlitlu landi. Því hafa grandarnir verið aðalvarpstaðir hennar á Nesinu. Þó fannst hreiður með 4 eggjum í kafrasi í Suðurnesi (ÆP). Henni hefur fækkað frá því sem var á 6. áratugnum. Sandlóa ver óðal sem ungarnir alast upp á, andstætt t.d. tjaldi, stelk og hrossagauki, sem flakka um með unga sína. Sandlóur geta ekki minnkað óðul sín, svo varppörum hefur óhjákvæmilega fækkað í kjölfar sívaxandi ágangs á gröndunum.

Um 5 þör verpa árlega í Gróttu (GJ), en 1986 voru 5-6 þör í Suðurnesi. Nokkur þör urpu annars staðar, og var fjöldi varppara áætlaður um 15 þör í heild. Fyrir 1955 voru 25 þör (AI og AG 1955) og 1963 um 20 (AG), líklega að Gróttu undanskilinni.

Sandlóa er farfugl, sem sést fyrst um miðjan apríl. Síðsumars er einna

mest af fuglum, allt að 75, á svæðinu. Fáeinir fuglar sjást fram í september, en í október eru allir horfnir burt.

12. Heiðlóa *Pluvialis apricaria*. Heiðlóan verpur oftast í þurrlendi, móum, sendnu landi eða heiðum. Heiðlóa fannst fyrst verpandi, svo kunnugt sé, á Seltjarnarnesi árið 1971, en þá fannst hreiður í móa í Suðurnesi (JÓH). Árið 1974 varp heiðlóa í Gróttu (GJ), en síðan hefur fundist eitt og eitt hreiður, oftast í Gróttu. Því má ætla, að heiðlóan sé nú allt að því árviss varpfugl og 1-2 pör verpi á svæðinu.

Heiðlóa er farfugl sem byrjar að sjást í fyrri hluta apríl. Þegar líða tekur á mánuðinn, sjást stórir hópar (allt að 500 fuglar) á túnnum. Á haustin eru hóparnir enn stærri, allt upp í 1-2000 fugla. Heiðlóur halda sig í fjörum og á túnnum fram eftir öllum október, en eru að mestu horfnar þegar komið er fram í nóvember (2 sáust 10.11.1979, JÓH).

13. Hrossagaukur *Gallinago gallinago*. Verpur helst í móum og graslendi, hvort sem er blautu eða þurru. Fjöldi hrossagauka virðist hafa staðið í stað, svo líklega verpa þeir nú þéttar á Seltjarnarnesi eftir að varplöndin hafa dregist saman vegna vaxandi byggðar. AI og AG (1955) áætluðu, að um 5 pör hafi orpið árlega á svæðinu um 1955. Nú munu þau vera á bilinu 4-7.

Hrossagaukur er farfugl, sem sést á tímabilinu apríl-október. Hann er algengastur í ágúst, og flestir hafa sést 20 fuglar saman (í Dal 20.8.1978, JÓH).

14. Stelkur *Tringa totanus*. Algengur varpfugl í ýmis konar graslendi, túnnum, móum og mýrum. Honum virðist hafa fjölgað nokkuð frá því á 6. áratugnum, þrátt fyrir að gengið hafi á upprunalegt kjörlendi hans. Stelkur á gott með að laga sig að umróti manna, framræslu, túngerð o.s.frv. AI og AG (1955) áætluðu aðeins um 5 varppör á svæðinu um 1955. Dagana 8., 15. og 19.6.1986 voru stelkspör með varpatferli talin vestan byggðar. Í Suðurnesi voru 4 pör, frá Nesbala og Sævargörðum að Kotagrandu og Snoppu 8 pör og í Gróttu 5-6 pör. Samtals voru því um 17-18 pör á Nesinu árið 1986. Árin 1983 og 1984 voru 4-5 pör í Gróttu (GJ).

Þótt stelkur sé að mestu farfugl, dvelur strjálungur af fuglum í fjörum á sunnanverðu landinu allan veturinn (Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1989). Á Seltjarnarnesi sjást stelkar í flestum talningum um jólaleytið, að meðaltali 4 fuglar, flestir 14 (28.12.1978). Stelkar eru þó algengastir um fartímann, í apríl og september, þegar á annað hundrað fuglar hafa sést á Nesinu.

15. Lóupræll *Calidris alpina*. Á 6. áratugnum var hann strjáll varpfugl en þá urpu 2-5 pör í Suðurnesi. Síðan hefur hans lítið orðið vart, og hreiður fannst ekki fyrr en 19.6.1986 í Suðurnesi (EÓP, JÓH). Telja má þó fullvíst, að hann hafi ekki orpið í Suðurnesi 1971 og 1982. Fækkun lóupræls er sjálfsagt til komin vegna þess, að gengið hefur verið á kjörlendi hans, sem er votlendi eða óræktarmóar. Þar munar mestu um gerð golfvallar í Suðurnesi á sínum tíma.

Lóupræll er aðeins sumargestur á Nesinu, sem sést frá því í seinni hluta apríl og fram eftir september. Á vorin er hann algengastur í maí, þegar fargestir nota fjörur til ætisöflunar, venjulega nokkrir tugir fugla, stundum á annað hundrað. Mun algengari um haustfartímann, frá því í seinni hluta júlí og fram í fyrri hluta september, þegar fargestir koma við á svæðinu. Flestir hafa sést um 1000 fuglar (28.7.1962, AG), en oftast hleypur fjöldinn á bilinu 100 til 300.

16. Óðinshani *Phalaropus lobatus*. Grunur leikur á, að óðinshani verpi á Seltjarnarnesi. Á 6. áratugnum sögðu AI og AG (1955) þá hafa e.t.v.

orpið, og ÆP var sömu skoðunar á 7. áratugnum. Þar sást í biðilsleik í Suðurnesi 19.6. og 1.7.1986 (JÓH). Hinn 20.7. sama ár sást þar með varpatferli við Bakkatjörn austanverða og karlfugl með 2 nýfleyga unga í Dal í Suðurnesi (JÓH).

Óðinshonar eru algengir á vorin og fram eftir sumri, en mjög algengir á tjörnum síðsumars. Óðinshani verpur einkum í votlendi, mýrum, við síki og tjarnir, en getur einnig verið í þurrum mómum í grennd við votlendi. Kjörlendi við hans hæfi er nú helst að finna við Bakkatjörn austanverða og í Dal í Suðurnesi.

Óðinshani sést frá miðjum maí fram í septemberbyrjun. Seinast í maí og fyrst í júní sjást oft nokkrir tugir fugla á tjörnunum, en þeir eru flestir fargestir á leiðinni eitthvað lengra. Í seinni hluta júní byrja þeir að hópa sig á ný, ná hámarksfjölda um miðjan júlí og fram í fyrstu viku ágúst. Þá hafa sést mest 400 fuglar (20.7.1982, KGM). Í seinni hluta ágúst sjást mest nokkrir tugir fugla, en viku af september eru óðinshonar horfnir með öllu.

17. Þórshani *Phalaropus fulicarius*. Varp fyrrum á Seltjarnarnesi. Þann 15.6.1833 fann Atkinson 5 þórshana við tjörn nokkra á Nesinu, sem sennilega hefur verið Eiðistjörn (Seaton 1989). Hörring (dagbók) sá þórshana 19.-20.7.1905 og fann hreiður í Suðurnesi 1908. Ekki er kunnugt um varp eftir það, enda þórshana sárasjaldgæfir og hafa aðeins sést tvisvar á varptíma síðan: þar við Bakkatjörn 12.6.1963 (ÆP) og stakur fugl við Bakkatjörn 7.7.1976 (KGM). Þórshana hafa sést nokkrum sinnum síðsumars og á haustin; 23.11.1917, við Bollagarða 10.-12.8.1957 (AG og AI 1957) og einn á Seltjörn 4.8.1985 (H.J. Plessix).

18. Hettumáfur *Larus ridibundus*. Hettumáfur hefur átt erfitt uppdráttar í siendurteknum varptílaunum sínum á Seltjarnarnesi. Hann hóf að verpa í Suðurnesi árið 1949. Aðalvarpið var í Búðatjarnarhólma, um 15 þör árið 1952, en 2-3 annars staðar í Suðurnesi. Álíka mörg þör urpu 1954, en heldur fleiri 1955. Ekki auðnaðist þessum landnemum að festa sig í sessi, því egginn voru oftast hirt (AI og AG 1955). Varpið leið undir lok á árunum 1958-59, því 14.6.1959 var ekkert hettumáfsvarp á svæðinu (AG). Eitt hettumáfshreiður var í Suðurnesi 1964 (ÆP). Um 1972-73 hófu hettumáfar að verpa í Gróttu, en steypt hefur verið undan þeim, jafnvel eftir að eyjan var friðlýst. Flest hafa hreiðrin verið 16-18, endranær engin, eða 1-2 eins og 1986 (GJ, JÓH).

Hettumáfar urpu að nýju við Búðatjörn árið 1982. Hinn 17.5. fundust 7 hreiður á Búðagranda og eitt hreiður í hólmanum. Varpið stóð einkum yfir dagana 19.-21.5., en 23.5. höfðu hreiðrin á malarkambinum verið rænd eða eyðilögð, en parið í hólmanum hafði yfirgefið bú sitt. Þann 29.5. fannst hreiður með 2 eggjum, en 4.6. voru allir hettumáfar horfnir frá tjörninni (JÓH). Loks má geta þess, að grunur leikur á, að eitt og eitt þar verpi í Dal í Suðurnesi, en þar urpu stöku þör á 6. áratugnum. Þar er kjörið varpland fyrir hettumáfa, fái þeir að vera í friði fyrir truflun.

Hettumáfur ver varplönd sín að litlu minna harðfylgi en kría. Því sækjast endur og vaðfuglar eftir að verpa í hettumáfsvörpum (sjá t.d. Fjelds 1975). Oft á tíðum er hettumáfur stimplaður "vargfugl", sem er afar hæpið, þó hann kræki sér í einn og einn vaðfugls- eða kriungu. Ef til vill þess vegna hefur varp hans á Seltjarnarnesi verið eyðilagt. Hettumáfur ætti geta fest rætur sem varpfugl, þar sem ákjósanlegt varpkjörlendi er að finna, ef umferð fólks er takmörkuð um varptímann og komið er í veg fyrir óhóflega eggjatínslu. Helstu staðir sem til greina koma eru Dalur í Suðurnesi, mýrlendið við austanverða Bakkatjörn og Búðatjörn. Samhliða hettumáfsvarpi má búast við blómlegri anda- og

vaðfuglavarpi.

Hettumáfar eru algengastir á haustin, frá ágústbyrjun fram í októberlok. Þá sjást stundum hátt í þúsund fuglar á Bakkatjörn og Nestúni, en þar er vinsæll setstaður máfa (sjá 8. mynd).

Hettumáfur er að hluta staðfugl í landinu. Ákaflega mismunandi er eftir árum, hversu margir fuglar sjást við Seltjarnarnes að vetrarlagi, þótt þeirra verði vart allan veturinn. Í fuglatalningum um jólaleytið hefur komið fyrir, að enginn hettumáfur hafi sést (30.12.1973), en svo hafa fundist allt að 1050 fuglar (26.12.1966). Meðaltalsfjöldi í talningu er 121 fugl.

19. Kría *Sterna paradisaea*. Krían er algengasti varpfugl Seltjarnarness. Hún velur hreiðri sínu stað í margs konar sléttlendi, í sandi og mól, á malarkömbum, túnnum, móum, í mosa og víðar. Nú er aðalvarpið í Gróttu, nálega 450 pör árið 1986. Á 6. áratugnum var varpið þar varla meira en 100 pör (AG). Friðlýsingin hefur vafalaust stuðlað að auknu varpi, þar eð kríur hafa orðið að færa sig annars staðar frá af Nesinu vegna útþenslu byggðar og mikillar truflunar frá fólki og gæludýrum.

Kríuvarpið á Valhúsaheð er liðið undir lok, og sömuleiðis varpið við Bollagarða. Kríurnar þar þrjóskuðust lengi við, urpu jafnvel í húsagrunna og á uppgröft úr þeim eftir að byggingaframkvæmdir hófust. Sömuleiðis eru kríur hættaðar að verpa á Bakka- og Kotagrandi. Á móti hafa myndast tvö ný vörp. Annað þeirra er í Dal á Snoppu, þar sem um 50-60 pör urpu árið 1986, en fyrstu skráðu upplýsingar um þetta varp eru frá árinu 1980 (KHS). Hitt varpið er við Bakkatjörn austanverða, í móunum sunnan Nesstofu. Þar er nú næststærsta kríuvarpið, lágmark 200 pör árið 1986. Fyrstu upplýsingar um varp á þessum stað eru frá því í júní 1980 (KHS). Kríur þrífast ágætlega í nábýli við manninn, s.s. við Nesbala, svo fremi sem þær verða ekki fyrir of mikilli truflun.

Í Suðurnesi hefur kríuvarp minnkað nokkuð. Árið 1953 urpu um 900 pör þar og á gröndunum (AI og AG 1955) og viðlíka fjöldi 1962 (AG). Árið 1986 voru aðeins tæplega 250 pör talin verpa á þessum slóðum, þar af 40-50 pör í móunum suður af Dalstjörn, sem er fremur nýlegur varpstaður. Aukin umferð kringum golfvöllinn og á gröndunum hefur sjálfsagt hrakið marga varpfugla frá, þó svo enn verpi tæplega 200 pör á vallarsvæðinu.

Tölur um fjölda varppara frá árinu 1986 voru fengnar með talningum í júní (11. mynd). Athuganir í Gróttu fóru fram 15.6., þar sem talið var á sniðum og síðan deilt í heildarflatarmál varpsins (sbr. Nettleship 1976). Einnig var talið eftir ljósmyndum af fljúgandi fuglum, sem fældir voru upp úr varpinu. Hámarksfjöldi var síðan margfaldaður með ákveðnum margföldunarstuðli, sem Bullock og Gomersall (1981) gefa upp. Aðferðir þessar gáfu svipaðar niðurstöður, svo aðeins síðarnefndu aðferðinni var beitt í Nesmóum 19.6. Í Suðurnesi og Dal á Snoppu var talið 8.6. Þar voru taldir fuglar á hreiðrum, eða gengið var um vörpin og taldir fuglar sem fældust upp af hreiðrum.

Kría er farfugl sem fer að sjást í apríllök til maíbyrjunar og hverfur undir mánaðamót ágúst/september. Seinast hefur kría sést 14.9.1969 (ÆP).

20. Þúfutittlingur *Anthus pratensis*. Verpur helst í graslendi og móum, votum sem þurrum. Engar handbærar tölur eru til um fjölda varppara hin síðari ár, en á 6. áratugnum urpu um 10 pör árlega á athugunarsvæðinu (AI og AG 1955). Varlega áætlað verpa nú um 15 pör á svæðinu, en æskilegt er að kanna fjölda og þéttleika þúfutittlinga með sömu nákvæmni og aðra varpfugla Seltjarnarness.

Þúfuttittlingur er farfugl sem fer að koma í seinni hluta apríl á vorin. Algengur fram eftir september, sést þá oft tugum saman, en í október hefur fuglum fækkað mikið. Stakir fuglar hafa sést tvisvar í talningum um jólaleytið (29.12.1957, 27.12.1959).

21. Músarrindill *Troglodytes troglodytes*. Árin 1983 og 1984 varp músarrindilspar í Gróttu, síðara árið e.t.v. tvö, þar eð þá sáust 4 fuglar allt sumarið. Síðsumars bæði árin sáust ungar (5-6), þótt hreiður hafi ekki fundist (GJ). Músarrindilshreiðrum er oft komið fyrir í gjótum, þannig að hlöðnu veggirnir í Gróttu eru úrvals hreiðurstaðir.

Músarrindill er annars vetrargestur á Seltjarnarnesi sem sést einkum á tímabilinu október til febrúar. Venjulega sjást aðeins 1-2 fuglar, og suma vetur hafa þeir alls ekki sést.

22. Maríuerla *Motacilla alba*. Verpur í yfirgefnum húsum, útihúsum og kofum. Hreiður hefur einnig fundist í viðarhlöðum og steinhleðslum, s.s. í Suðurnesvörðu og Búðatjarnarhólma. Líkt og með þúfuttittling skortir upplýsingar um varpútbreiðslu og þéttleika, en áætlað er, að um 10 pör hafi orpið á svæðinu 1986. Árið 1971 voru 4 hreiður í Suðurnesi, og árlega verpa 1-2 pör í Gróttu. Gera má ráð fyrir, að 4-5 pör verpi annars staðar á Seltjarnarnesi. Al og AG (1955) áætluðu um 5 pör árlega á fyrri helming 6. áratugarins.

Maríuerla er farfugl sem sést fyrst í seinni hluta apríl, og heldur til á Nesinu út ágúst. Sést nánast ekkert í september (3 fuglar 9.9.1983, HPH).

23. Steindepill *Oenanthe oenanthe*. Steindepillinn gerir sér hreiður í hlöðnum grjótgörðum, urðum, holum undir steinum o.s.frv. Á athugunarsvæðinu verpa varla fleiri en 5 pör, þar af 2-3 í Gróttu (GJ). Al og AG (1955) áætluðu 7-8 varppör um 1955. Varppörum hefur greinilega fækkað, þótt gögn þaraðlútandi þyrftu að vera betri.

Steindepill er alger farfugl, sem sést aðeins frá maíbyrjun út október.

24. Skógarþröstur *Turdus iliacus*. Tiltölulega nýr landnemi, sem mun hafa byrjað að verpa á Seltjarnarnesi á 7. áratugnum. Hann verpur í trjám í húsagörðum, aðallega í grenitrjám, þótt náttúrulegir varpstaðir hans séu á jörðu niðri innan um kjarr. Hann verpur einnig í fiskhjöllum, tónum kofum, utan á húsum, í skurðbökkum og víðar. Algengt er, að hann verpi oftast en einu sinni á sumri. Landnám skógarþrasta stendur í sambandi við aukna byggð og trjárækt.

Varpþéttleiki skógarþrasta hefur aðeins lauslega verið kannaður. Hinn 29.4.1986 voru taldir syngjandi karlfuglar í gördum, og reyndust þeir vera þrír. Í Gróttu eru árlega 1-2 hreiður (GJ). Hreiður hafa fundist í trönnum á Snoppu (HJ), og syngjandi fuglar hafa sést víðar á trönnum. Ætla má, að lágmark 5 pör verpi árlega á svæðinu, en þau eru vafalítið fleiri. Æskilegt er að kanna það betur.

Skógarþröstur er að mestu farfugl, en slæðingur af fuglum heldur til í þéttbýli allan veturinn. Hann er algengastur á haustin, þegar fuglarnir hópa sig. Flestir hafa sést 45 fuglar 27.10.1984 (HPH). Þeir hverfa að mestu í október. Fyrir 1971 sáust þrестir aldrei í fuglatalningum um jólaleytið, en síðan hafa þeir sést í nærri annarri hverri talningu, flestir 19 fuglar (28.12.1978).

25. Auðnutittlingur *Acanthis flammea*. Hóf að verpa í Reykjavík um 1950 í kjölfar aukinnar trjáræktar (Finnur Guðmundsson, munnl. uppl.).

Höfuðstöðvar hans hér á landi voru um langan aldur birkiskógar á Héraði og í Þingeyjarsýslum. Hann er fremur óreglulegur varpfugl víða um land, sem stafar öðru fremur af sveiflum í varpstofni og flakki milli landshluta (Kristinn H. Skarphéðinnsson 1982).

Auðnutittlingur er eina fuglategundin sem verpur eingöngu í trjám. Þótt við vitum ekki til þess, að hreiður hans hafi enn fundist á Seltjarnarnesi, eru sterkar líkur á því, að hann verpi nú orðið í elstu trjágörðunum. Í lauslegri könnun sem gerð var á fuglum í görðum 29.4.1986, sáust tvö pör með hreiður- eða óðalsatferli á svæðinu austan Lindarbrautar. Ósennilegt er, að varppör á Nesinu séu mikið fleiri en það.

Á Seltjarnarnesi var auðnutittlingur sárasjaldgæfur á árunum fyrir 1957 (AI og AG 1957). Á 7. áratugnum var hann enn sjaldséður (ÆP, ÁE) en sást þó stöku sinnum í jölatalningum (árin 1961, 1969 og 1970). Vorið 1971 bar töluvert á fuglum í görðum. Síðan hafa auðnutittlingar sést reglulega á Nesinu, að jafnaði annað hvert ár í talningum um jölaleytið, enda hefur varpstofninn á höfuðborgarsvæðinu stækkað til muna síðustu 3-4 áratugi. Flestir hafa verið 33 fuglar í einni talningu (26.12.1972).

26. Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*. Þessi fuglategund varp fyrrum á Seltjarnarnesi en hætti því árið 1952. Ekki er vitað til þess, að hreiður hafi fundist síðan, þótt fuglar hafi sést nokkrum sinnum að sumarlagi á líklegum varpstöðum. Hann hefur ávallt verið mjög algengur yfir vetrarmánuðina (AG og AI 1955).

Staða snjótittlings hefur ekkert breyst frá þessum tíma. Hann er mjög algengur í talningum um jölin. Vanalega sést einhver hundruð fugla, stundum á þriðja þúsund (flestir um 2600, 7.1.1984), stundum ekki nema fáir tugir. Að meðaltali sáust um 560 fuglar í talningu á tímabilinu 1957-1986.

27. Stari *Sturnus vulgaris*. Nýlegur landnemi af ætt spörfugla. Í Reykjavík hófu fyrstu stararnir að verpa vorið 1960, eftir að fjöldi stara hraktist hingað til lands frá Evrópu haustið áður (Skarphéðinn G. Þórisson 1981).

Fyrsta vísbending um staravarp á Seltjarnarnesi eru frá 1962, er þrír fleygir ungar sáust 28.7. milli Nýjabæjar og Bollagarða (Skarphéðinn G. Þórisson 1981, AG skrifl. uppl.). Ekki er þó útilokað, að þeir hafi klakist austan bæjarmarkanna.

Núna er stari allalgengur varpfugl á Nesinu. Hann verpur helst á húsum og byggingum en einnig í þartilgerðum hreiðurkössum. Hann verpur gjarnan oftar en einu sinni á sumri. Í lauslegri könnun 29.4.1986 sáust fuglar við 12 hreiður frá Lindarbraut austur að bæjarmörkum. Eitt par að auki sást fara á hreiður í gömlu vitavarðarhúsunum í Gróttu. Þar sást með hreiðurefni við Ráðagerði 19.4. og 42 starar sama dag í hóp á Framnesinu. Einnig fengust upplýsingar um nokkur pör, sem ekki komu fram í könnuninni 29.4. Samkvæmt þessu urpu a.m.k. 20 pör á athugunarsvæðinu 1986.

Í könnunum líffræðinema á árunum 1975-80 töldust að meðaltali um fjögur starapör á hvern kílómetra gatna í Reykjavík (Skarphéðinn G. Þórisson 1978, 1981). Ef sami þéttleiki fugla er á Seltjarnarnesi, voru þar 59 pör árið 1986, en samkvæmt Hrafn Jóhannssyni, bæjartækifræðingi, voru götur þá alls 14,65 km að lengd. Þessi tala er trúlega í hærri kantinum, enda aðeins gróf áætlun (sbr. Skarphéðinn G. Þórisson 1978). Sé miðað við lágmarkstölu þá er hann nefnir, voru varppörin um 30 árið 1986.

Fyrir miðjan 6. áratug var stari árviss vetrargestur (20-40 fuglar) á

austanverðu athugunarsvæðinu (AI og AG 1955). Hér var um erlenda vetrargesti að ræða, enda var stari þá ekki byrjaður að verpa á Suðvesturlandi.

Núna er stari algengur yfir vetrarmánuðina, en hann fór ekki að koma fram í fuglatalningum um jólin fyrr en 1970. Síðan hefur hann sést í nærri hverri talningu, að meðaltali 36 fuglar á ári, flestir 127 (28.12.1978).

28. Hrafn *Corvus corax*. Hrafnar hafa ekki um marga varpstaði að velja á Seltjarnarnesi. Þó byggði þar hreiður í Gróttuvita vorið 1972 en steipt var undan því (GJ). Ekki er vitað um fleiri varptilraunir, en hrafnar eru tíðir gestir í Gróttu á vorin.

Hrafnar eru algengastir á Seltjarnarnesi á veturna. Í fuglatalningum um jólaleytið hafa sést að meðaltali 24 fuglar í talningu, flestir 64 í einni talningu (4.1.1981).

3. VIDAUKI

Fuglar Seltjarnarness, aðrir en varptegundir

Skammstafaðra athugenda er getið í upphafi 2. viðauka. Í þessu yfirliti er einungis getið athugana til ársloka 1986 með fáeinum seinni athugunum. Umsögn um hverja fuglategund er yfirleitt ekki eins ítarleg og fyrir varptegundirnar í 2. viðauka.

1. Lómur *Gavia stellata*. Fremur fáséður vetrargestur (desember - febrúar), oftast stakir fuglar. Þó sáust tveir fullorðnir fuglar við Bollagarða 6.5.1974 (SGÞ). Flestir hafa sést saman þrír 26.12.1960 og fjórir 26.12.1971 í vetrarfuglatalningum. Tíðni er álíka síðustu áratugi og fyrir 1957.
 2. Himbrimi *Gavia immer*. Vetrargestur (desember - febrúar), en stakir fuglar sjást á sjó við Framnesið, sjaldan tveir saman. Flestir hafa sést þrír saman í talningum um jólaeytið (29.12.1957, 27.12.1959 og 26.12.1971). Virðist sjaldséðari hin seinni ár en áður.
 3. Flórgoði *Podiceps auritus*. Mjög sjaldgæfur gestur, sem þó er reglulegur varpfugl í nágrenninu (Ævar Petersen 1985). Fullorðinn fugl hélt til á Bakkatjörn dagana 1.6.- 5.7.1980 (KHS). Þetta er eina þekkta dæmið um flórgoða á Seltjarnarnesi.
 4. Fýll *Fulmarus glacialis*. Fýll hefur aldrei sést í fuglatalningum um jólaeytið. Um miðjan febrúar fer hann að koma upp að landinu og sést fram í september. Algengastur í mars og apríl, oft samfara loðnugöngum, en er einnig algengur í júní og ágúst. Sést oftast á flugi meðfram ströndinni, en er stundum í stórum hópum á sjó, tíðum við skólpræsi. Fýlum hefur fjölgað mjög frá því fyrir 1957, og er það sama þróun og annars staðar í landinu (Ævar Petersen 1985).
 5. Skrofa *Puffinus puffinus*. Á árunum milli 1950 og 1960 voru skrofur árvissar við Seltjarnarnes á vorin, aðallega frá 20. apríl fram í maíbyrjun. Sáust þá allt að 1000 fuglar í einu (AI og AG 1955). Mörg hin síðari ár hafa skrofur hins vegar verið sjaldgæfari við Innnes en áður, þótt þær séu enn mjög algengar við utanverðan Reykjanesskaga (Kristinn H. Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989). Ein sást 8.5.1965 (ÆP) og frá 11.6.-20.7.1986 sáust stakir fuglar eða smáhópar út af Suðurnesi (JÓH).
 6. Stormsvala *Hydrobates pelagicus*. Sést helst síðsumars. Dagana 13.-30.8.1980 sáust allmargar stormsvölur á flugi yfir hafi frá báti út af Suðurnesi og Gróttu, svo og inni á Kollafirði. Hinn 8.9.1980 sást ein við Suðurnes (Sigurður Blöndal). Hinn 8.8.1981 varð vart við stöðugt flug út af Nesinu á tímabilinu 13,00-20,00, séð frá báti í mynni Skerjafjarðar (GP). Þetta eru einu handbæru upplýsingar um tegundina frá Seltjarnarnesi, en vafalaust er stormsvala algengari en skráðar heimildir herma vegna þess, hve hafræn hún er.
 7. Súla *Sula bassana*. Gestur á svæðinu sem sést einkum á haustin (ágúst-september) en síðan ekki fyrr en á útmánuðum, mest þó á vorin (apríl-maí). Súlur sjást þó einnig að sumarlagi, þegar stundum má sjá tugi fugla. Hefur sést einu sinni í talningu um hávetur (26.12.1967).
- Súlur sjást oftast á flugi, en einnig sjást þær við fæðuöflun, svonefnt súlukast, jafnvel skammt undan landsteinum, s.s. við Gróttu. Oft sjást aðeins stakir fuglar. Á vorin má sjá súlur tugum saman, en flestar hafa þær verið um

200 (AI og AG 1955). Þær fylgja eflaust ætisgöngum fiska upp undir land, t.d. loðnu.

8. Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo*. Algengur vetrargestur frá öðrum stöðum á landinu og sést frá ágústbyrjun fram í miðjan apríl en er algengastur frá október til mars. Heldur sig á sjó og sést oft í hópum á skerjum, t.d. á Lönguskerjum og Kerlingarskeri (sjá 4. mynd), en einnig á flugi til og frá náttstað. Flestir hafa sést í talningu 27.12.1959 (108) og 26.12.1960 (114).

9. Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis*. Vetrargestur, sem sést einkum yfir háveturinn. Sést u.þ.b. annað hvert ár í talningum um jólaleytið, þá 1-5 fuglar, flestir hafa sést 14 (28.12.1978). Hefur sést í örfá skipti frá mars og fram í maí.

10. Gráhegri *Ardea cinerea*. Sjaldgæfur flækingur á Seltjarnarnesi. Tveir sáu 6.10.1913 og fimm 3.10.1929 (AI og AG 1957), tveir héldu til í Gróttu og grennd veturinn 1933-34 (Nýja Dagblaðið 25.2.1934), einn var á flugi við Bakkagrandu 29.12.1968 (ÁE), einn við Bakkatjörn 4.11.1976 (GJ), annar við Bakkagrandu 28.10.1980 (GP og KHS 1982) og einn í Eiðisvík 3.12.1987 (GP og EÓ 1989b). Gráhegri er árviss haust- og vetrargestur hér á landi, m.a. í nágrenni Reykjavíkur.

11. Hnúðsvanur *Cygnus olor*. Hnúðsvanspari af þýskum ættum var sleppt á Reykjavíkurtjörn árið 1958. Brátt myndaðist lítill varpstofn sem náði hámarksfjölda árin 1966-67, 15 til 20 fuglar. Síðan fækkaði fuglunum, uns sá síðasti sást í apríl 1977. Því er þessi saga rakin hér, að hnúðsvanirnir flökkuðu víða og sáu m.a. á Seltjarnarnesi (Ólafur K. Nielsen 1985).

12. Blesgæs *Anser albifrons*. Fargestur í landinu. Hefur sést einu sinni á Seltjarnarnesi, 14 fuglar á flugi norður yfir Bakkatjörn 7.5.1987 (JÓH).

13. Snjógæs *Anser caerulescens*. Flækingsfugl hér á landi. Fugl af dökka litarafbrigði þessarar amerísku tegundar, svokölluð "blágæs", náðist á Kotagrandu 3.7.1954 (AI og AG 1955, Finnur Guðmundsson 1956).

14. Helsingi *Branta leucopsis*. Fremur fátíður gestur á Nesinu, en verður vart um fartímann, oftast á flugi; síðast í apríl 1905 voru 2 skotnir á Nesinu (Hörring, dagb.), 15 voru við Suðurnes 6.9.1908 (Hörring, dagb.), einn á Snoppu 21.4.1963 (AG), sjö 1.5.1973 í hópi um 50 grágæsa er flugu frá Álftanesi yfir Seltjarnarnes (ÓKN), fimm 12. og 15.5.1982 á túninu við Nes (GP) og 34 á flugi yfir Bakkagrandu 13.9.1987 (JÓH).

15. Margæs *Branta bernicla*. Margæs var algeng á Nesinu vor og haust fram yfir 1930 (AI og AG 1957). Þá fækkaði fuglum þessarar tegundar, eins og annars staðar í landinu, vegna pestar sem kom upp í aðalfæðu þeirra, marhálmi (Árni Friðriksson 1936). Margæsum hefur nú fjölgað á ný og sjást m.a. í hundræðatali við Álftanes. Stöku fuglar, jafnvel hópar (allt að 50 fuglar í senn), hafa sést svo að segja á hverju vori á Seltjarnarnesi síðan 1979, aðallega á marhálmsgræðum við Suðurnes. Þessir fuglar hafa skamma viðdvöl. Þeir sjást frá því um miðjan apríl og fram í miðjan maí. Þó sáu stakir fuglar 7.6.1963 (ÆP) og 25.-26.3.1985 (HÞH). Margæsir hafa aðeins einu sinni sést á Nesinu að haustlagi hin síðari ár; stakur ungfugl 12.9.1982 (KGM).

16. Brandönd *Tadorna tadorna*. Flækingsfugl, sem hefur aðeins sést einu sinni á Nesinu; 3 fuglar 5.2.1922 (AI og AG 1957).

17. Rauðhöfðaönd *Anas penelope*. Þessi tegund sést meira eða minna allt árið um kring á Nesinu. Hún hefur þó ekki fundist verpandi þar. Á árunum 1952-54 sáu rauðhöfðaendur ekki reglulega, þótt veturinn 1952-53 hafi

þær stundum sést hundruðum saman (AI og AG 1955). Upp úr 1960 virðast þær hafa sést oftár á Nesinu en á 6. áratugnum. Árin 1956 og 1957 voru aldar upp endur frá Mývatni sem var sleppt á Reykjavíkurtjörn, þar af 51 rauðhöfðaönd (Finnur Guðmundsson 1962). Þær voru vængstýfðar, en sumar rauðhöfðaendur sem sáuust á Seltjarnarnesi á 7. áratugnum voru líklega afkomendur þessara alianda.

Nú sjást oftast nokkrar rauðhöfðaendur á Seltjarnarnesi, stundum einhverjir tugir, ekki síst yfir vetrarmánuðina. Þær halda sig mest á Bakkatjörn, minna á hinum tjörnunum, Dals- og Búðatjörn. Þær eru líka á sjónum, t.d. Seltjörn.

18a. Urtönd *Anas crecca*. Urtönd sést einkum á haustin á Seltjarnarnesi, frá ágúst og fram í nóvember. Þetta eru fuglar sem hafa komið annars staðar frá og halda til um tíma, uns þær fljúga suður á bóginn til vetrarheimkynna. Síðan sjást urtendir yfirleitt ekki aftur fyrr en að vori, í apríl-maí, þegar farfuglarnir snúa heim aftur. Urtendur hafa ekki komið fram í fuglatalningum um jólaleytið, en í desember-janúar 1952-53 héldu þó urtendur (allt að 11) til við Seltjarnarnes.

Segja má að tegundin sé árviss, en fjöldi fugla er ætíð lítill, yfirleitt stakir fuglar, alla vega færri en tugur.

Ólíkt rauðhöfðaöndum, sjást urtendur langoftast á Dalstjörn. Mun saltara vatn er í Bakkatjörn en Dalstjörn, og getur það verið ástæðan, enda sjást urtendur mun minna á sjó en rauðhöfðaendur.

18b. Amerísk urtönd *Anas crecca carolinensis*. Nær árviss flækingur hér á landi. Um 12.5.1980 sást karlfugl af þessari deilitegund urtandar við Dalstjörn í Suðurnesi (GP og KHS 1982).

19. Grafönd *Anas acuta*. Grafendur fóru ekki að sjást á Seltjarnarnesi að ráði fyrr en upp úr 1960. Fyrir þann tíma höfðu þær aðeins sést í fáein skipti (AI og AG 1957). Ástæðan er eflaust andaflutningarnir á Tjörnina í Reykjavík, en árin 1956 og 1957 var sleppt þar 59 mývetnskum graföndum. Líklegt er, að afkomendur þeirra hafi leitað í nokkrum mæli út á Seltjarnarnes, en á árunum 1963-65 sáu þær oft 2 pör (ÆP). Hugsanlegt er, að þær hafi orpið þar, þótt það hafi ekki verið staðfest.

Á síðari árum hafa grafendur sést árlega á Nesinu. Þær eru faliðar, yfirleitt 1-2 fuglar. Þeirra verður vart á öllum tímum árs, nema í júlí og fram eftir ágúst. Það er sá árstími sem þær eru í fjaðrafelli og ófleygar. Grafendur halda sig nokkuð jöfnum höndum á öllum tjörnunum.

20. Taumönd *Anas querquedula*. Árviss flækingur hér á landi og hefur sést tvisvar á Seltjarnarnesi; þar í Dal á Suðurnesi 26.6.1966 (ÆP o.fl.) og steggur á Bakkatjörn 26.5.1982 (GP og EÓ 1984).

21. Skeiðönd *Anas clypeata*. Sjaldgæfur gestur, sem sést helst á vorfartíma á Seltjarnarnesi. Skeiðendur hafa einnig sést síðsumars á Nesinu. Kunnugt er um eftirfarandi athuganir þaðan: steggur á Bakkatjörn og í grennd 6.-7.4.1954 (AI og AG 1955), þar á Dalstjörn 9.5.1975 (KHS), 2 steggir á Dalstjörn 2.7.1976 (ÓKN, SGÞ) og aftur 30.8. (IG, KHS), þar á Dalstjörn 16.5.1979 (GP), 1 á Bakkatjörn 2.8.1981 (JÓH), 1 steggur á Bakkatjörn 17.-19.5.1982 (JÓH, EÓÞ, GP), allt að 6 fuglar á Bakkatjörn dagana 3.-31.8.1982 (GÞ, KHS, EÓ, Haukur Bjarnason o.fl.) og þar 17.5.1987 (GP og EÓ 1989b).

22. Skutulönd *Aythya ferina*. Fyrst og fremst flækingsfugl hér á landi. Hefur sést þrisvar sinnum á Bakkatjörn; steggur 11.-17.6.1976 (KHS, ÓKN o.fl.), steggur 12.7.1979 (GP og KHS 1980) og tveir steggir 11.-12.11.1980

(GP og KHS 1982).

23. *Æðarkóngur Somateria spectabilis*. Árviss gestur á sjó hér við land, m.a. við Innnes. Stakir fuglar hafa sést alloft við Seltjarnarnes, aðallega á vorin; fullorðinn steggur kom í net við Bakka um 18.5.1907, steggur var skotinn laust fyrir 1940, ungur steggur sást við Suðurnes 19.4.1956 (AI og AG 1957), ungur steggur hélt sig við Bakkatjörn og nágrenni 9.5.-8.12.1980 (GP og KHS 1982). Loks sáust fullorðnir steggir 1.2.-2.5.1981, 21.11.-6.12.1981 (GP og KHS 1983) og 4.11.1983 (GP og EÖ 1985).

24. Straumönd *Histrionicus histrionicus*. Stöku fuglar sáust nokkrum sinnum á árunum milli 1950 og 1960 (AI og AG 1955). Hin seinni ár hefur aðeins einn fugl sést; steggur við Suðurnes 7.5.1971 (JÓH).

25. Korpönd *Melanitta fusca*. Árviss vor- og sumarflækingur hér á landi, sem hefur sést fjórum sinnum á Nesinu, jafnvel dvalið langdvölum, aðallega á Eiðisvík; steggur sást við Suðurnes 19.4.1953 (AI og AG 1955), ungfugl 22.3.-1.5.1980 (GP og KHS 1982), 11.4.-2.5.1981 (GP og KHS 1983) og ungur karlfugl 19.6.-16.8.1983 (GP og EÖ 1985). Fuglar þessir héldu sig með æðarfuglum.

26. Húsönd *Bucephala islandica*. Sjaldgæfur gestur; tvær kollur sáust 6.4.1907 (AI og AG 1957) og ungur steggur á Bakkatjörn 19.-21.5.1981 (Ólafur Einarsson o.fl.). Húsendur voru fluttar á Tjörnina á fyrri hluta 9. áratugarins. Síðan hafa nokkrir fuglar verið þar viðloðandi og haft vetursetu í Skerjafirði. Þær hafa m.a. sést í fuglatalningum milli jóla og nýárs.

27. Hvinönd *Bucephala clangula*. Árviss gestur hér á landi og sést flesta vetur á Skerjafirði. Nokkrir fuglar hafa sést á Bakkatjörn; steggur 1.-3.5.1963 (Arnþór Garðarsson 1968), ungfugl 5.10.-5.11.1975 (KHS, SGP o.fl.) og kolla 10.6.1980 (GP og KHS 1982).

28. Gulönd *Mergus merganser*. Sjaldgæfur vetrargestur, sem sést einkum í desember-febrúar (AI og AG 1955). Hefur sennilega fækkað við Seltjarnarnes hin síðari ár, en frá því um 1970 hafa gulendur aðeins sést tvisvar; stakir fuglar 25.12.1977 (KGM) og í fuglatalningu 29.12.1985.

29. Haförn *Haliaeetus albicilla*. Sást án efa við og við á Nesinu, á meðan ernir voru enn algengir á Suðvesturlandi, þótt aðeins sé vitað um eitt skjalfest tilvik; 11.12.1820 sá Faber (dagbók) marga erni á Seltjarnarnesi ("Apothekernæset", eins og hann kallaði það). Á síðustu áratugum hafa ernir sést þrisvar á Nesinu; fullorðinn fugl í júlí um 1947 (AI og AG 1955), ungur 11.1.1982 við Hrólfseskála (Ólafur Guðmundsson) og ungur fugl 22.-29.3.1986 við og við norðanvert Nesið (GJ o.fl.).

30. Fálki *Falco rusticolus*. Vetrargestur annars staðar af landinu og sést frá því í ágústlok og fram í apríl. Algengastur yfir háveturinn. Í fuglatalningum um jólaleytið sést fálki þriðja hvert ár að meðaltali, oftast stakir fuglar, en tvisvar sinnum hafa sést fjórir (27.12.1959, 29.12.1985).

31. Smyrill *Falco columbarius*. Haust- og vetrargestur annars staðar af landinu. Sést frá ágúst fram í febrúar, einu sinni í apríl (3.4.1983, KGM) og einu sinni í júlí (30.7.1964, ÆP). Yfirleitt eru stakir fuglar á ferð, tvisvar sinnum hafa þó sést tveir (26.11.1973, JÓH; 26.8.1983, HPH). Sést að meðaltali annað til þriðja hvert ár í vetrarfuglatalningum.

32. Gjóður *Pandion haliaetus*. Fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi, en hefur sést einu sinni á Nesinu; í september 1933 (AI og AG 1957).

33. Rjúpa *Lagopus mutus*. Sjaldgæfur gestur, og hafa stakir karrar sést þrisvar sinnum, allir í apríl; á Valhúsaæð 12.4.1951 (AI og AG 1955), í Suðurnesi 27.4.1980 (fundinn dauður, JÓH) og karri í Suðurnesi 21.4.1987 (JÓH).

34. Gulllóa *Pluvialis dominica*. Sjaldgæfur flækingsfugl frá N-Ameríku og Síberíu. Hún hefur sést einu sinni á Nesinu; við Bakkagrandu 11.8.1981 (GP og KHS 1983).

35. Grálóa *Pluvialis squatarola*. Árviss haust- og vetrargestur hér á landi, og hafa stakir fuglar sést nokkrum sinnum á Nesinu; 20.-22.4.1955 í Dal og á Bakkagrandu (AI og AG 1957), 6.-10.10.1979 í Bakkavík og á Nestúni (GP og KHS 1980), 11.8.1981 í Suðurnesbugt (GP og KHS 1983) og ein við Seltjörn 24.1.-22.2.1987 (GP og EÓ 1989b).

36. Vepja *Vanellus vanellus*. Árviss flækingsfugl hér á landi. Kemur einkum þegar vetrarhórkur eru í Evrópu, en sést einnig vor og haust. Hefur orpið níu sinnum hérlandis til og með 1987 (Ævar Petersen 1989). Vepjur sáu nokkrum sinnum að vetrarlagi á Seltjarnarnesi á árunum 1953-57 (AI og AG 1955). Hin síðari ár hafa þær sést sem hér segir: ein á flakki um Nesið frá hausti og fram að jólum 1972 (GJ), ein á Eiðisgranda 26.12.1979 (GP og KHS 1980) og ein 22.1.1982 (GP og EÓ 1984).

37. Rauðbrystingur *Calidris canutus*. Algengur fargestur á Íslandi vor og haust. Fyrstu fuglarnir fara að sjást um miðjan apríl og halda til á Seltjarnarnesi fram í júníbyrjun. Stundum hafa stakir hópar sést um miðjan mánuðinn.

Þegar í júlíbyrjun fara fuglar að sjást á ný og eru þá á leið suður á bóginn. Þeir sjást þó ekki í hundraðatali fyrr en um og upp úr miðjum mánuðinum. Í seinni hluta ágúst hefur fuglunum fækkað mikið aftur. Fram eftir september sjást einungis fáir fuglar, í mesta lagi nokkrir tugir. Rauðbrystingar hafa einstöku sinnum sést hér að vetrarlagi, t.d. í nóvember, desember og febrúar.

Fjöldi rauðbrystinga sem fer um Seltjarnarnes er vanalega 500-1000, þegar þeir eru í hámarki, í seinni hluta maí og um mánaðamót júlí/ágúst. Þó hafa sést allt að 3000 fuglar (AI og AG 1955).

38. Sanderla *Calidris alba*. Reglulegur fargestur hérlandis vor og haust. Hún er miklu sjaldséðari en rauðbrystingur, og vanalega sjást færri en 10 fuglar. Þó hafa sést allt að 52 saman (25.5.1985, GAG).

Á vorin sjást sanderlur aðeins í seinni hluta maí og rétt fram í júníbyrjun. Síðsumars fara þær að koma í júlílok og sjást fram í miðjan september. Á haustin eru fuglarnir miklum mun færri en á vorin. Sanderlur hljóta því að nýta sér mismunandi farleiðir vor og haust.

39. Mærutíta *Calidris minutilla*. Mjög sjaldséður flækingur hér á landi. Hefur sést einu sinni á Seltjarnarnesi; í Dal á Suðurnesi 9.8.1978 (KHS, ÖKN o.fl.).

40. Vaðlatíta *Calidris fuscicollis*. Árviss flækingsfugl frá N-Ameríku sem hefur sést nokkrum sinnum á Seltjarnarnesi undanfarin ár; við Dalstjörn 6.8.1978 (JÓH, KHS o.fl.), Bakkatjörn 3.-11.8.1980 (GP og KHS 1982), tvær við Bakkatjörn 2.-18.8.1981 (GP og KHS 1983) og við Dalstjörn 21.-25.7.1985 (GP og EÓ 1988).

41. Sendlingur *Calidris maritima*. Sést í fjörum Seltjarnarness í öllum mánuðum ársins. Sendlingar eru þó sjaldgæfir yfir hásumarið, mestallan

júní og fram í júlí. Þeir eru algengastir á fartíma á vorin, í apríl-maí, og hafa þá sést á annað þúsund fuglar. Á haustin eru þeir í hundrðatali frá því í ágúst og fram eftir. Yfir hávetrarmánuðina eru þar allt að nokkur hundruð fuglar, og stundum skipta þeir þúsundum (AI og AG 1955).

42. Efjutíta *Limicola falcinellus*. Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi; ein sást við Bakkatjörn 25.5.1985 (GP og EÓ 1988).

43. Rúkragi *Philomachus pugnax*. Árviss flækingur hérlendis, bæði vor og haust. Hefur sést einu sinni á Seltjarnarnesi; ungur karlfugl sást við Bakkatjörn 14.8.1980 (GP og KHS 1982).

44. Jaðrakan *Limosa limosa*. Sjaldgæfur gestur á Seltjarnarnesi sem hefur sést bæði að vor- og haustlagi; nokkrir fuglar í maí 1955 (AI og AG 1957), ellefu 27.4.1980, einn 4.5.1980 (JÓH), tveir við Bakkatjörn 12.-20.9.1983 (KGM o.fl.) og einn 13.10.1984 (HÞH).

45. Spói *Numenius phaeopus*. Spói er alger farfugl hér á landi. Hann sést eingöngu á Nesinu á tímabilinu apríllök-septemberbyrjun.

Fyrst að vorinu hafa spóar sést 27.4.1980 (JÓH). Þeir eru algengastir í maí og ágúst, en yfirleitt innan við tugur fugla. Flestir hafa sést 15 saman (8.8.1982, JÓH).

46. Fjöruspói *Numenius arquata*. Var árviss vetrargestur á Seltjarnarnesi fram yfir 1960 (ágúst-maí), og sást einnig að sumarlagi. Yfirleitt sáust 1-5 fuglar, flestir 10 (AI og AG 1955).

Fjöruspóar hafa verið fremur sjaldgæfir gestir síðan 1957 en hafa sést sem hér segir: 14.9.1958 (JBS, FG), 14.6.1959 við Búðir (AG), 26.12.1961 (13, PGB), 26.4.1963 (2, ÆP), 29.5.1963 (AG), 7.1.1965 (ÆP), 8.5.1965 (4, ÆP), 26.12.1967 (AI), 16.-17.10.1973 við Gróttu (JÓH, SGP), níu á flugi við Dal í Suðurnesi 5.10.1975 (KHS, SGP), 26.8.1978 við Gróttu (JÓH, KHS) og 8.3.1984 við Seltjörn (GP og EÓ 1986). Fjöruspóar eru styggir fuglar og er líklegt að aukin byggð og umferð á Nesinu hafi orsakað það, að þeir eru sjaldsæðir þar nú.

47. Sótstelkur *Tringa erythropus*. Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi. Fyrsti fuglinn sem sást hérlendis kom fram á Seltjarnarnesi, 22.9.1974 (Jim R. Wilson).

48. Tildra *Arenaria interpres*. Eins og rauðbrystingur og sanderla, er tildra fargestur hér á landi frá öðrum löndum. Hún kemur árlega við vor og haust á ferðalögum sínum milli varpstöðva og vetrarheimkynna. Sumar verða eftir og hafa vetrarsetu.

Mestur fjöldi af tildrum sést vanalega á vorin, í apríl-maí, þegar farfuglar koma hér við á leið norður. Í júníbyrjun eru þær flestar horfnar. Fáeinir fuglar hafa sumardvöl, en þá eru þær faliðastar miðað við aðra árstíma. Í seinni hluta júlí fara tildrur aftur að sjást í fjörunum í einhverjum mæli. Það eru fuglar eru að snúa til baka eftir sumardvöl á norðlægari slóðum. Þeir eru færri en á vorin, eins og sanderlur. Einhverjir tugir eða fá hundruð fugla dveljast síðan á Nesinu á haustin og allan veturinn.

49. Ískjóí *Stercorarius pomarinus*. Árviss fargestur hér á landi, en hefur aðeins sést einu sinni á Seltjarnarnesi; fullorðinn fugl við Hrólfs-skála 1.-2.8.1977 (KHS o.fl.).

50. Kjói *Stercorarius parasiticus*. Alger farfugl á landinu, sem sést á

tímabilinu seinni hluti apríl til fyrri hluta september. Jafnan sjást aðeins stakir eða fáir fuglar saman, nánast alltaf færri en tugur. Einu sinni sáust 10 saman (20.8.1983, JÓH). Kjóar eru af tveimur aðal litarafbrigðum. Af 37 kjóum sem voru greindir til litar, voru 26 dökkir (70%) en 11 ljósir (30%).

51. Fjallkjói *Stercorarius longicaudus*. Árviss fargestur hér á landi, sem er algengastur síðsumars. Hefur sést þrisvar sinnum á eða við Seltjarnarnes; fullorðinn fugl við Bakkatjörn og nágrenni 13.7.1979 (GP og KHS 1980), einn á flugi yfir Lönguskerjum 3.9.1983 (GP og EÓ 1985) og einn 2-3 sjóm. norðvestur af Gróttu 8.9.1985 (GP og EÓ 1988).

52. Skúmur *Stercorarius skua*. Sjaldséður við Seltjarnarnes og hefur ekki sést nema stöku sinnum, oftast í apríl (5 sinnum). Hefur einnig sést frá maí fram í október, eitt skipti í hverjum mánuði, nema tvisvar í september. Alltaf hafa stakir fuglar átt í hlut, nema einu sinni tveir.

53. Dvergmáfur *Larus minutus*. Árviss flækingsfugl hér á landi, og hefur sést nokkrum sinnum á Seltjarnarnesi á síðustu árum, aðallega við Bakkatjörn; fullorðinn 20.6.1974 í Dal í Suðurnesi (K.I. Collings), 11.-17.6.1976 (KHS, SGB o.fl.), 28.10.1979 ungfugl (GP og KHS 1980), alls 3 ungfuglar 5.-15.6.1980, þ.a. tveir saman 8.6.1980 (GP og KHS 1982), fullorðinn 20.10.1984 (GP og EÓ 1986), ungfugl 31.5.-8.6.1985 (GP og EÓ 1988), fullorðinn 12.-28.4.1986 (GP og EÓ 1989a) og ungfugl 19.6.1986 (GP og EÓ 1989a). Samantekt um dvergmáfa á Íslandi er að finna í grein Gunnlaugs Péturssonar (1987).

54. Þernumáfur *Xema sabini*. Sjaldgæfur gestur hér á landi sem hefur sést tvisvar á Seltjarnarnesi; tveir 20.8.1978, en annar þeirra sást aftur 26.8.1978 (KHS, ÖKN o.fl.) og 6.9.-28.10.1979 (GP og KHS 1980). Þetta voru allt fullorðnir fuglar, sem héldu til við Bakkatjörn og í nágrenni hennar. Gunnlaugur Pétursson (1987) tók saman grein um stöðu þessarar tegundar hér á landi.

55. Trjámafur *Larus philadelphia*. Sjaldgæfur flækingur frá N-Ameríku. Fyrsti fuglinn sem sást hér á landi fannst á Seltjarnarnesi; fullorðinn fugl í Dal 30.4.1954 (AI og AG 1957, Gunnlaugur Pétursson 1987).

56. Stormmáfur *Larus canus*. Sést nánast í öllum mánuðum, en þó varla í júní og ekki í júlí. Fyrst og fremst vetrargestur á Seltjarnarnesi. Yfirleitt sjást færri en 10 fuglar í hvert skipti, þótt einnig hafi sést á fjórða tug fugla.

57. Sílamáfur *Larus fuscus*. Farfugl hérlendis, sem byrjar að sjást á útmánuðum og sést fram eftir september, lítillega í október. Fyrstu fuglar hafa sést 8.3. (1953, AI og AG 1955; 1984, JÓH). Seinast hafa sílamáfar sést 27.10.1963 (ÆP) og 1 ungfugl á Bakkatjörn 14.12.1987 (JÓH).

Sílamáfar eru algengastir á vorin, í seinni hluta apríl, þegar sést hafa allt að 200 fuglar. Vafalaust eru þetta farfuglar á leið til varpstöðvanna, en þeir eru t.d. algengir varpfuglar í eyjunum á Kollafirði (Ævar Petersen 1985). Yfir hásumarið sjást sílamáfar yfirleitt lítið, en seinni hluta júlímánaðar og í ágúst eru tugir fugla á Nesinu. Þegar komið er fram í september, eru þeir flestir farnir af landinu.

58. Silfurmafur *Larus argentatus*. Fyrst og fremst vetrargestur á svæðinu. Fuglar fara að sjást í septemberlok og halda til allan veturinn fram eftir apríl. Jafnan eru fuglarnir fáir, nokkrir eða einhverjir tugir. Einu sinni hafa þó sést 117 í talningu um jölaleytið (PGB).

59. Bjartmáfur *Larus glaucoides*. Vetrargestur hérlendis. Sést á Seltjarnarnesi frá september og fram í maí. Algengastur yfir háveturinn, desember-febrúar. Flestir hafa sést á þriðja hundrað fuglar.

60. Hvítmáfur *Larus hyperboreus*. Algengasta máfategundin við Seltjarnarnes. Mest ber á hvítmáfum á veturna, en þeir sjást í öllum mánuðum ársins, minnst yfir hásumarið.

Í september-október fjölga hvítmáfum mjög. Þeir eru algengastir yfir hávetratímann, þegar fuglar skipta hundruðum, stundum á annað þúsund. Þessari tegund hefur greinilega fjölgað, enda hafa oft sést 500-1000 fuglar í vetrarfuglatalningum, en á 6. áratugnum sáust hámark 200 fuglar (AI og AG 1955). Í apríl eru fáir hvítmáfar eftir, enda þorrinn kominn á varpstöðvar sínar annars staðar í landinu og e.t.v. á norðlægari slóðir.

61. Svartbakur *Larus marinus*. Aðallega vetrargestur. Þeim fer að fjölga verulega þegar komið er fram í október, og hundruðir fugla halda til fram í apríl. Svartbakar eru sjaldséðastir á sumrin.

Svartbaki hefur fækkað talsvert síðustu áratugi. Nú á tímum sjást vanalega 1-300 fuglar í talningu, en voru gjarnan um eða yfir 500 á 6. og 7. áratugnum. Flestir hafa sést 4740 fuglar í vetrarfuglatalningu (30.12.1956). Fækkun þeirra er eflaust að einhverju leyti tengd flutningi öskuhauganna af Eiðisgranda upp í Gufunes (sjá 1. mynd í grein Finns Guðmundssonar 1954).

62. Rita *Rissa tridactyla*. Sést allan ársins hring, en einna sjaldgæfust frá hausti (september) fram á útmánuði. Annars er fjöldi fugla mjög breytilegur eftir árum, og fer það líklega mest eftir því, hvort ætisgöngur eru í sjónum undan Seltjarnarnesi. Notar setstaði á Framnesinu (8. mynd). Algengust á tímabilinu febrúar-maí, þegar fuglar geta skipt hundruðum, jafnvel þúsundum.

63. Langvía *Uria aalge*. Fremur sjaldséð við Seltjarnarnes. Á árunum 1950 til 1960 sáust fáeinir í nóvember-desember og stöku fuglar á sumrin fram í ágúst. Hún var þó algengust í apríl (AI og AG 1955). Hin síðari ár hefur langvía verið sjaldséðari; ein við Suðurnes 19.5.1965 (ÆP), ein (olíuötuð) við Suðurnes 5.11.1971 (JÓH), ein 9.4.1974 (JÓH), fjórar fundnar dauðar 10.6.1974 og ein fundin dauð í Suðurnesi 21.5.1982 (GP). Algengur vetrarfugl dýpra úti á Faxaflóa.

64. Stuttnefja *Uria lomvia*. Sjaldgæfur gestur; ein 29.3.1953, ein 31.3.1955 (AI og AG 1957) og 26.4.1971 fannst ein sjórekin við Bollagarða (JÓH).

65. Álka *Alca torda*. Á árunum 1950-60 voru álkur árvissir vetrargestir við Seltjarnarnes en þó algengastir í apríl (ein í júlí). Flestir fuglar sem sáust voru ataðir olíu (AI og AG 1955). Hin seinni ár hafa álkur verið sjaldgæfar við Nesið; ein olíuötuð í Suðurnesi 29.1.1967 (ÁE), nokkrar olíuataðar í Suðurnesi 5.11.1971 (JÓH), 5-10 við Suðurnes 15.4.1975 (JÓH), ein á Bakkavík 14.2.1982 (JÓH) og ein 30.12.1984 (AI). Álka er algeng lengra úti á Faxaflóa.

66. Teista *Cephus grylle*. Aðallega vetrargestur á sjónum umhverfis Nes og sést ekki á sumrin fram á haust. Vanalega eru fuglar innan við tugur, en þó hafa sést allt að 13 (7.3.1973, JÓH, SGP).

Teistum hefur líklega fjölgað við Seltjarnarnes á seinni áratugum, miðað við á 6. áratugnum (sbr. AI og AG 1955, 1957).

67. Haftyróill *Alle alle*. Sjaldgæfur vetrargestur; nokkrir fuglar sáust

kringum áramótin 1953/54, flestir 6 að tölu 20.12.1953 (AI og AG 1955), 4-5 við Suðurnes 5.4.1967 (ÆP), einn á flugi við Suðurnes 17.1.1976 (IG, KHS), tveir 16.2.1982 (KGM) og einn útaf Seltjörn 2.4.1986 (JÓH).

68. Lundi *Fratercula arctica*. Sumargestur, sem verpur í Akurey og Lundey á Kollafirði. Hverfur frá landinu í september en snýr til baka í seinni hluta apríl.

Fuglar halda sig nokkuð djúpt undan landi og sjást lítið upp undir landsteinna á Seltjarnarnesi. Ef svo er, eru það helst veikir eða olíumengaðir fuglar, sem leita upp í fjörur. Úti fyrir má sjá hundruði eða þúsundir fugla á flugi til og frá vörpunum inni á Kollafirði.

69. Snæugla *Nyctea scandiaca*. Sjaldgæfur flækingur á Seltjarnarnesi og ætíð stakir fuglar; í janúar 1897, 10.6.1897, í Suðurnesi frá 11.11.1951 fram yfir áramót (AI og AG 1955) og 1 við Dalstjörn í mars 1985 (GP og EÓ 1988).

70. Brandugla *Asio flammeus*. Fremur sjaldséður gestur og aðeins stakir fuglar hafa sést; 18.3. og fram í apríl 1951 (Bakkakot - Lambastaðatún), ein nýdauð á Bakkagranda 4.2.1953 (AI og AG 1955), 27.9.1963 við Bakkatjörn (ÆP), 5.3.1967 í Suðurnesi, lausafregnir voru um branduglu við Nes 1973, 28.12.1974 í Suðurnesi (AG), 2.3.1975 í Suðurnesi (IG, JÓH), ein fannst vængbrotin í Suðurnesi 16.4.1976 (Anon), ein sást í Suðurnesi 31.12.1977 (Þorvaldur Björnsson), 20.10.1978 á Snoppu (JÓH) og 25.8.1984 í Suðurnesi (JÓH o.fl.).

71. Múrsvölungur *Apus apus*. Árviss flækingur hér á landi; einn sást á Seltjarnarnesi 19.6.1983 (GP og EÓ 1985).

72. Landsvala *Hirundo rustica*. Árviss flækingur að vor- og sumarlagi á Íslandi. Þó hefur hennar aðeins einu sinni orðið vart á Seltjarnarnesi; ein flaug 23.4.1987 inn um glugga að Selbraut 3, var handsömuð og sleppt í Hljómskálagarðinum í Reykjavík (GP og EÓ 1989b).

73. Bæjasvala *Delichon urbica*. Árviss flækingur að vor- og sumarlagi hér á landi og hefur orpið. Stakir fuglar sást á Seltjarnarnesi 17.6.1976 (IG, JÓH) og 13.6.1979 (GP og KHS 1980).

74. Grábröstur *Turdus pilaris*. Reglubundinn vetrargestur í landinu. Ekki eru árlegar fregnir um hann af Seltjarnarnesi, og AG og AI (1955) segja hann óreglulegan gest fyrir 1955. Kunnugt er um þessar athuganir eftir 1957; 14 fuglar 22.1.1967, þ.a. 13 við Eiði og 1 í Gróttu (ÁE), 3 við Bakkatjörn og á Snoppu 26.12.1972 (AI), 1 á Bakkagranda 26.2.73 (JÓH), 8 á Snoppu 7.3.1973 (JÓH, SGP), 2 á Snoppu 31.1.1976 (KHS), 1 á Kotagranda 26.12.1977 (AI), 1 á Kotagranda 31.12.1977 (KGM), 2 nálægt Valhúshæð 20.1.1980 (GP og KHS 1982) og 1 við Dal í Suðurnesi 17.12.1983 (GP og EÓ 1985).

75. Bókfinka *Fringilla coelebs*. Árviss flækingur hér á landi og hefur orpið (Kjartan G. Magnússon 1986). Stakur kvenfugl sást á Eiðisgranda 26.12.1979, en daginn eftir voru fimm fuglar á sama stað (GP og KHS 1980) og einn karlfugl sást við Nesveg 13.12.1985 (GP og EÓ 1988).

76. Sportittlingur *Calcarius lapponicus*. Óreglulegur fargestur hérlendis. Hefur sést tvisvar á Seltjarnarnesi; 10.5.1906 var einn skotinn þar (AG og AI 1957) og ungfugl sást 27.-28.9.1962 (FG, JBS o.fl.).